

Kitáb-i-Íqán

Bók fullvissunnar

Opinberuð af Bahá'u'lláh

• • •

Efnisyfirlit

Fyrri hluti

Seinni hluti

Nafna- og orðskýringar

Skýringar og tilvísanir

• • •

*

Þetta er dagurinn þegar vitnisburður Guðs hefur verið staðfestur, dagurinn þegar orð Guðs hefur verið opinberað og órækar sannanir Hans lagðar fram. Raust Hans kallar yður til þess sem koma mun yður að gagni og hvetur yður til að gæta þess sem gerir yður kleift að nálgast Guð, Drottin opinberunar.

—Bahá'u'lláh

*

Formáli

Þetta er enn ein tilraun til að kynna Vesturlöndum, hversu ófullnægjandi sem orðfærið er, þessa bók sem á engan sinn líka meðal rita Höfundar bahá'í opinberunarinnar. Vonast er til að hún geti komið öðrum að liði í viðleitni þeirra til að nálgast það markmið sem alltaf hlýtur að teljast óframkvæmanlegt – viðeigandi framsetningu á óviðjafnanlegum orðum Bahá'u'lláh.

—Shoghi

*

Fyrri hluti

Í NAFNI DROTTINS VORS, HINS UPPHAFNA, HINS HÆSTA.

Enginn maður kemst til sjávarstranda sanns skilnings nema hann snúi baki við öllu sem er á himnum og á jörðu. Helgið sálir yðar, ó þjóðir jarðarinnar, svo þér megið hljóta þá stöðu sem Guð hefur fyrirhugað yður og stígið síðan inn í helgidóminn sem að ráði forsjónarinnar hefur verið reistur á festingu Bayánsins.

Innsta merking þessara orða er sú, að þeir sem feta stigu trúarinnar og þyrstir í vín fullvissunnar verða að hreinsa sjálfa sig af öllu jarðnesku – eyru sín af fánýtu hjali, huga sinn af hégómlegum ímyndunum, hjörtu sín af veraldlegum ástríðum, augu sín af því sem glatast. Þeir verða að setja traust sitt á Guð, halda fast við Hann og ganga á vegum Hans. Þeir munu þá verða verðugir dýrðarljómans frá sól himneskrar þekkingar og skilnings og þiggja miskunn sem er takmarkalaus og ósýnileg. Því maðurinn getur aldrei vænst þess að öðlast þekkingu á Hinum aldýrlega né drekka vatn himneskrar þekkingar og visku og ganga inn í híbýli ódauðleikans eða teyga af bikar guðlegrar nálægðar og gjafmildi nema og þangað til hann hættir að líta á orð og gerðir dauðlegra manna sem mælikvarða á raunverulegan skilning og viðurkenningu á Guði og spámönnum Hans.

Leið þér í huga liðna tíma. Hversu margir, bæði háir og lágir, hafa ekki á öllum tímum beðið þess óþreyjufullir að Guð birtist í heilögum persónum sinna útvöldu? Hve oft hafa þeir ekki vænst komu Hans, hve oft sárþænt um að blær guðlegrar miskunnar mætti anda og Fegurðin fyrirheitna fella huliðsblæjuna og opinbera sig öllum heimi? Og ætíð þegar hlið náðarinnar opnuðust, ský himneskrar gjafmildi sendu regn sitt yfir mannkynið og ljós Hins ósýnilega birtist yfir sjónarrönd himnesks máttar, afneituðu þeir Honum allir sem einn og sneru baki við ásjónu Hans – ásýnd Guðs sjálfs. Lestu það sem stendur skrifað í öllum helgum bókum til að ganga úr skugga um sannleiksgildi þessara orða.

Huga þig um eitt andartak og íhuga hvernig á því stendur að þeir sem hafa leitað af svo mikilli alvöru og ástríðu afneituðu sannleikanum með slíkum hætti. Árásir þeirra hafa verið grimmilegri en hægt er að lýsa í orði eða riti. Aldrei hefur opinberandi heilagleikans birst að Hann hafi ekki verið hrjáður með afneitun, frávisun og ofsafengnum mótþróa þeirra sem voru í kringum Hann. Því hafa þessi orð verið opinberuð: „Ó eynd og lánleysi mannanna! Sá boðberi kemur ekki til þeirra að þeir hafi Hann ekki að athlægi.“¹ Og enn fremur sagði Hann: „Sérhver þjóð hefur ráðið boðbera sínum banaráð og reynt að hrekja sannleikann með falsrökum.“²

Óteljandi eru einnig þau orð sem hafa streymt frá uppsprettu valds og stigið niður frá himni dýrðar, ofar venjulegum mannlegum skilningi. Þeim sem eru gæddir sönnum skilningi og innsæi nægir án efa súra Húds. Hugleið um stund þessi heilögu orð í hjarta þínu og reyn í algjörri andlegri lausn að skilja merkingu þeirra. Íhuga undursamlegar athafnir spámanna og minnstu þeirrar ófrægingar og afneitunar sem kom frá börnum synjunar og fals svo að þú megir koma því til vegar að fugl mannshjartans flýi híbýli gáleysis og efa og leiti í hreiður trúar og fullvissu, drekki af hreinum vötnum fornrar visku og neyti ávaxta af tré himneskrar þekkingar. Slíkur er skerfur hinna hreinhjörtuðu af brauðinu sem hefur stigið niður frá ríkjum eilífðar og heilagleika.

Ef þú kynnir þér auðmýkingarnar sem féllu spámönnum Guðs í hlut og skilur hvað vakti í rauninni fyrir kúgurum þeirra þegar þeir andmæltu þeim, munt þú án efa gera þér grein fyrir mikilvægi stöðu þeirra. Og því betur sem þú hugleiðir afneitun þeirra sem voru andsnúnir opinberendum himneskra eiginleika, þeim mun stöðugri verður trú þín á málstað Guðs. Þess vegna skal í þessari töflu drepið stuttlega á ýmsar frásagnir um spámenn Guðs svo að þær megi varpa ljósi á þann sannleika að birtendur valds og dýrðar hafa alltaf verið beittir svo svívirðilegri grimmd að enginn penni dirfist að færa það í letur. Þetta gæti kannski orðið til þess að einhverjir hætti að láta glepjust af háreysti og mótbárum guðsmanna og hinna fávísu á þessari öld og styrkist í trausti og fullvissu.

Meðal spámanna var Nói. Í níu hundruð og fimmtíu ár hvatti Hann þjóð sína í bænarahug og kallaði hana til griðastaðar öryggis og friðar. Samt gaf enginn boðskap

Hans gaum. Á hverjum degi sætti blessuð persóna Hans slíkum raunum og þjáningum af völdum manna að engum kom til hugar að Hann myndi lifa það af. Hversu oft afneituðu þeir Honum ekki, hve meinfýsilega létu þeir ekki í ljós tortryggni sína í Hans garð! Því voru þessi orð opinberuð: „Og ætíð þegar flokkur manna Hans gekk fram hjá Honum hæddu þeir Hann. Hann sagði við þá: „Eins og þér spottið oss núna þannig munum vér og spotta yður, líkt og þér spottið oss. Að endingu munuð þér sjá!“³ Löngu seinna lofaði Hann félögum sínum sigri nokkrum sinnum og tiltók stundina. En stundin rann upp og hið guðlega fyrirheit rættist ekki. Þetta fékk nokkra meðal örfárra fylgjenda Hans til að snúa við Honum baki, eins og texti hinna þekktustu bóka vitnar um. Þú hefur áreiðanlega lesið þær; ef ekki munt þú án efa kynna þær þær. Að lokum voru aðeins fjörutíu eða sjötíu og tveir af fylgjendum Hans eftir með Honum eins og skýrt er frá í bókum og arfsögnum. Að lokum hrópaði Hann úr djúpum verundar sinnar: „Drottinn! Lát Þú engan vantrúarmann verða eftir á jörðinni!“⁴

Og íhuga nú eitt andartak villu þessa fólks. Hvað gat verið að baki slíkri frávísun og höfnun? Hvað hafði fengið það til að neita að varpa af sér klæðum afneitunar og skryðast kyrtli viðurkenningar? Og hvað hafði valdið því að hið guðlega fyrirheit, sem fékk leitendurna til að afneita því sem þeir höfðu viðurkennt, rættist ekki? Hugsa þig vel um til þess að leyndardómar ósýnilegra hluta megi birtast þér og þú fáir andað að þér sætleika andlegs og ótortímanlegs ilms og viðurkennt þann sannleika, að frá ómunatíð og um alla eilífð hefur Hinn almáttugi reynt og mun halda áfram að reyna þjóna sína svo að hægt verði að greina ljós frá myrkri, sannleika frá falsi, rétt frá röngu, leiðsögn frá villu, hamingju frá lánleysi og rósir frá þyrnum. Líkt og Hann hefur opinberað: „Halda mennirnir að þeir verði látnir í friði ef þeir segja: ‚Við trúum‘ án þess að reynt sé á trú þeirra?“⁵

Og eftir daga Nóa birtist ljómi ásýndar Húds yfir sjónarrönd sköpunarinnar. Í næstum sjö hundruð ár, að sögn manna, hvatti Hann mennina til að beina augum sínum að Riðván hinnar guðlegu návistar og nálgast hana. Hvílíkt úrhelli þjáninga steyptist ekki yfir Hann. Að lokum báru innilegar hvatningar Hans ávexti í enn meiri uppreisn og ítrekaðar tilraunir Hans enduðu í vísvitandi blindni þjóðar Hans. „Og vantrú mun aðeins steypa hinum vantrúuðu í enn meiri glötun.“⁶

Og að Honum liðnum steig fram frá Riðván Hins eilífa, hins ósýnilega, heilög persóna Šálih sem kallaði mennina aftur til fljóts eilífs lífs. Í meira en 100 ár hvatti Hann þá til að halda fast við boð Guðs og forðast það sem var bannað. Áminningar Hans báru samt engan árangur og bænir Hans urðu til einskis. Nokkrum sinnum dró Hann sig í hlé og lifði í einangrun. Allt þetta gerðist þótt sú eilífa fegurð kallaði mennina ekki til neins annars en borgar Guðs. Því voru þessi orð opinberuð: „Og til ættbálks Thamúds sendum Vér bróður þeirra Šálih. ‚Ó þjóð mín,‘ sagði Hann, ‚tilbiðjið Guð, þið hafið engan Guð nema Hann...‘ Þeir svöruðu: ‚Ó Šálih, fram til þessa hafa vonir okkar verið festar á þér; bannar þú okkur að tilbiðja það sem feður okkar tilbáðu? Vissulega tortryggjum við það sem þú áformar okkur.“⁷ Allt varð þetta til einskis uns loks steig upp mikið óp og allir féllu í algjöra glötun.

Seinna birtist fegurð ásýndar vinar Guðs⁸ undan blæjunni og annar fáni guðlegrar leiðsagnar var dreginn að hún. Hann bauð íbúum jarðarinnar að nálgast ljós réttlætisins. Því ákafar sem Hann hvatti þá, þeim mun meiri varð öfund og vegvilla þeirra, að undanskildum þeim sem höfnuðu öllu nema Guði og risu upp á vængjum fullvissu til þeirrar stöðu sem Guð hafði upphafið ofar skilningi manna. Það er vel kunnugt hvílíkur óvinaskari sat um Hann, uns eldur öfundar og uppreisnar tendraðist að lokum gegn

Honum. Og eftir viðburð eldsins var Hann, lampi Guðs meðal manna, rekinn út úr borg sinni eins og skráð er í öllum bókum og króníkum.

Og að Honum gengnum kom röðin að Móse. Hann skein frá Sínaí ljóssins á veröldina, vopnaður sprota himneskra yfirráða og prýddur hvítri hönd himneskrar þekkingar steig Hann fram frá Páran ástar Guðs og hóf upp höggorm valds og eilífrar tignar. Hann kallaði allar þjóðir og ættkvíslir jarðar til ríkis eilífðarinnar og bauð þeim að eta af ávöxtunum af tré tryggðarinnar. Þér er án efa kunnugt um heiftuga andstöðu faraós og þjóðar hans og um þá steina fánýtra ímyndana sem hendur hinna guðlausu grýttu í það blessaða tré. Svo mjög ágerðust þessir hlutir að faraó og þjóð hans reis að lokum upp og gerðu sitt ítrasta til að slökkva með vatni fláræðis og afneitunar eld þess heilaga trés og gleymdu þeim sannleika að ekkert jarðneskt vatn getur slökkt loga guðlegrar visku og enginn dauðlegur gjóstur slökkt á lampa eilífra yfirráða. Nei, slíkt vatn magnar aðeins eldinn og sá gjóstur tryggir einungis öryggi lampans, ef þér horfið skilningsríkum augum og gangið vegu heilags vilja og velþóknunar Guðs. Hversu vel hefur ekki átrúandi af ætt faraós sem Hinn aldýrlegi hefur sagt frá í bókinni, sem var opinberuð Hans ástfölgna, komist að orði: „Og maður af fjölskyldu faraós sem var átrúandi og leyndi trú sinni, sagði: „Ætlið þér að veða mann vegna þess að hann segir Drottinn minn er Guð, þegar Hann hefur komið til yðar með tákni frá Drottni yðar? Sé hann lygari, mun lygi hans bitna á honum, en sé hann sannleikans maður kemur hluti þess sem hann hótaði yfir yður. Sannlega leiðbeinir Guð ekki þeim sem er yfirtroðslumaður, lygari.“⁹ Að lokum ágerðist ójöfnuður þeirra svo að þessi sami átrúandi var líflátinn á skammarlegan hátt. „Bölvun Guðs hvíli yfir kúgunum.“¹⁰

Og íhuga nú þessa hluti. Hvað gæti hafa valdið slíkum deilum og sundurlyndi? Hvernig stendur á því að slíkar þrætur og uppnám, slík kúgun og umbrot, hafa fylgt komu sérhverrar sannrar birtingar Guðs? Þetta hefur gerst þrátt fyrir þá staðreynd, að í hvert sinn sem spámenn Guðs voru birtir þjóðum heims hafa þeir undantekningalaust sagt fyrir komu annars spámanns eftir sinn dag og kunnbert tákni sem boðuðu komu framtíðar trúarkerfa. Textar allra heilagra bóka bera þessu vitni. Hvernig stendur á því, að þrátt fyrir eftirvænting manna í leit sinni að birtendum heilagleikans og tákni sem standa skrifuð í helgiritunum, eru slík ofbeldis-, kúgunar- og grimmdarverk gegn öllum spámönnunum og hinum útvöldu Guðs framin á hverri öld og trúarhringrás? Þess vegna hefur Hann opinberað: „Ætíð þegar postuli kemur til yðar með það sem sálir yðar vilja ekki, bólgnið þér upp af drambi, sakið suma um svik og drepíð aðra.“¹¹

Íhuga – hver er ástæðan að baki slíkum gerðum? Hvað gat valdið slíkri framkomu gagnvart opinberendum fegurðar Hins aldýrlega? Hvaðeina sem fyrr á dögum olli höfnun og andstöðu þessa fólks hefur nú leitt til þverúðar manna á þessari öld. Að halda því fram að vitnisburður forsónarinnar hafi verið ófullkominn, og sú sé ástæðan fyrir afneitun manna, er aðeins augljóst guðlast. Hve fjarri væri það eigi náð Hins almiskunnsama, ástríkri forsón Hans og mildri miskunn, að útvelja eina sál meðal allra manna til að leiðbeina skepnum Hans, meina henni annars vegar um fullan skerf guðlegs vitnisburðar og beita þjóð hennar hins vegar ægilegri refsingu fyrir að hafa snúið sér frá Hans útvöldu sál! Nei, margvíslegar vildargjafir Drottins allra verunda hafa ætíð streymt yfir jörðina og alla sem á henni dvelja fyrir milligöngu þeirra sem opinbera guðdómlegt eðli Hans. Ekki eitt andartak hefur Hann haldið aftur af náð sinni og aldrei hefur regn gæsku Hans og ástríkis hætt að falla á mannkynið. Þar af leiðandi getur slík hegðun ekki stafað af neinu öðru en smásálarhætti þeirra sálna sem reika í dölum hroka og dramb, eru týndar á auðnum fjarlægðar, láta stjórnast af fánýtum ímyndunum og fylgja boðum trúarleiðtoga sinna. Fyrir þeim vakir aðeins mótþrói; það eina sem þeir prá er að virða

sannleikann að vettugi. Sérhverjum glöggum áhorfanda er ljóst að hefðu þessir menn helgað augu sín, eyru og hjörtu á dögum sérhvers opinberanda sólar sannleikans frá öllu sem þeir höfðu séð, heyrt og skynjað, hefðu þeir vissulega hvorki farið varhluta af fegurð Guðs né villst langt frá hóbýlum dýrðarinnar. En þegar þeir lögðu mælistiku sinnar eigin þekkingar, sem þeir höfðu úr kenningum trúarleiðtoga sinna, á vitnisburð Guðs og sáu að hann fór í bága við takmarkaðan skilning sinn, hófu þeir að fremja svo ósæmilegar gerðir.

Trúarleiðtogar sérhverrar aldar hafa hindrað fylgjendur sína frá því að ná til stranda eilífs hjálpræðis því að stjórntaumarnir voru í völdugum höndum þeirra. Þeir urðu þess valdandi að mennirnir voru afræktir – sumir vegna þess að þeir þráðu völd, aðrir vegna þess að þá skorti skilning og þekkingu. Með þeirra leyfi og í krafti yferráða þeirra hefur sérhver spámaður Guðs drukkið úr bikar fórnarinnar og tekið flugið til hæða dýrðarinnar. Hve óumræðileg eru ekki þau grimmdarverk sem þeir, er sitja í sessi myndugleika og lærdóms, hafa framið gegn sönnum einvöldum heimsins, þessum gimsteinum himneskrar dyggðar! Þeir létu sér nægja tímabundin yferráð og sviptu sig um leið eilífum völdum. Þannig sáu augu þeirra ekki ljós ásýndar Hins heittelskaða og eyru þeirra heyrdðu ekki þá ljúfu söngva sem fuglar þárinnar sungu. Þetta er ástæðan fyrir því að í öllum heilögum bókum hefur verið minnst á guðsmenn sérhverrar aldar. Því sagði Hann: „Ó fylgjendur bókarinnar! Hvers vegna trúist þér ekki á tákni Guðs sem þér sjálfir hafið séð?“¹² Og Hann sagði einnig: „Ó fylgjendur bókarinnar! Hvers vegna hjúpið þér sannleikann falsi? Hvers vegna felið þér sannleikann vísvitandi?“¹³ Enn sagði Hann: „Seg, ó fylgjendur bókarinnar, hvers vegna beinið þér átrúendum af vegi Guðs.“¹⁴ Það er augljóst, að með „fylgjendum bókarinnar“ sem hafa hrakið náunga sína af hinum beina vegi Guðs er ekki átt við neina aðra en guðsmenn þeirra tíma. Nöfn þeirra og skapgerðareinkenni hafa verið opinberuð í hinum heilögu bókum og til þeirra vísað í þeim versum og arfsögnum sem þar eru skráðar, ef þú aðgætir með auga Guðs.

Lít um stund með stöðugu og einörðu augnaráði, fæddu af óskeikulu auga Guðs, yfir sjónarrönd himneskrar þekkingar og íhuga þau orð fullkomnunar sem Hinn eilífi hefur opinberað svo að leyndardómar guðlegrar visku, sem fram til þessa voru huldur undir blæju dýrðar og varðveittir í helgidómi náðar Hans, megi opinberast þér. Afneitanir og andstaða þessara trúarbragðaleiðtoga hafa að mestu leyti stafað af skilningsskorti þeirra og þekkingarleysi. Þeir skildu aldrei né skynjuðu orðin sem opinberendur fegurðar hins eina sanna Guðs mæltu né táknið sem voru sett fram og áttu að boða komu opinberenda framtíðarinnar. Þar af leiðandi hófu þeir upp fána uppreisnar og æstu til fjandskapar og undirrόδurs. Það er augljóst að sönn merking orða fugla eilífðarinnar opinberast ekki neinum nema þeim sem birta Hina eilífu verund og söngvar Næturgala heilagleikans geta ekki borist til eyrna neinna annarra en íbúa hins eilífa ríkis. Kopti harðstjórnar getur aldrei drukkið af bikar sem Septi réttlætis hefur borið að vörum sér og faraó vantrúar getur aldrei vænst þess að bera kennsl á hönd Móse sannleikans. Því sagði Hann: „Enginn þekkir merkingu þeirra nema Guð og þeir sem hafa trausta þekkingu.“¹⁵ Og samt hafa þeir leitað túlkunar á bókinni hjá þeim sem eru hjúpaðir blæjum og hafa neitað að leita upplýsinga frá sjálfri þekkingarlindinni.

Og þegar dagar Móse voru taldir og ljós Jesú, sem skein frá dagsbrún andans, umlukti veröldina reis Ísraelslýður gegn Honum og lýsti því yfir fullur ofstopa að Hann sem Biblían boðaði yrði að kunngera og uppfylla lögmál Móse, en þessi ungi maður frá Nazaret sem gerði tilkall til stöðu hins guðdómlega Messíasar hefði aftur á móti numið úr gildi skilnaðarlögin og hvíldardaginn – þungvægustu lög Móse. Og hvað um tákni opinberandans sem enn var ókominn? Enn í dag bíður Ísraelslýður opinberandans sem

spáð var í Biblíunni! Hversu margir opinberendur heilagleikans, hversu margir opinberendur eilífs ljóss, hafa ekki komið fram síðan á dögum Móse og enn bíður Ísrael, hjúpaður þykkustu blæjum djöfullegra ímyndana og hugarburðar, eftir því að sá hjáguð sem hann sjálfur hefur smíðað komi með þeim táknum sem hann sjálfur hefur spunnið upp! Þess vegna hefur Guð hremmt þá vegna synda þeirra, slökkt í þeim anda trúarinnar og kvalið þá í logum hins neðsta elds. Og það fyrir þær sakir einar að Ísrael neitaði að skilja merkingu orða Biblíunnar um tákn opinberunarinnar sem var í vændum. Þar sem þeir aldrei skildu sanna þýðingu þeirra og þau rættust aldrei á ytra borði, voru þeir sviptir þekkingu á fegurð Jesú og sáu aldrei auglit Guðs. Og enn bíða þeir komu Hans! Frá ómunatíð og allt til þessa dags hafa allar ættkvíslir og þjóðir jarðar haldið dauðahaldi í svo fánýtar og ósæmandi hugmyndir og þannig svipt sig þeim tæru vötnum sem streyma frá uppsprettum hreinleika og heilagleika.

Er Vér afhjúpum þessa leyndardóma höfum Vér í fyrri töflum Vorum sem beint var til vinar á hljómfagurri tungu Híjáz, vitnað til nokkurra ritningarorða sem voru opinberuð spámönnum fyrri tíma. Og nú sem svar við málaleitan þinni, munum Vér aftur á þessum blöðum vitna til þessara sömu ritningargreina, að þessu sinni á undursamlegri tungu Íraks, til þess að hinir sárþyrstu á auðnum fjarlægðar geti náð til úthafs hinnar guðdómlegu návistar og þeir sem tærast upp á eyðisöndum aðskilnaðar verði leiddir heim til eilífrar sameiningar. Megi þoku blekkingar létta og skínandi ljós himneskrar leiðsagnar bjarma yfir sjónhring mannshjartnanna. Á Guð setjum Vér traust Vort og til Hans leitum Vér um hjálp svo að frá þessum penna megi streyma það sem endurlífgar sálir mannanna og þeir rísi allir upp af beðjum gáleysis og hlýði á þytinn í laufum paradísar frá trénu sem hönd himnesks máttar hefur með leyfi Guðs gróðursett í Ríðván Hins aldýrlega.

Þeim sem hafa skilning er ljóst að þegar eldur ástar Jesú eyddi blæjum gyðinglegra takmarkana og vald Hans var opinberað og að nokkru leyti framfylgt, vísaði Hann, opinberandi Hinnar ósýnilegu fegurðar, til dauða síns þegar Hann dag nokkurn ávarpaði lærisveina sína. Hann glæddi í hjörtum þeirra eld saknaðar og sagði við þá: „Ég fer burt og kem aftur til yðar.“ Og á öðrum stað sagði Hann: „Ég fer og annar kemur sem mun segja yður allt sem Ég hef ekki sagt yður og uppfylla það sem Ég hef sagt.“ Þessi orð eru einnar og sömu merkingar ef þú hugleiðir opinberendur einingar Guðs af guðlegu innsæi.

Sérhver skilningsríkur áhorfandi sér að í trúarkerfi Kóransins er sannleiksgildi bókar og málstaðar Jesú staðfestur. Hvað nöfnum viðvíkur hefur Múhameð sjálfur sagt: „Ég er Jesús.“ Hann skildi sannleika tákna, spádómanna og orða Jesú og bar því vitni að allt væri þetta af Guði. Í þessum skilningi hefur enginn munur verið á persónu Jesú og orðum Hans annars vegar og á Múhameð og Hans helgu bók hins vegar því að báðir hafa barist fyrir málstað Guðs, sungið Honum lof og opinberað boð Hans. Því sagði Jesús sjálfur: „Ég fer burt og kem aftur til yðar.“ Íhuga sólina. Ef hún segði nú: „Ég er sól gærdagsins,“ þá segði hún sannleikann. Og ef hún með hliðsjón af réttri tímaröð segðist vera önnur sól, segði hún líka sannleikann. Sömuleiðis væri það satt og rétt ef fullyrt væri að allir dagar væru einn og sami dagurinn. Og ef sagt væri með hliðsjón af sérstökum nöfnum þeirra og merkingum, að þeir væru hver öðrum ólíkir væri það líka sannleikur. Því þótt þeir séu einn og sami dagurinn hefur hver og einn þeirra mismunandi heiti, sérstök auðkenni og eigindir. Íhuga enn fremur þau sérkenni, einingu og tilbrigði sem auðkenna ýmsa opinberendur heilagleikans til þess að þú getir skilið vísanir Skapara allra nafna og eiginda til leyndardóma sérkenna og einingar og finnir

svarið við spurningu þinni um hvers vegna þessi eilífa Fegurð skuli á ýmsum tímum hafa auðkennt sig ýmsum nöfnum og titlum.

Síðar spurðu félagar og lærisveinar Jesú Hann um þau tákni sem boða áttu endurkomu Hans. Hvenær, spurðu þeir, munu þessir hlutir gerast? Þessa spurningu lögðu þeir oftsinnis fyrir Hina óviðjafnanlegu fegurð og í hvert sinn svaraði Hann og setti fram sérstakt tákni sem átti að boða komu hins fyrirheitna trúarkerfis. Þessu bera vitni guðspjöllin fjögur.

Þessi Rangtleikni ætlar aðeins að nefna eitt þessara dæma og færa þannig mannkyni sakir Guðs þær náðargjafir sem enn eru faldar í hirslu hins hulda og helga trés, svo að dauðlegir menn þurfi ekki að fara varhluta af sínum hlut í ávextinum eilífa og megi hljóta dropa úr vötnum eilífs lífs sem frá Bagdað, „híbýlum friðarins“, eru boðin öllu mannkyni. Vér biðjum hvorki um umbun né endurgjald. „Vér nærum sálir yðar sakir Guðs; hvorki leitum vér endurgjalds né þakklætis frá yður.“¹⁶ Þetta er fæðan sem færir hinum hjartahreinu og upplýstu í anda eilíft líf. Þetta er brauðið sem sagt er um: „Drottinn, sendu okkur brauð Pitt af himni.“¹⁷ Þessu brauði verður aldrei haldið frá þeim sem verðskulda það og það getur aldrei gengið til þurrðar. Það vex eilíflega á tré náðarinnar; það stígur niður á öllum árstíðum frá himnum réttlætis og náðar. Því sagði Hann: „Veist þú ekki við hvað Guð líkir góðu orði? Við gott tré sem er rótfast, greinar þess ná til himins og bera ávöxt á öllum árstíðum.“¹⁸

Hversu hryggilegt er það ekki að maðurinn skuli svipta sig þessari dásamlegu gjöf, þessari ótortímanlegu hylli, þessu eilífa lífi! Það sæmir honum að meta að verðleikum þessa fæðu sem kemur frá himni, svo að hinir dauðu megi öðlast nýtt líf fyrir undursamlegt örlæti sólar sannleikans og visnaðar sálir verða vaktar til lífs af hinum takmarkalausanda. Haf hraðann á, ó bróðir minn, svo að varir okkar geti, meðan enn gefst tími, bergt á hinum ódauðlega drykk því að andvari lífsins, sem nú berst frá borg Hins elskaða, varir ekki og straumþung elfur heilags máls hlýtur að kyrrast og Riðván-hliðin geta ekki ætíð staðið opin. Sá dagur mun vissulega koma þegar Næturgali paradísar tekur flugið frá jarðneskum bústað sínum til hins himneska hreiðurs. Þá munu söngvar Hans ekki heyrast frammar og fegurð rósarinnar fölna. Grípið því tækifærið áður en dýrð þessa guðlega vors bliknar og Fugl eilífðar hættir að syngja lög sín, svo að innri heyrn þín megi ekki fara á mis við ákall Hans. Þetta er ráð Mitt til þín og ástvina Guðs. Lát þann sem þess óskar fylgja þessu ráði, og þann sem þess óskar hafna því. Guð er vissulega óháður honum og því sem hann kann að sjá og heyra.

Þetta eru söngvarnir sem Jesús, sonur Maríu, söng með rödd tignar og valds í Riðván guðspjallsins þegar Hann opinberaði þau tákni sem boða áttu komu næsta opinberanda. Í fyrsta guðspjallinu, Matteusarguðspjalli, stendur skrifað: Og þegar þeir spurðu Jesúm hver tákni komu Hans væru, sagði Hann við þá: „En þegar eftir þrengingu¹⁹ þessara daga mun sólin sortna og tunglið hætta að skína. Stjörnurnar munu hrapa af himni og festingin mun riðlast. Þá mun tákni Mannssonarins birtast á himni og allar kynkvíslir jarðar hefja kveinstafi. Og menn munu sjá Mannssoninn koma á skýjum himins með mætti og mikilli dýrð. Hann mun senda út engla sína með hvellum lúðri.“²⁰ Á persneskri tungu²¹ er merking þessara orða sem hér segir: Þegar þrengingin og þjáningarnar sem munu koma yfir mannkynið birtast, hættir sólin að gefa birtu sína og tunglið ljós sitt, stjörnurnar munu hrapa á jörðina og undirstöður jarðarinnar bifast. Á þeim tíma mun tákni Mannssonarins birtast á himnum, þ.e.a.s. Hin fyrirheitna fegurð og fæða lífsins mun að þessum táknum uppfylltum stíga út úr ríki hins ósýnilega inn í hinn sýnilega heim. Og Hann segir: Á þeim tíma munu allar þjóðir og kynkvíslir sem búa á jörðinni, kveina og barma sér og þær sjá Hina guðdómlegu fegurð koma á skýjum frá himnum

með valdi, tign og mikilleika og senda út engla sína með miklum lúðrahljómi. Þessi sömu orð eru skráð með sama hætti í hinum þremur guðspjöllum Markúsar, Lúkasar og Jóhannesar. Þar sem Vér höfum vitnað til þeirra í löngu máli í töflum Vorum á arabísku, nefnum Vér þær ekki á þessum síðum og takmörkum Oss við aðeins eina tilvitnun.

Þar sem kristnir guðsmenn hafa ekki skilið merkingu þessara orða, skynjuðu ekki tilgang þeirra og markmið og héldu fast við bókstaflega túlkun á orðum Jesú, fóru þeir á mis við náðarúthellingu opinberunar Múhameðs og gnóttir gjafa hennar. Hinum fávísu innan vébanda hins kristna samfélags sem fylgdu fordæmi trúarleiðtoga sinna var einnig meinað að líta fegurð Konungs dýrðarinnar, því að þau tákni sem áttu að fylgja sólarupprás múhameðska trúarkerfisins rættust í rauninni ekki. Þannig hafa aldrei liðið og hinn hreinasti andi horfið til athvarfs aldinna yfirráða sinna. Enn einu sinni hefur andinn eilífi þeytt hinn dulræna lúður og kallað hina dauðu upp úr gröfum gáleysis og villu til ríkis leiðsagnar og náðar. Og samt hrópar þetta eftirvæntingarfulla samfélag: Hvenær gerast þessir hlutir? Hvenær mun Hinn fyrirheitni, sá sem við bíðum eftir, opinberast svo að við megum rísa upp til sigurs fyrir málstað Hans, gefa eigur okkar fyrir Hans sakir og fórna lífi okkar á vegi Hans? Á sama hátt hafa fánýtar ímyndanir á borð við þessar orðið til þess að önnur samfélög villtust frá Kawthar óendanlegrar náðar forsjónarinnar, upptekin af sínum eigin fánýtu hugarórum.

Auk þessa kafla er enn önnur ritningargrein í guðspjöllunum þar sem Hann segir: „Himinn og jörð munu líða undir lok en orð Mín munu aldrei undir lok líða.“²² Þess vegna héldu fylgjendur Jesú því fram að lög guðspjallanna yrðu aldrei numin úr gildi og að ætíð þegar Hin fyrirheitna fegurð birtist og öll táknið opinberuðust yrði Hann að staðfesta og grundvalla á ný lögin sem eru kunngerð í guðspjöllunum til þess að heimurinn mætti ekki þekkja neina trú aðra en Hans. Þetta er grundvöllur trúarbragða þeirra. Og slík er sannfæring þeirra, að ef einhver maður kæmi fram með öllum þessum fyrirheitnu táknum og kunngerði eitthvað sem bryti í bága við lagabókstaf guðspjallanna myndu þeir vissulega hafna honum, neita að lúta lögum hans, lýsa hann trúníðing og spotta hann. Þetta sannaðist þegar sól opinberunar Múhameðs rann upp. Hefðu þeir með auðmjúkum huga spurt opinberanda Guðs í sérhverju trúarkerfi um sanna merkingu orðanna sem birtast í hinum helgu bókum, hefðu þeir vissulega verið leiddir inn í sólarljós sannleikans og uppgötvað leyndardóma guðdómlegrar þekkingar og visku. Misskilningur á þessum orðum hefur svipt mennina viðurkenningu á Sadratu'l-Muntahá, hinu endanlega áformi.

Þessi þjónn ætlar nú að deila með þér örlitlum dropa úr ómælishafi sannleikans sem felst í þessum heilögu orðum, svo að glöggskyggn hjörtu megi skilja allar tilvísanir og afleiddar merkingar orðanna sem opinberendur heilagleikans hafa mælt, og yfirþyrmandi tign orðs Guðs aftri þeim ekki að ná til úthafs nafna Hans og eiginda né svipti þá viðurkenningu á lampa Guðs sem er aðsetur opinberunar dýrlegs eðlis Hans.

Hvað varðar orðin – „Þegar eftir þrengingu þeirra daga“ – þá vísa þau til þess tíma er mennirnir verða þjáðir og aðþrengdir, þegar síðustu geislarnir frá sól sannleikans og ávöxturinn af tré þekkingar og visku eru horfnir mönnunum, þegar mannkynið lýtur stjórn hinna fávísu og fáfróðu, þegar hlið himneskrar einingar og skilnings – innsta og hæsta markmið sköpunarinnar – hafa lokast, þegar hégómlegar ímyndanir eru komnar í stað vissrar þekkingar og spilling situr í háseti réttlætis. Slíkt er ástand mála í dag þegar fávísir leiðtogar halda stjórntaumum sérhvers samfélags í hendi sér og stýra því samkvæmt eigin geðþótta og hneigðum. Minning Guðs er nafnið tómt á vörum þeirra; fyrir þeim er heilagt orð Hans dauður bókstafur. Slík eru áhrifin af ástríðum þeirra, að slokknað hefur á lampa samvisku og skynsemi í hjörtum þeirra og það þótt finger

himnesks valds hafi opnað hlið þekkingar Guðs og ljós himneskrar þekkingar og guðlegrar náðar hafi upplýst og innblásið innsta eðli allra skapaðra hluta – og það í þeim mæli að dyr þekkingar hafa opnast í sérhverjum hlut og vottur af sólinni verið birtur í sérhverri öreind. Og þrátt fyrir allar þessar margvíslegu opinberanir guðlegrar þekkingar, sem hafa umlukið heiminn, ímynda þeir sér í hégómleik sínum að dyr þekkingar séu lokaðar og regnskúrir náðar séu hættar að falla. Í fastheldni við hégómlegar ímyndanir hafa þeir villst langt frá ‘Urvatu’l-Vuthqá himneskrar þekkingar. Hjörtu þeirra virðast ekki hneigjast til þekkingar og dyrunum sem að henni liggja né heldur huga þeir að birtingum hennar, því að í fánýtri ímyndun sinni hafa þeir fundið dyrnar sem liggja að jarðneskum auðæfum, en í opinberanda þekkingar sjá þeir aftur á móti ekkert nema hvöt til sjálfsfórnar. Þeir halda því vitaskuld fast við hið fyrra og flýja hið síðara. Þótt þeir viðurkenni í hjarta sínu að lög Guðs eru ein og hin sömu, gefa þeir úr öllum áttum út nýjar tilskipanir og á hverri árstíð láta þeir útganga ný boð. Hvergi er meðal þeirra að finna tvo menn sem eru sammála um ein og sömu lög því að þeir leita einskis Guðs nema sinnar eigin ástríðu og feta enga stigu nema stigu villunnar. Í forystu hafa þeir fundið sitt helsta takmark, og stolt og hroki er æðsta uppfylling óskanna sem þeir ala í hjörtum sínum. Þeir hafa sett auvirðileg vélabrögð sín ofar guðlegri ákvörðun, afneitað undirgefni undir vilja Guðs, verið uppteknir af eigin hag og gengið vegu hræsnaans. Þeir reyna af öllum styrk sínum og mætti að tryggja sjálfa sig í lítilmótlegri eftirsókn sinni, fullir ótta við minnsta vott af vantrausti sem gæti grafið undan myndugleika þeirra eða varpað rýrð á mikilleik þeirra. Ef augað væri smurt og upplýst með græðismyrslu þekkingar Guðs, myndi það vissulega sjá hvernig fjöldi gráðugra villidýra hefur safnast saman og bíður færís á hræjunum af sálum mannanna.

Hvaða „þrenging“ er meiri en sú sem hér hefur verið greint frá? Hvaða „þrenging“ er hörmulegri en sú, að sál sem leitar sannleikans og vill öðlast þekkingu á Guði skuli ekki vita frá hverjum eða hvar hennar skuli leitað? Því að sundrung hefur magnast og leiðirnar til að ná til Guðs margfaldast. Þessi „þrenging“ er höfuðeinkenni sérhverrar opinberunar. Ef hún birtist ekki kemur sól sannleikans ekki í ljós. Því að árdagsljómi guðlegrar leiðsagnar kemur í kjölfar dimmrar nætur villunnar. Þess vegna er í öllum króníkum og arfsögnum skírskotað til þessara hluta, þ.e. að ójöfnuður muni hylja yfirborð jarðarinnar og myrkrið umlykja mannkynið. Þar sem arfsagnirnar sem vísað er til eru vel þekktar og þessi þjónn vill stytta mál sitt mun Hann ekki vitna til texta þessara arfsagna.

Væri þessi „þrenging“ (sem bókstaflega þýðir „þrýstingur“) túlkuð þannig að allt á jörðinni skryppi saman eða ef menn ímynduðu sér fávíslega að svipuð ógæfa kæmi yfir mannkynið, þá er öldungis augljóst að slíkt getur aldrei gerst. Þeir munu vissulega andæfa og fullyrða að þessi forsenda guðlegrar opinberunar hafi ekki verið uppfyllt. Þannig hafa röksemdir þeirra hljómað og gera það enn. En með „þrengingu“ er átt við vöntun á hæfni til að öðlast andlega þekkingu og skilja orð Guðs. Með henni er átt við að þegar sól sannleikans hefur hnigið til viðar og speglarnir sem endurvarpa ljósi Hans eru liðnir undir lok, verður mannkynið „þrengingum“ að bráð og veit ekki hvar leita á leiðsagnar. Þannig fræðum Vér þig um túlkun arfsagnanna og birtum þér leyndardóma guðlegrar visku svo að þér megi auðnast að skilja merkingu hennar og komast í hóp þeirra sem hafa drukkið af bikar himneskrar þekkingar og skilnings.

Og íhuga nú þessi orð Hans: „Sólin mun sortna og tunglið ekki gefa skin sitt og stjörnur hrapa af himni.“ Með orðunum „sól“ og „tungl“ sem notuð er í ritningum spámanna Guðs er ekki aðeins átt við sól og mána hins sýnilega alheims. Nei, þeir hafa gætt þessi orð margvíslegum merkingum. Í sérhverju tilviki hafa þeir gefið þeim ákveðna

þýðingu. Þannig tákna „sól“ í einum skilningi orðsins þær sólar sannleikans sem rísa frá dagsbrún aldinnar dýrðar og úthella af örlæti sínu náð og miskunn af hæðum yfir veröldina. Þessar sólar sannleikans eru allsherjaropinberendur Guðs í heimum eiginda Hans og nafna og gegna sama hlutverki og hin sýnilega sól sem fyrir ákvörðun Guðs, hins sanna og tilbeðna, stuðlar að þroska allra jarðneskra hluta, svo sem trjána og ávaxtanna og litbrigða þeirra, steinefna jarðar og alls þess sem augað sér í heimi sköpunarinnar. Þannig koma hinir guðlegu ljósgjafar því til vegar með ástríki sínu og þroskandi áhrifum að tré guðlegrar einingar, ávöxtur eindar Hans, lauf andlegrar lausnar, blóm þekkingar og fullvissu og myrtur visku og máls birtast og lifna. Þess vegna endurnýjast heimurinn við upprás þessara ljósgjafa Guðs, vötn eilífs lífs streyma fram, öldur ástríkis rísa, ský náðar hnappast saman og andblær gjafmildi andar yfir allt sem skapað er. Hitinn sem þessar sólar Guðs gefa frá sér og þeir ódeyjandi eldar sem þær kveikja valda því að ljós ástar Guðs skín skært í hjörtum mannkynsins. Fyrir ríkulega náð þessara tákna andlegrar lausnar er anda eilífs lífs blásið í líkama hinna dauðu. Vissulegu er hin sýnilega sól aðeins tákni um dýrð þessarar sólar sannleikans; ljósgjafa sem engan jafningja getur átt, enga líkingu eða keppinaut. Allt sem til er lifir, hrærist og hefur verund sína með atbeina Hans. Það birtist fyrir náð Hans og til Hans snýr það aftur. Frá Honum eru allir hlutir komnir og til hirslna opinberunar Hans hafa þeir allir snúið aftur. Frá Honum kom allt sem skapað er og til hirslna laga Hans hverfur það aftur.

Að þessar guðlegu sólar virtust stundum einskorðast við sérstaka titla og eigindir, eins og þú hefur séð og sérð enn, stafar eingöngu af ófullkomnum og takmörkuðum skilningi vissra huga. Annars eru þær ævinlega og munu um alla eilífð vera upphafnar yfir öll lofsverð nöfn og helgaðar frá sérhverri eigind sem gæti lýst þeim. Innsta eðli allra nafna getur ekki vænst þess að fá inngöngu í heilagt aðsetur þeirra og hin ædsta og hreinasta allra eiginda getur aldrei nálgast dýrðarríki þeirra. Ómælanlega hátt eru spámenn Guðs upphafnir yfir skilning manna sem geta aldrei þekkt þá nema í gegnum þeirra eigin sjálf. Fjarri sé það dýrð Hans að hægt sé að mikla Hans útvöldu með nokkru öðru en þeirra eigin persónum. Dýrlegir eru þeir ofar lofgjörð manna; upphafnir yfir mannlegan skilning!

Orðið „sólir“ hefur oft verið notað í ritum hinna „flecklausu sálna“ um spámenn Guðs, þessi geislandi tákna andlegrar lausnar. Meðal þessara rita eru eftirfarandi orð að finna í „Bæn Nudbih“:²³ „Hvað er orðið af hinum ljósmandi sólum! Hvað er orðið af þessum lýsandi tunglum og tindrandi stjörnum?“ Af þessu er augljóst að orðin „sól“, „tungl“ og „stjörnur“ tákna fyrst og fremst spámenn Guðs, dýrtingana og féлага þeirra – sólar sem hafa stafað ljósi þekkingar sinnar á veraldir hins sýnilega og ósýnilega.

Í öðrum skilningi er með þessum orðum átt við guðsmenn fyrri trúarkerfa sem lifa á dögum síðari opinberanna og veita trúarbrögðunum forystu. Ef þessir guðsmenn eru upplýstir ljósi síðari opinberunar verða þeir þóknanlegir Guði og geisla eilífu ljósi. Að öðrum kosti eru þeir sagðir myrkvaðir, jafnvel þótt þeir séu á ytra borði leiðtogar manna, því að trú og vantrú, leiðsögn og villa, hamingja og auðnuleysi, ljós og myrkur, er allt háð leyfi Hans sem er sól sannleikans. Hver sá á meðal guðsmanna sérhverrar aldar sem á degi reikningsskilanna fær vitnisburð trúar frá uppsprettu sannrar þekkingar þiggur vissulega lærdóm, guðlegri hylli og ljós sanns skilnings. Að öðrum kosti verða auðkenni hans flónska, afneitun, guðlast og kúgun.

Það er ljóst hverjum skilningsríkum áhorfanda, að líkt og ljós stjörnnunnar bliknar fyrir geisladýrð sólarinnar, þannig verða sólar jarðneskrar þekkingar, visku og skilnings að engu andspænis geisladýrð dagstjörnu sannleikans, sól guðlegrar upplýsingar.

Að orðið „sól“ hefur verið notað um trúarleiðtoga stafar af upphafinni stöðu þeirra, frægð og orðstír. Slíkir eru hinir almennt viðurkenndu guðsmenn hveftrar aldar sem mæla af myndugleika og byggja orðstír sinn á traustum grunni. Ef þeir líkjast sól sannleikans verða þeir vissulega taldir meðal hinna upphöfnustu allra ljósgjafa; að öðrum kosti verður litið á þá sem miðdepla vítiselds. Líkt og Hann sagði: „Vissulega eru bæði sól og máni dæmd til að þjást í vítiseldi.“²⁴ Þú ert vafalaust kunnugur túlkun orðanna „sól“ og „máni“ sem nefnd eru í þessu versi; þess vegna er engin þörf á að vitna til þess. Og hver sá sem gerður er af efni þessarar „sól“ og þessa „mána“, þ.e. fylgir fordæmi þessara leiðtoga með því að játast falsi og snúa baki við sannleikanum, hann kemur án nokkurs vafa úr myrkri vítis og hverfur þangað aftur.

Og nú sæmir okkur, ó leitandi, að halda fast við 'Urvatu'l-Vuþhá, svo að okkur auðnist að snúa baki við dimmri nótt villunnar og umfaðma morgunbirtu guðlegrar leiðsagnar. Eigum við ekki að flýja ásjónu afneitunar og leita í svalandi forsælu fullvissunnar? Eigum við ekki að frelsa okkur frá hryllingi djöfullegs svartnættis og hraða ferð okkar til rísandi ljóss Hinnar himnesku fegurðar? Þannig gefum við þér ávexti af tré himneskrar þekkingar svo að þú, glaður og fagnandi, megir hvílast í Ríðvæn guðlegrar visku.

Í öðrum skilningi er með orðunum „sól“, „máni“ og „stjörnur“ átt við þau lög og kenningar sem hafa verið grundvallaðar og kunngerðar í sérhverju trúarkerfi, svo sem lög um bænir og föstu. Þegar fegurð Múhameðs spámans hvarf sýnum voru þessi lög, að boði Kóransins, talin hin veigamestu og þungvægustu af lögum trúarkerfis Hans. Þessu bera textar arfsagnanna og króníkanna vitni. Ekki þarf að vitna til þeirra hér vegna þess hve þekktar þær eru. Nei, áhersla hefur öllu fremur verið lögð á bænalögin í sérhverju trúarkerfi og þeim hvarvetna framfylgt. Þessu bera vitni skráðar arfsagnir sem eru eignaðar þeim geislum sem stafað hefur frá sól sannleikans, verund Múhameðs spámans.

Arfsagnirnar staðfestu þá staðreynd, að í öllum trúarkerfum hafa bænalögin verið grundvallarþáttur í opinberunum allra spámanna Guðs. Form þeirra og háttur hefur verið lagaður að breytilegum þörfum sérhverrar aldar. Þar sem sérhver síðari opinberun hefur numið úr gildi síði, venjur og kenningar sem voru augljóslega, sérstaklega og tryggilega grundvallaðar í fyrri trúarkerfum, hefur þeim þannig á táknrænan hátt verið lýst með orðunum „sól“ og „máni“. „Að Hann mætti ganga úr skugga um hver yðar bæri af í gerðum.“²⁵

Auk þess hafa orðin „sól“ og „máni“ í arfsögnunum verið notuð um bæn og föstu, eins og sagt er: „Fasta er upplýsing, bæn er ljós.“ Dag einn heimsótti Oss nafntogaður guðsmaður. Í samræðum vorum færði hann í tal fyrrgreinda arfsögn. Hann sagði: „Þar eð fasta veldur því að líkamshitinn hækkar hefur henni verið líkt við ljós sólarinnar og þar sem bæn á næturstund endurnærir manninn hefur henni verið líkt við skin mánans.“ Og þá skildum Vér að vesalings mannum hafði ekki verið miðlað einum dropa af hafi sanns skilnings og hann hafði villst langt frá brennandi þyrnirunna guðlegrar visku. Vér sögðum því hæversklega við hann: „Túlkun yðar göfga á þessari arfsögn er sú sem tíðkast meðal manna. Væri ekki hægt að túlka hana öðruvísi?“ Hann spurði Oss: „Hvernig?“ Vér svörðum: „Múhameð, innsigli spámannanna og hinn virtasti af hinum útvöldu Guðs hefur líkt trúarkerfi Kóransins við himin vegna upphafningar þess, háleitra áhrifa, tignar og þeirrar staðreyndar að það felur í sér öll trúarbrögðin. Og þar sem sólin og máninn eru björtustu og mest áberandi hnettirnir á festingunni, þannig hafa tveir skínandi hnettir verið ákvarðaðir himni trúar Guðs – fasta og bæn. „Íslam er himinn; fasta er sól þess, bæn tungl þess.““

Þetta er tilgangurinn með táknrænum orðum opinberenda Guðs. Þar af leiðandi er notkun orðanna „sól“ og „máni“ um þá hluti sem þegar hefur verið minnst á rökstudd og réttlætt með texta heilagra versa og skráðra arfsagna. Því er auðsætt að með orðunum „sólin mun sortna og tunglið ekki gefa skin sitt og stjörnurnar hrapa af himni“ er átt við vegvillu guðsmannanna og ógildingu laga sem hafa verið tryggilega grundvölluð með guðlegri opinberun. Birting Guðs hefur sagt allt þetta fyrir á táknrænu máli. Engir nema hinir réttlátu munu bergja á þessum bikar; engir nema hinir guðlegu fá skerf af honum. „Hinir réttlátu munu drekka af bikar sem er tempraður við kamfórubrunninn.“²⁶

Það verður ekki dregið í efa að í hverri nýrri opinberun myrkvast „sól“ og „máni“ kenninga, laga, boða og banna sem voru grundvölluð í undanfarandi trúarkerfi og yfirskygðu menn þeirrar aldar – þ.e. þau eru útkulnuð og hafa ekki lengur áhrif. Íhuga nú: Ef fylgjendur guðspjallanna hefði skilið táknræna merkingu orðanna „solar“ og „mána“; ef þeir hefðu, andstætt hinum vegvilltu og öfugsnúnu, leitað upplýsingar frá Honum sem er opinberandi himneskrar þekkingar, hefðu þeir vissulega skilið tilgang þessara orða og ekki þjáðst og kvalist í myrkri eigingjarnra ástríðna sinna. En þar eð þeim mistókst að afla sér sannrar þekkingar frá sjálfri uppsprettunni hafa þeir tortímst í háskalegum dal villu og vantrúar. Þeir hafa ekki enn þá vaknað og skilið að öll hin fyrirheitnu tákn hafa verið opinberuð, að sólin fyrirheitna hefur risið yfir sjónhring guðlegrar opinberunar og að „sól“ og „máni“ kenninga, laga og lærdóms fyrri trúarkerfa hafa sortnað og hnigið til viðar.

Og gakk nú með einörðu augnaráði og styrkum vængjum inn á braut fullvissu og sannleika: „Seg: Það er Guð; Leyf þeim svo að gamna sér við hrakyrði sín.“²⁷ Þannig munt þú komast í hóp þeirra féлага og vina sem Hann sagði um: „Þeir sem segja: ‚Drottinn okkar er Guð‘ og ganga staðfastir á vegi Hans, yfir þá munu englarnir vissulega stíga niður.“²⁸ Þá munt þú sjá alla þessa leyndardóma með þínum eigin augum.

Ó bróðir minn! Tak skref andans, svo að þú megir með leifturhraða þjóta yfir eyðimerkur fjarlægðar og sorgar, komast til Riðván eilífra endurfunda og á einu andartaki samneyta himneskum öndum. Því á mannlegum fótum getur þú aldrei vænst þess að fara þessar ómælanlegu vegalengdir né ná takmarki þínu. Friður sé með honum sem ljós sannleikans leiðir í allan sannleika og sem í nafni Guðs stendur á vegi málstaðar Hans á ströndum sanns skilnings.

Þetta er merking hinna helgu orða: „Nei! Ég sver við Drottin austranna og vestranna,“²⁹ því að „sólirnar“ sem vísað er til, koma upp og setjast hver á sínum sérstaka stað. Kóran-skýrendum tókst ekki að skilja táknræna merkingu þessara „sólna“ og áttu þess vegna einnig í erfiðleikum með að útskýra ofangreint vers. Sumir þeirra héldu því fram að orðin „austur“ og „vestur“ hafi verið notuð í fleirtölu vegna þess að sólin rís á hverjum degi frá nýjum stað. Aðrir hafa skrifað að versió eigi við árstíðirnar fjórar, því að sólaruppkoma og sólsetur breytast með árstíðunum. Svo næmur er skilningur þeirra! Engu að síður halda þeir áfram að tileinka þessum gimsteinum þekkingar, þessum óaðfinnanlegu og skærustu táknum viskunnar, rangindi og flónsku.

Reyn einnig í ljósi þessarar skýru, öflugu og ótvíræðu fullyrðinga að skilja merkingu orðanna „klofning himnanna“ – eitt þeirra tákna sem boðar komu hinnar síðustu stundar, upprisudagsins. Líkt og Hann sagði: „Þegar himinninn verður klofinn sundur.“³⁰ Með „himni“ er átt við himin guðlegrar opinberunar sem er hafinn upp með sérhverri nýrri opinberun og klofinn sundur með þeirri næstu. Með orðunum „klofinn sundur“ er átt við úreldingu og ógildingu fyrri trúarkerfa. Ég sver við Guð! Að kljúfa þennan himin er í augum hinna skynibornu máttugri gerð en að kljúfa hinn sýnilega himin. Hugsa þig um eitt andartak: Guðleg opinberun hefur árum saman verið tryggilega grundvölluð;

allir sem hafa játast henni hafa alist upp og nærst í forsælu hennar; kynslóðir manna þjálfaðar í ljósi laga hennar; menn hafa heyrt feður sína segja frá ágæti hennar – þannig að mannsaugað hefur ekkert séð nema gagntakandi áhrif náðar hennar og dauðleg eyru ekkert heyrt nema ómandi tign boða hennar. Er hægt að hugsa sér máttugra verk en að slík opinberun skuli með mætti Guðs vera „klofin sundur“ og numin úr gildi með opinberun einnar sálar? Íhuga hvor gerðin er máttugri, þessi eða sú sem þessir auvirðilegu og fávísu menn hafa ímyndað sér að „klofning himinsins“ merkti?

Leið þér enn fremur í huga þrengingarnar og biturleikann í lífi þessara opinberenda Hinnar guðlegu fegurðar. Íhuga hve einir og hjálparvana þeir stóðu gegn heiminum og öllum þjóðum hans er þeir kunngerðu lög Guðs! Hversu harðvítugar ofsóknir sem þessar helgu, dýrmætu og blíðu sálir þoldu, sýndu þær samt langlundargeð í mikilleika valds síns og þrátt fyrir herradóm sinn þjáðust þær og þreyðu.

Reyn einnig að skilja merkingu orðanna „umbreyting jarðarinnar“. Vita skalt þú að jarðvegi sérhvers hjarta, sem örlátar regnskúrir náðar frá „himni“ guðlegrar opinberunar hafa fallið á, hefur vissulega verið breytt í jörð guðlegrar þekkingar og visku. Hvílikar myrtur einingar hafa ekki sprottið úr jarðvegi hjartna þeirra! Þvílík blóm sannrar þekkingar og visku hafa ekki runnið upp af upplýstum brjóstum þeirra! Ef engin breyting hefði orðið á jarðvegi hjartna þeirra, hvernig gætu slíkar sálir sem ekki hafa lært einn bókstaf, engan kennara séð og aldrei gengið í skóla, mælt slík orð og sýnt þvílíka þekkingu sem ekki er á færi neins að skilja? Mér sýnist sem þeir hafi verið mótaðir úr leir takmarkalausrar þekkingar og hnoðaðir í vatni guðlegrar visku. Þess vegna hefur verið sagt: „Þekking er ljós sem Guð varpar í hjarta hvers sem Hann vill.“ Þessi þekking er og hefur ætíð verið lofsverð, ólíkt þeirri takmörkuðu þekkingu sem á uppruna sinn í hjúpuðum og dimmum hugum. Þessa takmörkuðu þekkingu laumast þeir jafnvel til að taka hver frá öðrum og stæra sig af henni hégómlega!

Ef aðeins hjörtu mannanna gætu hreinsast af þeim takmörkunum og dimmu hugsunum sem þröngvað er upp á þá og geti uppljómast af ljósi sólar sannrar þekkingar og skilið leyndardóm guðlegrar visku! Íhuga nú: Ef skrælnuð og hrjóstrug jörð þessara hjartna breytist ekki, hvernig gætu þeir nokkru sinni veitt opinberun guðlegra leyndardóma og opinberendum guðlegs frumeðlis viðtöku? Því hefur Hann sagt: „Á þeim degi þegar jörðin verður að nýrri jörð.“³¹

Andblær hylli frá Konungi sköpunarinnar hefur jafnvel valdið breytingum á hinni efnislegu jörð, ef þér hugleiðið í hjarta yðar leyndardóma guðlegrar opinberunar.

Og nú hvað varðar merkingu þessarar ritningargreinar: „Á upprisudeginum heldur Hann gjörvallri jörðunni í greip sinni og vefur himnunum saman í hægri hendi sér. Dýrð sé Honum! Og hátt er Hann upphafinn yfir þá jafningja sem þeir eigna Honum!“³² Og dæm nú af sanngirni. Ef þessi ritningargrein táknaði það sem menn halda, að hvaða gagni kæmi hún þá manninum, mættum við spyrja? Auk þess er augljóst að engin hönd sýnileg mannlegu auga gæti framkvæmt slík verk og ekki væri heldur hægt að eigna hana upphöfnu eðli hins eina sanna Guðs. Nei, slík staðhæfing er aðeins opinskátt guðlast, algjör ranghverfa sannleikans. Og ef menn héldu að þessi ritningargrein ætti við opinberendum Guðs sem yrðu kvaddir á degi dómsins til að framkvæma slíkar gerðir virðist það einnig fjarri öllum sanni og slík hugmynd er vissulega einskis virði. Þvert á móti. Með orðinu „jörð“ er átt við jörð skilnings og þekkingar og með „himnum“ við himna guðlegrar opinberunar. Íhuga hvernig Hann hefur annars vegar með máttugri greip sinni breytt áður afhjúpaðri jörð þekkingar og skilnings í einskæra hnefayfylli og hins vegar breitt út nýja og upphafna jörð í hjörtum manna og þannig látið hin ferskustu

og unaðslegustu blóm og voldugustu og háleitustu tré spretta úr upplýstum brjóstum manna.

Íhuga enn fremur hvernig upphafnir himnar trúarkerfa fortíðarinnar hafa verið undnir saman af hægri hönd máttarins, hvernig himnar guðlegrar opinberunar hafa verið reistir upp með skipun Guðs og skryddir sól, mána og stjörnum undursamlegra boðorða Hans. Slíkir eru leyndardómar orðs Guðs sem hafa verið birtir og afhjúpaðir í þeim tilgangi að þú megir skynja árbjarna guðlegrar leiðsagnar, getir með valdi trausts og afneitunar slökkt á lampa hégómlegs hugarburðar, fánýtra ímyndana, hiks og efa og tendrað í innsta afkima hjarta þíns nýfætt ljós guðlegrar þekkingar og vissu.

Vit með vissu að tilgangurinn með öllum þessum táknrænu orðum og torræðu tilvitnunum, sem koma frá opinberendum heilags málstaðar Guðs, hefur verið sá að reyna þjóðir heimsins, svo að greina megi jörð hreinna og upplýstra hjartna frá spilltum og ófrjósömum jarðvegi. Frá ómunatíð hefur Guð beitt þessari aðferð meðal skepna sinna og þetta staðfesta skráðar sagnir hinna helgu bóka.

Og hugleið nú einnig opinberaða ritningargrein um „Qiblih“³³. Þegar Múhameð, sól spámennskunnar, hafði flúið frá dagsuppsprettu Bathá³⁴ til Yathrib³⁵ hélt Hann áfram þeim sið meðan Hann baðst fyrir að snúa ásýnu sinni til Jerúsalem, hinnar helgu borgar, allt fram til þess tíma er Gyðingar byrjuðu að hrakyrða Hann. Að endurtaka hrakyrðin hér væri óboðlegt þessum síðum og myndi þreyta lesandann. Múhameð var mjög misboðið með þessum orðum. Meðan Hann í djúpri hugleiðslu og undrun horfði til himins heyrði Hann ljúfa rödd Gabriels sem sagði: „Af hæðum sjáum Vér Þig snúa ásýnd þinni til himins; en Vér munum snúa Þér til Qiblih sem Þér mun hugnast.“³⁶ Næsta dag, þegar spámaðurinn bað hádegisbænina með félögum sínum og hafði framkvæmt tvær hinna lögboðnu rak'ah,³⁷ heyrðist rödd Gabriels aftur: „Bein augliti þínu til hinnar heilögu mosku.“³⁸ Í miðri þessari sömu bæn sneri Múhameð skyndilega ásýnd sinni frá Jerúsalem til Ka'bih. Þá greip mikil skelfing félaga spámansins. Reynt var vægðarlaust á trú þeirra. Svo mikill var ótti þeirra að margir hættu að biðjast fyrir og sneru baki við trú sinni. Vissulega olli Guð þessu uppnámi í þeim tilgangi einum að láta reyna til þrautar á þjóna sína. Annars hefði Hann, hinn fullkomni konungur, auðveldlega getað látið Qiblih verið óbreytta og Jerúsalem vera áfram miðdepil lofgjörðar í trúarkerfi Hans og ekki svipt þá helgu borg þeirri sérstöku hylli sem henni hafði verið sýnd.

Enginn hinna mörgu spámanna sem hafa verið sendir sem boðberar Guðs orðs frá því Móse var birtur, svo sem Davíð, Jesús og aðrir meðal hinna upphafnari opinberenda sem komu fram á tímaskeiðinu milli opinberana Móse og Múhameðs, breyttu nokkru sinni reglunni um Qiblih. Þessir sendiboðar Drottins sköpunarinnar hafa allir sem einn boðið þjóðum sínum að snúa sér í sömu átt. Í augum Guðs, hins fullkomna konungs, eru allir staðir jarðarinnar einn og hinn sami nema sá sem Hann ákvarðar sérstakt hlutverk á dögum opinberendanna. Líkt og Hann hefur opinberað: „Austrið og vestrið eru Guðs, því hvert sem þér snúið yður, þar er ásýnd Guðs.“⁴⁰ En þrátt fyrir þennan sannleika, hvers vegna hefði átt að breyta Qiblih og valda þannig undrun og ofboði meðal manna með þeim afleiðingum að félagar spámansins tvístigu og komust í slíkt uppnám? Já, slíkir atburðir sem slá hjörtu allra manna felmtri eru aðeins prófraun Guðs fyrir sérhverja sál svo að sannleikurinn megi koma í ljós og aðgreinast frá falsi. Því opinberaði Hann eftir þessa sundrung meðal mannanna: „Vér settum ekki Qiblih að þínum vilja heldur vildum Vér þekkja þá sem fylgja postulanum frá þeim sem snúast á hæla.“⁴¹ „Hræddar ösnur sem flýja ljón.“⁴²

Ef þú hugleiðir um stund þessi orð í hjarta þínu munt þú vissulega sjá hlið skilnings opnast og alla þekkingu og leyndardóma þeirra birtast augum þínum. Slíkir atburðir

verða aðeins til þess að sálir mannanna megi þroskast og frelsast úr þrisund sjálfs og ástríðu. Annars hefur sá fullkomni Konungur um alla eilífð í eðli sínu verið óháður skilningi allra vera og Hann verður um alla eilífð í sinni eigin verund upphafinn yfir vegaþömun sérhverrar sálar. Einn andblær auðlegðar Hans nægir til að skryða allt mannkyn kyrtli ríkidæmis og einn dropi úr hafi örlátrar náðar Hans nægir til að færa öllum verum dýrð eilífs lífs. En þar sem hið guðlega áform felur í sér að sannleikann skuli greina frá falsi og sól frá skugga, hefur Hann á sérhverri árstíð sent skúrir þolrauna niður yfir mannkynið frá ríki dýrðar sinnar.

Ef menn hugleiddu líf hinna fornu spámanna, myndi þeim veitast svo auðvelt að þekkja og skilja vegu þessara spámanna að þeir hættu að láta orð og gerðir, sem ganga gegn þeirra eigin veraldlegu ástríðum, byrgja sér sýn. Þannig myndu þeir eyða sérhverri byrgjandi blæju með eldinum sem brennur í runna guðlegrar þekkingar og fá tryggilega staðfestu í hásæti friðar og fullvissu. Íhuga til að mynda Móse, son 'Imráns, einn hinna upphöfnu spámanna og höfund guðlega opinberaðrar bókar. Er Hann dag einn gekk gegnum markaðinn á yngri árum sínum áður en ætlunarverk Hans var kunngert, sá Hann tvo menn fljúgast á. Annar þeirra bað Móse að hjálpa sér gegn andstæðingi sínum. Móse skarst þá í leikinn og drap hann. Þessu ber vitni texti hinnar helgu bókar. Ef skýra ætti frá smáatriðum myndi það lengja og trufla röksemdafærsluna. Fregnin um þetta atvik breiddist um borgina og Móse var óttasleginn eins og texti bókarinnar ber vitni. Og þegar viðvörðunin „Ó Móse! Vissulega taka höfðingjarnir ráð saman um að drepa Þig“⁴³ náði eyrum Hans, fór Hann úr borginni og tók sér bústað í Midíanslandi í þjónustu Shoeb's. Er Móse sneri aftur kom Hann í dalinn helga í Sínaí-eyðimörkinni. Þar vitraðist Konungur dýrðarinnar Honum í „trénu sem hvorki er af austri né vestri“⁴⁴. Þar heyrði Hann hugnæma rödd andans tala úr eldsloganum og bjóða Honum að upplýsa faraóíska sálir ljósi guðlegrar leiðsagnar og frelsa þær frá skuggunum í dal sjálfs og ástríðu svo þær mættu komast á gróðurlendi himnesks unaðar og frelsast með Salsabíl afneitunar frá villu fjarlægðar og gengið inn í friðsæla borg himneskrar návistar. Þegar Móse kom til faraós og flutti honum þessa himnesku orðsendingu að boði Guðs, mælti faraó í móðgunartón og sagði: „Ert þú ekki sá sem framdir morð og gerðist trúvillingur?“ Þannig skýrði Drottinn tignar frá þeim orðum sem faraó mælti við Móse: „Hvaða verknað hefur þú framið! Þú tilheyrir hinum vanþakklátu. Hann sagði: „Ég gerði það vissulega og tilheyrði þeim sem fór villur vegar. Og Ég flúði frá þér þegar Ég óttaðist þig, en Drottinn Minn hefur gefið Mér visku og gert Mig einn af postulum sínum.“⁴⁵

Og hugleið nú í hjarta þínu uppnámið sem Guð olli. Hugsa um þær einkennilegu og margvíslegu þrautir sem Hann reynir þjóna sína með. Íhugaðu hvernig Hann skyndilega útvaldi einn af þjónum sínum og treysti Honum fyrir upphöfnu hlutverki himneskrar leiðsagnar. Manni sem var þekktur fyrir morð og hafði sjálfur viðurkennt grimmd sína og sem í nær 30 ár hafði í auglýsni heimsins alist upp á heimili faraós og nærst við borð hans. Gat Guð, konungurinn almáttki, ekki haldið aftur af Móse, til þess að ekki mætti ásaka Hann um manndráp og valda þannig andúð og úrræðaleysi meðal manna?

Leið þér enn fremur í huga ástand og aðstæður Maríu. Svo mikið var úrræðaleysi þessarar undurfögru ásýndar og kringumstæður hennar svo hörmulegar, að hún harmaði beisklega að hafa nokkru sinni fæðst. Þessu ber vitni texti hins heilaga vers þar sem þess er getið að eftir að hún hafði fætt Jesúm kveinaði hún yfir hlutskipti sínu og hrópaði: „Ó, að ég hefði dáðið áður en til þessa kom og væri öldungis gleymd!“⁴⁶ Ég sver við Guð! Slíkt kvein tærir hjartað og skekur verundina. Slíkt felmtur einnar sálar, slík örtilnun, gæti ekki átt sér neinar aðrar orsakir en átölur óvinarins og aðfinnslur vantrúarmannsins og hinna öfugsnúnu. Íhuga – hvaða svar gat María gefið samferðafólki sínu? Hvernig gat

hún fullyrt að ófeðrað barn væri getið af heilögum anda? Þess vegna tók María, sú hulda og ódauðlega ásýnd, upp barn sitt og sneri heim. Fólkið hafði ekki fyrr komið auga á hana en það hóf upp raust sína og sagði: „Ó systir Aarons! Ekki var faðir þinn illmenni né móðir þín lauslát.“⁴⁷

Og hugleið nú þetta mesta umrót, þessa átakanlegu prófraun. Þrátt fyrir allt þetta íklæddi Guð þetta frumeðli andans, sem þekktur var meðal manna sem föðurlaysingi, dýrð spámenskunnar og gerði Hann að vitnisburði sínum öllum sem eru á himnum og jörðu.

Sjá hve ólíkir vegir opinberenda Guðs, sem Konungur sköpunarinnar hefur ákvarðað, eru aðferðum og ástríðum manna! Þegar þú skilur eðli þessara guðlegu leyndardóma munt þú skilja áform Guðs, hinnar guðlegu fegurðar, hins ástfóligna. Þú munt líta á orð og gerðir þessa almáttuga Yfirbjóðanda sem eitt og hið sama og það í þeim mæli, að hvaðeina sem þú sérð í gerðum Hans munt þú einnig finna í orðum Hans. Og hvaðeina sem þú lest í orðum Hans, þekkir þú aftur í gerðum Hans. Hið ytra eru því slíkar gerðir og orð hefndareldur fyrir illræðismennina og hið innra eru þau vatn miskunnar fyrir hina réttlátu. Ef auga hjartans opnaðist myndi það vissulega sjá að orðin sem opinberast frá himni vilja Guðs eru ígildi gerðanna sem hafa komið frá ríki guðlegs valds.

Og ver nú varkár, ó bróðir! Ef slíkir atburðir gerðust í þessu trúarkerfi og því líkir viðburðir yrðu á þessum tímum, hvað myndu mennirnir þá taka til bragðs? Ég sver við Hann sem er sannur fræðari mannkynsins og opinberandi orða Guðs: menn myndu án nokkurs vafa strax lýsa Hann trúvilling og dæma Hann til dauða. Hversu fjarri fer því að þeir hlýði á röddina sem segir: Sjá! Jesús hefur birst frá anda heilags anda og Móse er kallaður til verkefnis sem Guð hefur ákvarðað! Þótt aragrúi radda hljómaði myndi ekkert eyra hlusta, ef Vér segðum að föðurlaust barn hefði fengið spámannsköllun eða morðingi hlýtt á boðskapinn: „Sannlega, sannlega er Ég Guð!“ úr loga hins brennandi þyrnirunna.

Ef augu réttlætisins opnuðust myndu þau strax skynja í ljósi ofangreindra orða, að Hann sem er málstaður og hinsta áform allra þessara hluta er opinberaður á þessum degi. Þótt svipaðir viðburðir hafi ekki gerst í þessu trúarkerfi halda mennirnir samt fast við þess konar hégiljur sem óþokkinn elur með sér. Hversu hörmulegar eru ekki ákærurnar sem Hann er borinn! Hversu heiftugar eru ekki ofsóknirnar sem Hann er ofurseldur. Aldrei fyrr hafa menn orðið vitni að ákærum og ofsóknum sem jafnast á við þessar!

Máttugi Guð! Þegar flaumur orðanna var kominn á þetta stig sáum Vér og sjá! Ilmsætur blær Guðs barst frá dögum opinberunar og morgunandvari blés frá Sheba Hins eilífa. Tíðindi hans glöddu hjartað á ný og færðu sálinni óumræðilega gleði. Hann gerði alla hluti nýja og færði ótölulegar og ómetanlegar gjafir frá Hinum óþekkjanlega vini. Kyrtill mannglegrar vegsömunar getur aldrei vænst þess að sæma göfugri tignarstöðu hans. Klæði máls og orða geta aldrei hæft skínandi mynd hans. Hann afhjúpar innri leyndarmál án orða og birtir hulda dóma hinna guðlegu orða án máls. Hann kennir næturgölunum sem kvaka á greinum fjarlægðar og sorgar, kvein og andvörp, uppfræðir þá í list ástarinnar og sýnir þeim leyndardóminn sem býr í uppgjöf hjartans. Blómum í Ridván himneskrar sameiningar sýnir hann blíðuhót ástríðufulla elskhuga og afhjúpar töfra hins undurfagra. Anemónum í garði ástarinnar skýrir hann frá leyndarmálum sannleikans og hjörtum elskhuganna treystir hann fyrir táknum hinna innstu, óskilgreinanlegu leyndardóma. Á þessari stundu er úthelling náðar hans svo ríkuleg að sjálfur heilagur andi fyllist öfund! Hann hefur gert dropann að bylgjum hafsins og gætt mýfluguna ljóma sólarinnar. Svo mikil er úthelling örlætis hans að auvirðilegasta bjalla hefur leitað moskusilmsins og leðurblakan ljóss sólarinnar. Hann hefur lífgað hina dauðu

með anda lífsins og fengið þá til að hraða sér út úr gröfum dauðlegra líkama sinna. Hann hefur staðfest hinn fáfróða í sessi lærdóms og hafið kúgarann í hásæti réttlætis.

Alheimurinn er þrunginn þessum margbreytilegu og ósýnilegu gjöfum og bíður þeirrar stundar þegar áhrifa þeirra fer að gæta í þessum heimi og hinir löngunarfullu og sárþyrstu höndla Kawthar síns heittelskaða og vegvilltur förumaður, týndur á auðnum fjarlægðar og eiveru, gengur inn í helgidóm lífsins og sameinast þrá hjarta síns. Úr jarðvegi hvaða hjarta munu þessi heilögu fræ vaxa? Í garði hvaða sálar munu blóm hins ósýnilega raunveruleika spretta? Sannlega segi Ég, svo ákaft logar eldurinn í runna ástarinnar á Sínaí hjartans að niðandi vötn heilags máls fá aldrei slökkt loga þess. Úthöfin geta aldrei svalað brennandi þorsta þessa Levjatans og þessi Fönix hins ódeyjandi elds getur hvergi unnt sér hvíldar nema í ljómanum frá ásýnd Hins heittelskaða. Kveiktu því, ó bróðir minn, á lampa andans með olíu visku í innsta afkima hjarta þíns og vernda hann í ljóshjálm skilnings, svo að andi trúvillingsins geti ekki slökkt loga hans né snúið birtu hans í myrkur. Þannig höfum Vér upplýst himin máls dýrlegu sólarljósi himneskrar visku og skilnings svo að hjarta þitt megi finna frið og þú getir tilheyrt þeim sem hafa svifið á vængjum fullvissu til himins ástar Drottins síns, hins almiskunnsama.

Og nú hvað varðar orð Hans: „Þá mun tákn Mannssonarins birtast á himni.“ Þessi orð merkja að þegar sól himneskra kenninga hefur sortnað, stjörnur guðlegrar lagasetningar hafa hrapað og tungl sannrar þekkingar – fræðari mannkynsins – hefur snúist í myrkur, mælikvörðum leiðsagnar og hamingju verið umsnúið og morgunn sannleika og réttlætis orðið næturmyrkri að bráð, þá mun tákn Mannssonarins birtast á himni. Með „himni“ er átt við hinn sýnilega himin, því að þegar sú stund nálgast að sólin á himni réttlætis birtist og örk guðlegrar leiðsagnar siglir á hafi dýrðar kviknar stjarna á himnum og boðar þjóð sinni komu þess æðsta ljóss. Á sama hátt mun stjarna birtast á ósýnilega himninum og verða fyrirboði um komu hins sanna og upphafna morguns. Þetta tvöfalda tákn á hinum sýnilega og ósýnilega himni hefur boðað opinberun sérhvers spámanns Guðs, eins og almennt er talið.

Meðal spámanna var Abraham, vinur Guðs. Áður en Hann kunngerði köllun sína dreymdi Nimrod draum. Síðan kallaði hann á spásagnamenn sem sögðu honum að stjarna væri risin á himni. Sömuleiðis kom kallari sem fór um allt landið og tilkynnti komu Abrahams.

Eftir Hann kom Móse sem átti samræður við Guð. Spásagnamenn Hans tíma voruðu faraó við með þessum orðum: „Stjarna er risin á himni og sjá! Hún boðar fæðingu barns sem heldur örlögum þínum og þjóðar þinnar í höndum sér.“ Á sama hátt birtist vitringur sem í húmi nætur færði lýð Ísraels fagnaðartíðindi, sálum þeirra huggun og fullvissu hjörtum þeirra. Þessu bera vitni textar hinna helgu bóka. Ef allt væri tínt til yrði þessi pistill að bók. Auk þess er ekki ætlun Vor að segja sögur um liðna daga. Guð ber Oss vitni að það sem Vér nú segjum, segjum Vér aðeins sakir elsku í þinn garð, svo að hinir fátæku á jörðinni megi ná til sjávarstranda auðæfa, hinir fáfróðu verða leiddir til hafs himneskrar þekkingar og þeir sem þrá skilning neyta af Salsabíl himneskrar visku. Annars lítur þessi þjónn á íhugun slíkra texta sem alvarleg mistök og hörmulega yfirtroðslu.

Sömuleiðis vissu nokkrir vitringanna þegar stund opinberunar Jesú nálgadist að stjarna Hans hafði birst á himnum. Þeir leituðu hennar og fylgdu henni uns þeir komu til þeirrar borgar sem var aðsetur ríkis Heródesar. Yfirráð hans á þeim dögum náðu til allra innbyggjara þess lands.

Þessir vitringar sögðu: „Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga? Við sáum stjörnu hans renna upp og erum komnir til að veita honum lotningu.“⁴⁸ Er þeir höfðu leitað komust þeir að raun um að í Betlehem, í landi Júdeu, var barn fætt. Þetta tákni var birt á hinum sýnilega himni. Hvað snertir táknið á hinum ósýnilega himni – himni guðlegrar þekkingar og skilnings – þá var það Yaḥyá, sonur Sakaríá sem flutti mönnunum tíðindin um birtingu Jesú. Líkt og Hann hefur opinberað: „Guð boðar þér Yaḥyá sem á að bera vitni orði frá Guði og er mikilmenni og skírlífur.“⁴⁹ Merking „orðsins“ er Jesú og Yaḥyá sagði fyrir komu Hans. Auk þess stendur skrifað í hinum himnesku ritningum: „Á þeim dögum kemur Jóhannes skírari fram og prédikar í óbyggðum Júdeu með þessum orðum: „Takið sinnaskiptum, himnaríki er í nánd.““⁵⁰ Með Jóhannesi er átt við Yaḥyá.

Áður en fegurð Múhameðs var afhjúpuð voru tákni hins sýnilega himins birt með sama hætti. Hvað varðar tákni hins ósýnilega himins birtust fjórir menn hver á fætur öðrum og tilkynntu mönnunum fagnaðartíðindin um dögum þessa guðlega ljósgjafa. Rúz-bih, seinna nefndur Salmán, naut þess heiðurs að vera í þjónustu þeirra. Er dauði eins þeirra nálgast sendi hann Rúz-bih til hins næsta, uns hinn fjórði er fann dauðann nálgast ávarpaði Rúz-bih og sagði: „Ó Rúz-bih! Þegar þú hefur tekið líkama minn og jarðsett hann, far til Híjáz, því þar mun sól Múhameðs rísa. Sæll ert þú því þú munt líta ásýnd Hans!“

Og nú hvað varðar þennan undursamlega og upphafnasta málstað: Vit með vissu, að fjöldi stjörnufræðinga hefur tilkynnt að stjarna hans muni birtast á hinum sýnilega himni. Einnig birtust Aḥmad og Kázim,⁵¹ þessi tvö skínandi ljós – megi Guð helga legstaði þeirra!

Af öllu sem Vér höfum greint frá má ljóst vera að fyrir opinberun sérhvers spegils sem endurspeglar hina guðlegu verund hljóta táknið sem boða komu þeirra að opinberast bæði á hinum sýnilega og ósýnilega himni sem er aðsetur sólar þekkingar, tungls visku og stjarna skilnings og máls. Táknið hins ósýnilega himins verða að birtast í persónu þess fullkomna manns sem kemur á undan sérhverjum opinberanda og uppfræðir og undirbýr sálir mannanna fyrir komu þessa guðlega ljósgjafa, ljóss einingar Guðs meðal manna.

Og nú hvað varðar orð Hans: „Þá ... [munu] allar kynkvíslir jarðar hefja kveinstafi. Og menn munu sjá Mannssoninn koma á skýjum himins með mætti og mikilli dýrð.“ Þessi orð tákna að á þeim dögum munu menn kveina yfir missi sólar guðlegrar fegurðar, tungls þekkingar og stjarna guðlegrar visku. Síðan munu þeir líta ásýnd Hins fyrirheitna, hinnar vegsömuðu fegurðar, stíga niður frá himnum og koma í skýjunum. Þetta táknar, að Hin guðlega fegurð verður birt frá himni vilja Guðs og kemur í formi mannlegs musteris. Orðið „himinn“ táknar hátign og upphafningu, því hann er sá staður þar sem opinberendur heilagleikans, sólr aldinnar dýrðar, opinberast. Þótt þessar öldnu verur komi úr móðurkviði hafa þær í raun stigið niður frá himni vilja Guðs. Þótt þær dvelji á þessari jörðu eru sönn hífli þeirra athvarf dýrðar í ríkjum hið efra. Þótt þær gangi á meðal dauðlegra manna, svífa þær á himnum guðlegrar nálægðar. Án fóta ganga þær stíga andans og án vængja rísa þær upp til háleitra hæða guðlegrar einingar. Á sérhverju hraðfleygu andartaki spanna þær ómælanleik alheimsins. Í hverri andrá ferðast þær um ríki hins sýnilega og ósýnilega. Á hásæti þeirra stendur skrifað: „Ekkert hindrar Hann í að vera upptekinn af einhverju öðru.“ Og á sess þeirra eru letruð orðin: „Sannlega, nýjar leiðir fer Hann á hverjum degi.“⁵² Þær eru sendar út með yfirskilvitlegu afli Hins aldna og eru reistar upp af upphöfnum vilja Guðs, hins máttugasta konungs. Þetta er það sem átt er við með orðunum „koma á skýjum himins“.

Í máli hinna guðlegu ljósgjafa hefur orðið „himinn“ verið notað um marga hluti og fjölbreytta; t.d. „himinn skipunar“, „himinn vilja“, „himinn guðlegs áforms“, „himinn guðlegrar þekkingar“, „himinn fullvissu“, „himinn máls“, „himinn opinberunar“, „himinn dular“, o.s.frv. Í hverju tilviki notar Hann orðið „himinn“ í ákveðinni merkingu. Þýðing hennar er ekki opinberuð neinum nema þeim sem eru innvígðir í guðlega leyndardóma og hafa drukkið af kaleik ódauðlegs lífs. Hann segir til dæmis: „Himinninn hefur fæðu fyrir þig og geymir það sem þér hefur verið lofað“,⁵³ jafnvel þótt það sé jörðin sem gefi slíka fæðu. Enn fremur hefur verið sagt: „Nöfnin koma frá hinnum“, þótt þau komi af vörum manna. Ef þú hreinsaðir spegil hjarta þíns af ryki meinfýsni myndir þú skilja merkingu hinna táknrænu orða sem eru opinberuð af alltumlykjandi orði Guðs, sem er birt í sérhverju trúarkerfi. Þú myndir uppgötva leyndardóma guðlegrar þekkingar. Þó getur þú ekki séð skínandi morgun sannrar þekkingar fyrr en þú eyðir þeim blæjum fánýts lærdóms sem tíðkast meðal manna með eldi algjörðs aðskilnaðar.

Vita skaltu í sannleika að þekking er tvenns konar: guðdómleg og djöfulleg. Önnur kemur frá brunni guðlegs innblásturs; hin er einungis endurspeglun hégómlegra og myrkra hugsana. Uppspretta hinnar fyrri er Guð sjálfur. Hreyfiafl hinnar síðari er hvískur eigingjarnar ástríðu. Önnur hefur að leiðarljósi orðin: „Óttast Guð og Guð mun veita þér þekking.“⁵⁴ Hin er aðeins staðfesting á sannleika orðanna: „Þekking er hin hörmulegasta blæja milli manns og skapara hans.“ Hin fyrri laðar fram ávexti þolinmæði, löngunarfullrar þrár, sanns skilnings og ástar, en hin síðari gefur ekkert af sér nema hroka, hégómafíkn og dramb. Ekki er með neinu móti hægt að finna ódaun þessara torræðu fræðikenninga, sem hafa hjúpað heiminn myrkri, af ummælum þeirra meistara heilags máls sem hafa útskýrt merkingu sannrar þekkingar. Tré slíkrar þekkingar getur ekki gefið af sér neitt nema ójöfnuð og uppreisn og ber enga ávexti nema hatur og öfund. Ávöxtur þess er banvænt eitur; skuggi þess eyðandi eldur. Hversu vel hefur ekki verið komist að orði: „Hald fast við kyrtlinn sem þrá hjarta þíns íklæðist og vík frá þér allri smán; bið hina veraldarvísu að víkja frá þér, hversu þekkt sem nöfn þeirra eru.“

Hjartað verður því að hreinsa af fánýtum ummælum manna og helga frá sérhverri jarðneskri ást, svo það megi uppgötva dulda merkingu guðlegs innblásturs og verða fjárhirsla leyndardóma guðdómlegrar þekkingar. Því hefur verið sagt: „Hann sem fetar hinn fannhvíta stíg og fylgir hinum fagurrauða stólpa mun aldrei komast til híbýla sinna nema hendur hans séu tómar af þeim veraldlegu hlutum sem mönnum eru kærir.“ Þetta er fyrsta krafan sem gerð er til hvers og eins sem gengur þennan veg. Íhuga þessi orð svo að þú getir með skýrri sýn skilið sannleika þeirra.

Vér höfum vikið frá markmiði röksemdafærslu okkar, jafnvel þótt allt sem sagt hefur verið þjóni þeim tilgangi einum að staðfesta markmið Vort. Sem Guð lifir! Hversu heitt sem Vér þráum að vera stutturðir getum Vér samt ekki hamið penna Vorn. Þrátt fyrir allt sem Vér höfum sagt hvílikur aragrúi af perlum dylst ekki í skel hjarta Vors! Hversu margar húrís innri merkinga dyljast ekki enn í vistarverum guðlegrar visku! Enginn hefur nálgast þær; – húrís sem „hvorki maður né andi hefur áður snert“.⁵⁵ Þrátt fyrir allt sem sagt hefur verið virðist sem ekki einn einasti bókstafur tilætlunar Vorrar hafi verið festur á blað né einu einasta tákni ljóstrað upp um málefni Vort. Hvenær kemur trúfastur leitandi fram sem klæðist kyrtli pílagrimsins, nær til Ka‘bih hjartans þrár sinnar og uppgötvar leyndardóma guðlegs máls án eyra eða tungu?

Þannig hefur merking „himinsins“ í ofangreindum versum verið skýrð til fullnustu með þessum upplýsandi, ótvíræðu og ljósu fullyrðingum. Og nú hvað varðar orð Hans þess efnis, að Mannssonurinn komi „á skýjum himins“. Með orðinu „ský“ er átt við þá

hluti sem eru andstæðir aðferðum manna og ástríðum þeirra. Líkt og Hann hafði opinberað í áður nefndri ritningargrein: „Ætíð þegar postuli kemur til yðar með það sem sálir yðar vilja ekki, bólgnið þér upp af drambi, sakið suma um svik og drepnið aðra.“⁵⁶ Þessi „ský“ tákna á einn hátt ógildinguna laganna, afnám fyrri trúarkerfa, höfnun helgisíða og venja sem tíðkast meðal manna, upphafningu hinna ómenntuðu og trúföstu yfir lærða andstæðinga trúarinnar. Í öðrum skilningi tákna þau opinberun þeirrar ódauðlegu fegurðar í mynd dauðlegs manns sem er háður mannlegum takmörkunum, svo sem mat og drykk, fátækt og ríkidæmi, dýrð og niðurlægingu, svefni og vöku og öðrum þeim hlutum sem varpa efa í hugi manna og valda fráhrarfi þeirra. Allar slíkar slæður eru á táknrænu máli nefndar „ský“.

Þetta eru „skýin“ sem valda því að himnar þekkingar og skilnings allra sem dvelja á jörðu klofna. Líkt og Hann hefur opinberað: „Á þeim degi munu skýin kljúfa himininn.“⁵⁷ Líkt og skýin byrgja auganu sólarvísarinnar, þannig koma þessir hlutir í veg fyrir að sálir manna beri kennsl á birtu Hins guðlega ljósgjafa. Þessu bera vitni orð vantrúarmanna, eins og opinberað hefur verið í hinni helgu bók: „Og þeir hafa sagt: ‚Hvers konar postuli er þetta? Hann neytir matar og gengur um strætin. Ef ekki kemur engill af himni sendur og staðfestir viðvaranir Hans, munum við ekki trúa.“⁵⁸ Aðrir spámenn hafa á sama hátt þjáðst vegna fátæktar og harðræðis, hungurs, hörmunga og umskipta þessa heims. Þar sem þessar helgu persónur urðu að líða slíkan skort og neyð villtust mennirnir á auðnum kvíða og efasemda, lostnir undrun og ráðleysi. Þeir furðaði sig á hvernig slík persóna gæti verið send frá Guði, staðfest yfirráð sín yfir öllum þjóðum og kynkvíslum jarðarinnar og sagt sig vera markmið allrar sköpunarinnar – líkt og Hann hefur sagt: „Ef ekki væri Þín vegna hefði Ég ekki skapað allt á himnum og á jörðu“ – og samt orðið að þjáast vegna svo smávægilegra hluta. Þér hefur án efa verið skýrt frá þjáningunum, fátæktinni, hörmungunum og auðmýkingunum sem fallið hafa í hlut sérhvers spámanns Guðs og félaga Hans. Þú hlýtur að hafa heyrt hvernig höfuð fylgjenda þeirra voru send sem gjafir til ýmissa borga, með hve hraksmánarlegum hætti þeir voru hindraðir í að gera það sem þeim hafði verið boðið. Sérhver þeirra varð óvinum málstaðar Hans að bráð og þurfti að þola það sem lagt var á hann.

Það er augljóst að umbyltingarnar sem verða í sérhverju trúarkerfi eru þau dimmu ský sem byrgja mannlegum skilningi sýn á þeim himnesku ljósgjöfum sem skína frá dagsbrún guðdómlegs eðlis. Íhuga hvernig menn hafa kynslóð eftir kynslóð líkt í blindni eftir forfeðrum sínum og hlotið uppeldi og þjálfun í samræmi við fyrirmæli trúar sinnar. Ef þessir menn kæmust skyndilega að raun um að Maður sem lifir mitt á meðal þeirra, háður sömu mannlegu takmörkunum og þeir sjálfir, væri byrjaður að nema úr gildi allar viðurkenndar meginreglur trúar þeirra – reglur sem voru lagðar til grundvallar uppeldi þeirra og þjálfun og sérhver afneitari eða andstæðingur þeirra talinn trúvillingur, siðleysingi og illmenni – yrðu þeir vissulega slegnir blindu og gætu ekki viðurkennt sannleika Hans. Þetta eru „skýin“ sem byrgja þeim sýn sem innra með sér hafa ekki fundið keiminn af Salsabíl andlegrar lausnar né drukkið af Kawthar þekkingar Guðs. Þegar þeir mæta slíkum aðstæðum blindast þeir svo að án nokkurs hiks lýsa þeir opinberanda Guðs trúvilling og dæma Hann til dauða. Þú hlýtur að hafa heyrt um slíka atburði sem gerst hafa á öllum öldum og sérð þá gerast nú á dögum.

Því sæmir okkur að sýna ítrústu viðleitni og leita ósýnilegrar aðstoðar Guðs svo að þessar dimmu blæjur, þessi ský prófrauna af himni ofan, byrgi okkur ekki sýn á geislandi fegurð ásýndar Hans og við getum aðeins þekkt Hann af Hans eigin sjálfi. Og ef við biðjum um sönnun fyrir sannleika Hans ættum við að gera okkur eina, og aðeins eina, að góðu svo að okkur takist með því móti að ná til Hans sem er uppspretta óendanlegrar

náðar. Allar gnægtir jarðar verða að engu í návist Hans. Þannig gætum við látið af því að álasa Honum á hverjum degi og varpað burt fánýtum heilafóstrum okkar.

Miskunnsami Guð! Þrátt fyrir viðvaranir sem á dásamlegu táknmáli og í óræðum vísbendingum hafa verið gefnar á umliðnum dögum og áttu að vekja þjóðir jarðarinnar og koma í veg fyrir að þær færu á mis við sinn skerf af svellandi úthafi náðar Guðs, hafa þeir viðburðir gerst sem við þegar höfum orðið vitni að! Tilvísanir til þeirra má einnig finna í Kóraninum eins og sjá má af þessu vers: „Hvers geta slíkir menn vænst annars en að Guð komi niður til þeirra yfirskyggður í skýjunum?“⁵⁹ Allmargir guðsmannanna sem halda fast við bókstaf orðs Guðs hafa litið á þetta vers sem eitt af táknum um upprisuna sem aðeins er til í þeirra eigin hégómlegu ímyndun. Og það þrátt fyrir þá staðreynd að hægt er að finna svipaðar tilvísanir í flestum himneskum bókum og standa í öllum ritningarversum sem tengjast táknum komandi birtingar.

Sömuleiðis sagði Hann: „Á þeim degi er himinninn gefur frá sér dimman reyk sem umlykur mannkynið: Það verður sár þjáning.“⁶⁰ Hinn aldýrlegi hefur ákvarðað einmitt þessa hluti sem eru andstæðir óskum illra manna sem mælikvarða og prófstein á þjóna Hans, svo þekkja megi hinn réttláta frá hinum rangláta og hinn trúfasta frá trúvillingnum. Táknorðið „reykur“ merkir alvarlegan ágreining, afnám og eyðingu viðurkenndra mælikvarða og fullkomna tortímingu þröngsýnna talsmanna þeirra. Hvaða reykur er ápreifanlegri og ægilegri en sá sem nú umlykur allar þjóðir jarðarinnar og kvelur þær? Þær eru allsendis ófærar um að komast undan honum hversu mjög sem þær reyna. Svo heiftugur er þessi eldur sjálfsins sem brennur hið innra með þeim að á hverju andartaki virðast þær lostnar nýjum hörmungum. Því meira sem þær heyra um þennan undursamlega málstað Guðs, þessa opinberun frá Hinum hæsta – að hún hafi verið birt öllu mannkyni og eflist og vaxi með hverjum degi – þeim mun heitar brennur eldurinn í hjörtum þeirra. Því meira sem þær sjá af ósigrandi styrk, fullkominni afneitun, óskeikulli staðfestu heilagra féлага Guðs sem með Guðs hjálp verða göfugri og dýrlegri með hverjum degi, þeim mun dýpri verður óttinn sem tærir sálir þeirra. Á þessum dögum, lof sé Guði, hefur vald orðs Hans náð slíkum tókum á mönnunum að þeir þora ekki að mæla orð frá vörum. Ef þeir hittu einn féлага Guðs sem myndi fús og glaður fórna tíu þúsund lífum fyrir Ástvin sinn ef hann gæti það yrðu þeir svo óttaslegnir, að þeir myndu strax játa trú sína á Hann, en í leyndum myndu þeir vanhelga og svívirða nafn Hans! Líkt og Hann hefur opinberað: „Og þegar þeir mæta ykkur segja þeir: ‚Við trúum‘ en þegar þeir eru fjarri ykkur, bíta þeir í fingur sína af heift gegn yður. Seg: ‚Deyið í heift ykkar!‘ Guð þekkir vissulega innstu afkima hjartna ykkar.“⁶¹

Áður en langt um líður munu augu þín líta fána guðlegs valds dregna að hún á öllum svæðum og tákn sigrandi máttar og yfirráða birtast í sérhverju landi. Þar sem flestum guðsmannanna hefur ekki tekist að skilja merkingu þessara versa og hafa ekki skilið þýðingu upprisudagsins, hafa þeir fávíslega túlkað þessi vers samkvæmt hégómlegum og gölluðum hugmyndum sínum. Hinn eini sanni Guð er Mér vitni! Þeir þurfa ekki að hafa mikinn skilning til að geta ráðið af táknmáli þessara tveggja ritningarversa allt sem Vér höfum viljað útskýra og ganga þannig fyrir náð Hins almiskunnsama inn í skínandi morgun fullvissunnar. Þetta eru ómar hinna himnesku söngva sem ódauðlegur Fugl himinsins, syngjandi á Sadrih Bahá, lætur hljóma allt um kring, svo að þú megir með leyfi Guðs ganga stigu himneskrar þekkingar og visku.

Og nú hvað varðar orð Hans: „Hann mun senda út engla sína....“ Með „englum“ er átt við þá sem styrktir mætti andans hafa með eldi ástar Guðs eytt öllum mannlegum einkennum og takmörkunum og íklæðst eigindum hinna upphöfnustu vera og kerúba. Sá helgi maður, Şádiq,⁶² sagði í lofræðu sinni um kerúbana: „Lið trúbræðra okkar úr

flokkii shía-múslíma stendur að baki hásetinu. “Margar mismunandi túlkanir eru til á orðunum „að baki hásetinu“. Í vissum skilningi gefa þau til kynna að enginn sannur shía-múslími sé til. Líkt og hann hefur sagt í annarri málsgrein: „Sönnun átrúanda er líkt við stein heimspekingsins.“ Er hann síðan ávarpaði áheyranda sinn sagði hann: „Hefur þú nokkru sinni séð stein heimspekingsins?“ Íhuga hvernig þessi táknaðu orð, snjallari en nokkur bersögul ræða, bera því vitni að enginn sannur átrúandi er til. Slíkur er vitnisburður Şádiq. Og íhuga nú ósanngirni þeirra fjölmörgu sem ekki hafa sjálfir andað að sér ilmi trúarinnar, en fordæma þá sem trúvillinga sem með orðum sínum grundvalla og staðfesta sjálfa trúna.

Og þar sem þessar heilögu verur hafa helgað sig frá sérhverri mannlegri takmörkun, íklæðst eigindum hins andlega og skryðst göfugum einkennum hinna blessuðu, hafa þær verið nefndar „englar“. Þetta er þýðing þessara versa. Sérhvert orð þeirra hefur verið útskýrt með aðstoð hinna skýrustu texta, áhrifamestu röksemda og áreiðanlegustu sannana.

Þar sem fylgjendur Jesús hafa aldrei skilið hulda merkingu þessara orða og þar eð táknið sem þeir og trúarleiðtogar þeirra hafa beðið eftir hafa aldrei komið fram neituðu þeir allt fram til þessa dags að viðurkenna sannleika þeirra opinberanda heilagleikans sem hafa verið birtir síðan á dögum Jesú. Þeir hafa þannig svipt sjálfa sig úthellingu heilagrar náðar Guðs og undrum guðlegra orða Hans. Svo lág er staða þeirra á þessum degi upprisunnar! Þeir hafa ekki einu sinni getað skilið, að ef táknið opinberanda Guðs á sérhverri öld birtust í sýnilega ríkinu í samræmi við texta staðfesta arfsagna, gæti enginn afneitað þeim eða snúið við þeim baki og ekki væri hægt að aðgreina hinn blessaða frá hinum vesæla og yfirtroðslumanninn frá þeim sem óttast Guð. Dæm af sanngirni. Ef spádómarnir sem skráðir eru í guðspjöllunum rættust bókstaflega; ef Jesús, sonur Maríu, stigi niður í skýjunum í fylgd engla frá hinum sýnilega himni, hver myndi þora að sýna vantrú, hver myndi dirfast að hafna sannleikanum og bera sig drembilega? Nei, slíkt ofboð myndi strax grípa alla sem eru á jörðu, að engin sál gæti mælt orð frá vörum hvað þá heldur hafnað sannleikanum eða viðurkennt hann. Vegna þess að mörgum kristnum guðsmönnum tókst ekki að skilja þessi sannindi, andmæltu þeir Múhamed og gáfu andstöðu sína til kynna með orðum sem þessum: „Ef þú ert í sannleika spámaðurinn fyrirheitni, hvers vegna eru englarnir ekki í för með þér sem heilagar bækur okkar sögðu fyrir; þeir sem eiga að stíga niður með Hinni fyrirheitnu fegurð til að aðstoða Hann við opinberun Hans og aðvara þjóð Hans?“ Hinn aldýrlegi skráði fullyrðingar þeirra þannig: „Hvers vegna hefur engill ekki verið sendur með Honum okkur til varnaðar?“⁶³

Slík mótmæli og deilur hafa blossað upp á öllum öldum. Mennirnir hafa ævinlega verið uppteknir af þessum villandi hugleiðingum og mótmælt til fánýtis: „Hvers vegna hefur ekki þetta eða hitt táknið komið fram?“ Þeir rötuðu í þessar þrengingar vegna þess eins að þeir höfðu samið sig í einu og öllu að háttum guðsmanna samtímans og fylgdu þeim að máli hvort heldur þeir viðurkenndu eða höfnuðu þessum frumverundum sjálfslausnar, þessum helgu og guðlegu verum. Þar sem þessir leiðtogar voru ofurseldir eigingjörnum ástríðum sínum og sóttust eftir tímanlegum og auvirðilegum hlutum, hafa þeir talið að þessir guðlegu ljósgjafar stæðust ekki mælikvarða þekkingar þeirra og skilnings og væru andsnúnir aðferðum þeirra og dómum. Þar sem þeir hafa túlkað bókstaflega orð Guðs ásamt orðum og arfsögnum bókstafa einingarinnar og útskýrt þau samkvæmt sínum eigin takmarkaða skilningi, hafa þeir svipt sig og gervalla þjóð sína örlátu regni náðar og miskunnar Guðs. Og samt bera þeir vitni þessari vel þekktu arfsögn: „Vissulega er orð Vort torskilið, afar torskilið.“ Í öðru tilviki er sagt: „Málstaður

Vor er erfið prófraun, ákaflega torræður; enginn fær borið hann nema eftirlæti himnanna eða innblásinn spámaður og sá sem Guð hefur reynt í trú sinni.“ Þessir trúarleiðtogar viðurkenna að ekkert þessara þriggja tilgreindu skilyrða eigi við þá. Það er augljóst, að þeir uppfylla ekki fyrstu tvö skilyrðin og hvað hið þriðja varðar er ljóst að þeir hafa aldrei verið sönnun gegn þeim þolraunum sem Guð hefur sent. Og þegar hinn guðlegi prófsteinn birtist kom í ljós að þeir voru einskær sori.

Máttugi Guð! Þótt þessir guðsmenn viðurkenni sannleiksgildi þessara arfsagna deila þeir enn og draga í efa torskilin atriði í guðfræði trúar sinnar og telja sig samt sem áður skýrendur óræðra atriða í lögum Guðs og innstu leyndardóma heilags orðs Hans. Þeir staðhæfa, fullvissir í sinni sök, að arfsagnirnar sem vísa til komu Hins fyrirheitna Qá'im hafi ekki enn ræst, en sjálfir hafa þeir ekki andað að sér ilmi merkingar þessara arfsagna og gleyma enn þeirri staðreynd að öll táknið sem sögð voru fyrir eru komin fram; að vegur heilags málstaðar Guðs hefur verið birtur og að herskari hinna trúföstu, skjótur sem elding, gengur nú á þessu andartaki þennan veg meðan þessir fávísu guðsmenn bíða með eftirvæntingu eftir því að verða vitni að hinum fyrirheitnu táknum. Seg, ó þér fávísir! Bíðið eins og þeir sem fóru á undan yður bíða enn þann dag í dag!

Væru þeir spurðir um þau táknið sem eiga að boða opinberun og upprás sólar trúarkerfis Múhameðs sem Vér þegar höfum vísað til – og ekkert þeirra hefur ræst bókstaflega – og ef sagt væri við þá: „Hvers vegna hafið þið hafnað tilkalli kristinna manna og fylgjenda annarra trúarbragða og litið á þá trúvillinga?“ myndu þeir ekki vita hverju þeir ættu að svara og segðu: „Þessar bækur hafa verið rangfærðar. Þær eru ekki og hafa aldrei verið frá Guði.“ Íhuga: Orð versanna sjálfra bera mælskt vitni þeim sannleika að þau eru frá Guði. Svipað vers hefur einnig verið opinberað í Kóraninum, ef þér tilheyrið þeim sem skilja. Sannlega segi Ég, allan þennan tíma hefur þeim gjörsamlega mistekist að skilja hvað átt er við með rangfærslu textanna.

Já, í ritningunum og orðum speglanna sem endurvarpa sól trúarkerfis Múhameðs, hefur verið minnst á „endurbætur sem upphafnar verur hafa gert“ og „breytingar sem hinir fyrirlitlegu hafa framkvæmt“. Slík orð vísa þó aðeins til einstakra tilvika. Meðal þeirra er sagan um Ibn-i-Súríyá. Þegar lýður Khaybars spurði miðdepil múhameðsku opinberunarinnar um refsingu fyrir hór sem kvæntur maður drýgir með konu annars manns, svaraði Múhameð og sagði: „Lög Guðs segja að bæði skuli grýtt til dauða.“ En þá mótmæltu þeir og sögðu: „Engin slík lög hafa verið opinberuð í Mósebókum.“ Múhameð svaraði og sagði: „Hvern meðal rabbía yðar teljið þér fremstan og fróðastan um sannleikann?“ Þeir komu sér saman um Ibn-i-Súríyá. Síðan kallaði Múhameð hann til sín og sagði: „Ég heiti á þig í nafni Guðs sem klauf fyrir ykkur hafið, lét manna falla af himnum yfir ykkur og skýið yfirskyggja ykkur, sem frelsaði ykkur frá faraó og þjóð hans og upphóf ykkur yfir allar mannverur, að segja okkur hvað Móse mælti fyrir um varðandi hór sem kvæntur maður drýgir með konu annars manns.“ Hann svaraði: „Ó Múhameð! Lögin bjóða að bæði skulu grýtt til dauða.“ Múhameð sagði: „Hvers vegna hafa þessi lög þá verið afnumin og eru ekki lengur í gildi meðal Gyðinga?“ Hann svaraði og sagði: „Þegar Nebúkadnesar eyddi Jerúsalem með eldi og líflét Gyðinga, komust aðeins fáeinir undan á lífi. Er guðsmenn þeirrar aldar hugleiddu hversu fáir Gyðingar voru eftir og hversu fjölmennir Amalekitarnir voru, tóku þeir ráð saman og komust að þeirri niðurstöðu að ef lagaákvæðum Mósebóka væri fylgt, hefðu allir sem voru frelsaðir úr höndum Nebúkadnesars verið líflátnir samkvæmt dómi bókarinnar. Í ljósi þessara yfirvegana felldu þeir með öllu úr gildi dauðarefsinguna.“ Á meðan innblés Gabríel upplýstu hjarta Múhameðs þessum orðum: „Þeir rangfæra textann sem geymir orð Guðs.“⁶⁴

Þetta er eitt þeirra dæma sem hefur verið vísað til. Í sannleika er með „rangfærslu“ textans ekki átt við það sem þessar fávísu og lítilmótlegu sálir hafa ímyndað sér, líkt og sumir halda því fram að guðsmenn gyðinga og kristinna manna hafi afmáð af bókinni þau vers sem upphefja og vegsama ásýnd Múhameðs og í staðinn sett hið gagnstæða. Hversu fullkomlega fánýt og rangsnúin eru ekki þessi orð! Getur maður sem trúir á bók og telur hana vera innblásna af Guði rangfært hana? Auk þess hafði Mósebókum verið dreift um allt yfirborð jarðar og þær voru ekki aðeins til í Mekka og Medína til þess að þeir gætu þar í leyndum brenglað og rangfært texta þeirra. Nei, með afbökun textans er öllu fremur átt við það sem allir guðsmenn múslíma eru að gera í dag: að túlka heilaga bók Guðs samkvæmt fánýtum hugarburði sínum og hégómlegum ástríðum. Og þar sem Gyðingar á tímum Múhameðs túlkuðu þessi vers Mósebóka sem vísuðu til opinberunar Hans samkvæmt sínum eigin ímyndunum og neituðu að gera sér að góðu heilög orð Hans, var ákæran um „rangfærslu“ textans borin fram á hendur þeim. Á sama hátt er ljóst á þessum degi að þjóð Kóransins hefur rangfært texta heilagrar bókar Guðs varðandi táknið um hina fyrirheitnu opinberun og túlkað þau samkvæmt hneigðum sínum og ástríðum.

Í enn öðru dæmi segir Hann: „Nokkrir þeirra heyrðu Guðs orð, en síðan þegar þeir skildu þau, rangfærðu þeir þau vitandi vits.“⁶⁵ Þetta vers gefur líka til kynna að merking orða Guðs hefur verið rangfærð, ekki að orðin sjálf hafi verið afmáð. Þeir sem hafa heilbrigða hugsun bera þessum sannleika vitni.

Og í öðru tilviki segir Hann: „Vei þeim sem eigin hendi umskrifa bókina og rangfæra hana og segja síðan ‚þetta er frá Guði‘ til þess að geta selt hana fyrir smáarverð.“⁶⁶ Þetta vers var opinberað með vísan til guðsmanna og leiðtoga gyðingdóms. Til þess að þóknast hinum ríku, hagnast á veraldarvísu og gefa öfund sinni og vantrú útrás, skrifuðu þessir guðsmenn fjölda ritgerða þar sem tilkalli Múhameðs var hafnað. Þeir studdu rök sín vitnisburðum sem væri vansæmandi að nefna og héldu því fram að þessar röksemdir væru sóttar í texta Mósebóka.

Þetta á einnig við í dag. Sjá þau margvíslegu andmæli sem fávísir guðsmenn þessarar aldar hafa ritað gegn þessum undursamlegasta málstað! Hversu fánýt er ekki sú ímyndun þeirra, að þessi óhróður samræmist versum heilagrar bókar Guðs og máli skilningsríkra manna!

Markmið Vort með því að skýra frá þessum hlutum er að áminna þig um, að ef þeir héldu því fram að þessi vers, þar sem fjallað er um táknið sem vísað er til í guðspjöllunum, hafi verið afbökun og ef þeir höfnuðu þeim og héldu í staðinn fast við önnur vers og arfsagnir, getur þú gengið að því vísu að orð þeirra eru fullkomið fals og einskær óhróður. Já, í vissum tilvikum hefur textinn í raun verið „rangfærður“ í þeim skilningi sem Vér höfum nefnt. Vér höfum minnst á nokkur þeirra, svo að sérhverjum skilningsríkum áhorfanda megi verða ljóst að fáeinum ólærðum helgum mönnum hefur verið gefið fullt vald á mannlegum lærdómi til þess að illkvittnir andstæðingar geti hætt að fullyrða að ákveðið vers beri með sér að textinn hafi verið „rangfærður“ og dylgja um að Vér höfum vakið máls á slíku vegna þekkingarskorts. Auk þess hafa flest versin sem gefa til kynna „rangfærslu“ textans verið opinberuð með tilvísun til Gyðinga ef þér rannsökuðuð vegu opinberunar Kóransins.

Vér höfum einnig heyrt marga af hinum fávísu á jörðinni fullyrða að ósvikinn texti hins himneska guðspjalls sé ekki til meðal kristinna manna og hafi stigið upp til himins. Hve hrapalleg er ekki villa þeirra! Þeir hafa öldungis gleymt þeirri staðreynd að með slíkri fullyrðingu bera þeir náðugri og ástríki forsón á brýn megnasta óréttlæti og harðýðgi! Þegar sól fegurðar Jesú var horfin sjónum fólks Hans og stigin upp til hins

fjórða himins, hvernig hefði Guð getað látið heilaga bók sína, æðsta vitnisburð Hans meðal skepna Hans, hverfa líka? Hvaða haldreipi hefðu mennirnir haft frá því að sól Jesú settist og þar til sól opinberunar Múhameðs reis? Hvað lög gátu verið þeim athvarf og leiðarljós? Hvernig hefði verið hægt að gera þá að fórnarlömbum hefndarreiði Guðs, hins alvalda hefnanda? Hvernig hefði Hinn himneski konungur getað refsað þeim með svipu hirtingar? Og umfram allt – hvernig hefði útstreymi náðar frá Hinum algjöfula getað stöðvast? Hvernig hefði úthaf blíðrar miskunnar Hans getað hætt að brima? Við leitum athvarfs hjá Guði fyrir þeim hugmyndum sem skepnur Hans gera sér um Hann! Upphafinn er Hann yfir skilning þeirra!

Kæri vinur! Nú þegar ljós eilífs morguns Guðs rennur upp og geislar heilagra orða Hans: „Guð er ljós himins og jarðar“⁶⁷ stafa birtu sinni yfir allt mannkynið; þegar flekkleysi helgidóms Hans er kunnert í heilögum orðum Hans: „Guð fullkomnar ljós sitt“;⁶⁸ og hönd almættisins sem ber þennan vitnisburð: „Í greip sinni hefur Hann ríki allra hluta“, hefur verið rétt öllum þjóðum og kynkvíslum jarðar, þá sæmir það okkur að rísa til dáðar til þess að við getum fyrir náð og miskunn Guðs gengið inn í borgina himnesku: „Vissuleg tilheyrum við Guði“ og hvílst innan hinna upphöfnu híbýla: „Og til Hans snúum við aftur“. Þér ber skylda með Guðs leyfi til að hreinsa augu hjarta þíns af veraldlegum hlutum svo að þú megir gera þér grein fyrir takmarkaleysi guðlegrar þekkingar og getir skynjað sannleikann svo skýrt að þú þurfir ekki á neinum rökum að halda til að sýna fram á raunveruleik Hans né neinni sönnun til að staðfesta vitnisburð Hans.

Ó ástríki leitandi! Ef þú svifir í heilögu ríki andans sæir þú Guð opinberaðan og upphafinn yfir allt sem skapað er, og þá munu augu þín ekki sjá neitt nema Hann. „Guð var einn, enginn var nema Hann.“ Svo háleit er þessi staða að enginn vitnisburður getur gert grein fyrir henni og engin rök staðfest sannleiksgildi hennar á verðugan hátt. Ef þú kannaðir heilagt ríki sannleikans, myndir þú sjá að ekki er hægt að þekkja neitt nema í ljósi viðurkenningar Hans; að frá upphafi og um alla eilífð hefur aðeins verið hægt að þekkja Hann af Hans eigin verund. Og ef þú dvelur í landi vitnisburðar, ger þér að góðu það sem Hann sjálfur hefur opinberað: „Nægir þeim ekki, að Vér höfum sent bókina niður til Þín?“⁶⁹ Þetta er vitnisburður sem Hann hefur sjálfur ákvarðað; engin sönnun er, né getur orðið, þessari æðri: „Þessi sönnun er orð Hans; Hans eigið sjálf, vitnisburður sannleika Hans.“

Og nú biðjum Vér fylgjendur Bayánsins, alla lærdómsmennina, vitringana, guðsmennina og vitnin meðal þeirra, að gleyma ekki þeim óskum og hvatningum sem eru opinberaðar í bók þeirra. Lát þá ætíð beina augum sínum að aðalatriðum málstaðar Hans svo það megi ekki gerast, að þegar Hann opinberast sem er frumeðli sannleikans, innsta raunvera allra hluta, uppspretta alls ljóss, haldi þeir fast við vissar helgigreinar bókarinnar og fremji gegn Honum það sem var framið í trúarkerfi Kóransins. Því sannlega hefur Hann, konungur guðlegs máttar, vald til að slökkva með einum bókstaf undursamlegra orða sinna anda lífsins í öllum Bayánum og fylgjendum hans og með einum bókstafi gefa þeim nýtt og ævarandi líf og láta þá rísa upp og skunda upp úr gröfum fánýtra og eigingjarnra ástríðna sinna. Varist og sýnið aðgát og minnst þess að æðsta fylling allra hluta er að trúá á Hann, upplifa dag Hans og bera kennsl á guðlega návist Hans. „Engin guðrækni felst í því að snúa ásýnd sinni til austurs eða vesturs, en sá er guðrækin sem trúir á Guð og hinn efsta dag.“⁷⁰ Ljáið eyra, ó fylgjendur Bayánsins, sannleikanum sem Vér höfum áminnt yður um svo þér megið leita athvarfs í skugganum sem á degi Guðs yfirskyggir allt mannkynið.

LOK FYRRI HLUTA

• • •

Seinni hluti

Vissulega hefur Hann sem er sól sannleikans og opinberandi Hinnar æðstu verundar, ætíð í hendi sér óumdeilanleg yferráð alls sem er á himni og jörðu þótt engan sé að finna á jörðunni sem hlýði Honum. Hann er vissulega óháður öllum jarðneskum yferráðum þótt Hann eigi alls ekkert. Þannig opinberum Vér þér leyndardóma málstaðar Guðs og gefum þér gimsteina guðdómlegrar visku, svo að þú megir svífa á vængjum sjálfsafneitanar til þeirra hæða sem eru duldar augum manna.

Þýðing og innsta markmið þessara orða er að opinbera og sýna hinum hreinhjörtuðu og helguðu í anda, að þeir sem eru ljósgjafar sannleikans, speglarnir sem endurvarpa ljósi guðlegrar einingar, hafa án undantekninga óskorað vald og þeim eru falin ósigrandi yferráð sama á hvaða öld og í hvaða trúarhringrás þeir eru sendir niður frá ósýnilegum hóbýlum fornrar dýrðar til þessa heims til að uppfræða sálir manna og úthella náð yfir alla hluti skapaða. Því þessi huldu djásn, þessir földu og ósýnilegu fjársjóðir, sýna og sanna af sér sjálfum veruleika hinna helgu orða: „Vissulega gerir Guð það sem Hann vill og ákvarðar það sem Honum þóknast.“

Sérhverju skilningsríku og upplýstu hjarta er ljóst að Guð, hið óþekkjanlega frumeðli, hin guðdómlega verund, er ómælanlega hátt hafinn yfir sérhverja mannlega eigind, svo sem líkamlega tilvist, uppstigningu og niðurstigningu, framþróun og afturför. Fjarri sé það dýrð Hans að mannleg tunga geti vegsamað Hann að verðleikum eða mannhjartað skilið ómælisdul Hans. Hann er og hefur ætíð verið hjúpaður aldinni eilífðu verundar sinnar og veruleiki Hans verður hulinn sjónum manna um allar aldir. „Enginn fær litið Hann augum, en sýn Hans spannar allt sem er. Hann er hinn óræði, sá er allt veit og skilur.“⁷¹ Engin bein tengsl geta hugsast milli Hans og skepna Hans. Hann er ofar og handan öllum aðskilnaði og einingu, allri nálægð og fjarlægð. Ekkert tákn getur gefið til kynna návist Hans eða fjarlægð; því með orði skipunar Hans hefur allt sem er á himnum og jörðu orðið til og að vilja Hans, sem er sjálfur frumviljinn, hafa allir gengið út úr algjörri eiveru inn í ríki verundarinnar, veröld hins sýnilega.

Miskunnsami Guð! Hvernig væri hægt að gera sér í hugarlund nokkur samskipti eða samband milli orðs Hans og þeirra sem það hefur skapað? Versið: „Guð varar yður við sjálfum sér“⁷² ber röksemdum Vorum skýrt vitni. Orðin: „Guð var einn; enginn var nema Hann“ eru traustur vitnisburður um sannleiksgildi þeirra. Allir spámenn Guðs og þeirra útvöldu, allir guðsmennirnir, vitringarnir og vísmenn sérhverrar kynslóðar, viðurkenna einum rómi að þeir eru alls ófærir um að skilja þennan innsta kjarna alls sannleika og játa að þeim er um megn að skynja Hann sem er innsti veruleiki allra hluta.

Þar sem dyrnar að þekkingu á Hinum aldna eru þannig luktar öllum verum, hefur uppspretta óendanlegrar náðar samkvæmt þessum orðum Hans: „Náð Hans hefur sigrað alla hluti; náð Mín hefur umlukið þá alla,“ látið þessar skínandi gersemar heilagleikans birtast úr ríki andans í göfugri mynd mannlegs musteris og opinberað þá öllum mönnum til þess að þeir geti skýrt heiminum frá leyndardómum Hinnar óbreytilegu verundar og sagt frá óræðum eigindum óförgengilegs eðlis Hans. Þessir helguðu speglar, þessar sólar aldinnar dýrðar, eru hér á jörðu allir sem einn útskýrendur Hans sem er miðlægur ljósgjafi alheimsins, innsta eðli Hans og hinsta áform. Frá Honum kemur þekking þeirra og vald, frá Honum fá þeir yferráð sín. Fegurð ásýnda þeirra endurspeglar aðeins ímynd Hans og opinberun þeirra er tákn um eilífa dýrð Hans. Þeir eru fjársjóðir himneskrar þekkingar og vörsluhafar guðdómlegrar visku. Fyrir þá veitist náð sem engan enda tekur

og sakir þeirra opinberast ljós sem getur aldrei bliknað. Líkt og Hann hefur sagt: „Enginn munur er á Þér og þeim; nema hvað þeir eru þjónar Þínir og skapaðir af Þér.“ Þetta er merking arfsagnarinnar: „Ég er Hann sjálfur og Hann er Ég sjálfur.“

Arfsagnirnar og ummælin sem vísa beinlínis til grunnstefs Vors eru mörg og fjölbætt; Vér höfum stillt Oss um að vitna til þeirra til þess að lengja ekki mál Vort. Nei, allt á himni og jörðu ber innra með sér órækt vitni um opinberun nafna Guðs og eiginda Hans því að í hverri öreind má finna tákn sem staðfesta opinberun þess æðsta ljósgjafa. Mér virðist sem engin vera geti lifað nema fyrir mátt þeirrar opinberunar. Hversu bjartar eru eigi þær sólar þekkingar sem skína í öreindinni og hve víðáttumikil þau höf viskunnar sem ólga í einum dropa! Þetta á ekki við um neinn í jafn ríkum mæli og manninn sem einn af öllu sem skapað er hefur verið íklæddur kyrtli slíkra gjafa og útvalinn fyrir dýrð þvilíkra auðkenna. Því í honum býr möguleikinn á opinberun allra nafna og eiginda Guðs í slíkum mæli að engin önnur sköpuð vera kemst þar nærri. Við hann eiga öll þessi nöfn og eigindir. Þessi eru orð Hans: „Maðurinn er leyndardómur Minn og Ég er leyndardómur hans.“ Í öllum himneskum bókum og helgum ritningum má víða finna orð sem lýsa þessu margslungna og háleita stafi. Þannig hefur Hann kunnert: „Vér munum vissulega sýna þeim teikn Vor á jörðu og innra með þeim sjálfum.“⁷³ Enn fremur sagði Hann: „Og sjáið þér þá ekki einnig tákn Guðs í yðar eigin sjálfi?“⁷⁴ Og enn kunngerði Hann: „Og tilheyrið ekki þeim sem gleymdu Guði með þeim afleiðingum að Hann lét þá gleyma sínu eigin sjálfi.“⁷⁵ Í þessu sambandi hefur Hann, konungurinn eilífi – megi sálum allra sem dvelja í hinum dulúðuga helgidómi verða fórnað Honum – mælt: „Sá hefur þekkt Guð sem þekkt hefur sjálfan sig.“

Ég sver við Guð, ó virti og heiðraði vinur! Ef þú hugleiðir þessi orð í hjarta þínu munt þú vissulega sjá dyr guðlegrar visku og óendanlegrar þekkingar opnast á gátt fyrir augum þínum.

Af framangreindum orðum má ljóst vera að sérhver hlutur vitnar í innsta veruleika sínum um opinberun nafna og eiginda Guðs innra með sér. Sérhver þeirra gefur til kynna og tjáir þekkingu Guðs í samræmi við eðlisgerð sína. Svo máttug og altæk er þessi opinberun að hún hefur umlukið alla hluti sýnilega og ósýnilega. Þess vegna hefur Hann kunnert: „Býr nokkuð annað en Þú yfir valdi opinberunar sem Þú hefur ekki, að það gæti hafa birt Þig? Blint er augað sem ekki sér Þig.“ Eins hefur Konungurinn eilífi sagt: „Ekkert hef Ég séð að Ég hafi ekki séð Guð innra með því, Guð á undan því og Guð á eftir því.“ Einnig er skráð í arfsögn Kumayl: „Sjá, ljós hefur skinið frá dagsbrún eilífðarinnar og sjá, bylgjur þess hafa brotið sér leið inn í innsta veruleika manna.“ Maðurinn, göfugastur og fullkonnastur allra skepna, ber af þeim öllum í ofurmætti þessarar opinberunar og er fyllri tjáning dýrðar hennar. Og af öllum mönnum eru opinberendur sólar sannleikans hinir hæfustu, virtustu og ágætustu. Nei, tilvist allra annarra er háð vilja þessara opinberenda; þeir lifa og hrærast fyrir úthellingu náðar þeirra. „Ef ekki væri Þín vegna, hefði Ég ekki skapað himnana.“ Nei, í heilagri nærveru þeirra bliknar allt annað, hverfur og gleymist. Mannleg tunga getur aldrei sungið þeim verðugt lof og mannlegt mál getur aldrei afhjúpað leyndardóm þeirra. Þessi musteri heilagleikans, þessir frumspeglar sem endurvarpa ljósi ófölnandi dýrðar, eru aðeins tákn Hans sem er ósýnilegastur alls hins ósýnilega. Með opinberun þessara gersema guddómlegrar dyggðar birtast öll nöfn og eigindir Guðs, svo sem þekking og vald, yfirráð og drottinvald, náð og viska, dýrð, hylli og miskunn.

Þessar eigindir Guðs eru ekki og hafa aldrei verið veittar sumum spámanna sérstaklega og öðrum ekki. Nei, allir spámenn Guðs, eftirlæti Hans, heilagir og útvaldir boðberar Hans, bera án undantekninga nöfn Hans og eru holdtekjur eiginda Hans. Hið

eina sem skilur þá að er kraftur opinberunar þeirra og hlutfallslegur máttur ljóssins sem frá þeim stafar. Líkt og Hann hefur opinberað: „Suma postulana höfum Vér látið skara fram úr hinum.“⁷⁶ Auðsætt er af þessu að ljós takmarkalausra nafna og upphafinna eiginda Guðs hefur endurspeglast í opinberendum Hans og Hans útvöldu, jafnvel þótt svo kunni að virðast að ljós sumra þessara eiginda hafi ekki ávallt opinberast augum manna frá þessum skínandi musturum. Þótt virðast kunni að þessar verundir andlegrar lausnar hafi ekki opinberað ákveðna eigind Guðs þýðir það engan veginn að þessar sólar eiginda Guðs og hirslur heilagra nafna Hans hafi í raun ekki búið yfir henni. Þess vegna hafa allar þessar upplýstu sálir, þessar ægifögru ásýndir, verið gæddar öllum eigindum Guðs, svo sem drottinvaldi, yfirráðum og öðru slíku, jafnvel þótt þeir hið ytra virtust rúnir allri jarðneskri tign. Sérhverju glöggskyggju auga er þetta ljóst; hér þarf hvorki vitna né sannana við.

Já, þar sem þjóðir jarðarinnar hafa látið undir höfuð leggjast að leita innri merkingar heilagra orða Guðs frá skínandi og kristaltærum uppsprettum himneskrar þekkingar, hafa þær veslast upp, særðar og sárþyrstar, í dalverpi fánýtra ímyndana og villu. Þær hafa villst langt frá ferskum og svalandi vötnum og safnast saman um beiskt og sviðandi saltið. Um þær hefur Dúfa eilífðarinnar sagt: „Og ef þær sjá veg réttlætisins munu þær ekki velja hann; en ef þær sjá veg villunnar, munu þær fara hann vegna þess að þær trúðu ekki táknum Vorum og skeyttu engu um þau.“⁷⁷

Þessu ber vitni það sem gerst hefur í þessu undursamlega og upphafna trúarkerfi. Fjöldi heilagra versa hefur stigið niður frá himni máttar og náðar, samt hefur enginn snúið sér til þeirra né látið af fylgispekt við orð þeirra manna sem hafa ekki botnað hið minnsta í merkingu orðanna sem þeir sjálfir mæltu. Af þessum sökum hafa mennirnir borið brigður á öyggjandi sannindi sem þessi og villst frá Riðván himneskrar þekkingar og eilífum engjalöndum guðlegrar visku.

Og hverfum nú aftur að röksemdafærslu Vorri varðandi spurninguna: Hvers vegna hafa yfirráð Qá'ims, sem eru staðfest í texta skráðra arfsagna og sem skínandi stjörnur trúarkerfis Múhameðs réttu niður, ekki að neinu leyti verið birt? Nei, hið gagnstæða hefur gerst. Hafa menn ekki farið hraksmánarlega með lærisveina Hans og féлага? Sæta þeir ekki heiftugri andstöðu óvina sinna? Lifa þeir ekki í dag lífi dauðlegra manna, niðurlægðra og getulausra? Já, yfirráðin sem eru eignuð Qá'im og sem rætt er um í helgum bókum eru sönn og enginn getur borið brigður á það. Þau yfirráð eru samt sem áður ekki af því tagi sem hugir mannanna ímynda sér í rangsleitni sinni. Þegar sérhver spámaður fyrri tíma tilkynnti þjóð sinni um komu næstu opinberunar, vísaði Hann jafnframt sérstaklega og án nokkurra undantekninga til þess drottinvalds sem Hinn fyrirheitni opinberandi verður að hafa til að bera. Helgirit fortíðarinnar bera þessu vitni. Þetta drottinvald hefur ekki verið einskorðað við Qá'im. Nei, drottinvald ásamt öllum öðrum nöfnum og einkennum Guðs hefur og mun ætíð verða veitt öllum opinberendum Guðs fyrir og eftir dag Qá'ims því að þessir opinberendur eru, eins og þegar hefur verið útskýrt, holdtekjur eiginda Guðs, hins ósýnilega, opinberanda himneskra leyndardóma.

Enn fremur er með drottinvaldi átt við alltumlykjandi, altækt vald sem er áskapað Qá'im hvort sem Hann birtist í heiminum klæddur tign jarðneskra yfirráða eða ekki. Þetta er algjörlega háð vilja og velþóknun Qá'ims sjálfs. Þú munt strax skilja að orðin drottinvald, auðæfi, líf, dauði, dómur og upprisa sem helgirit fyrri tíma nota merkja ekki það sem þessi kynslóð hefur ímyndað sér í hégómleik sínum. Nei, með drottinvaldi er átt við það vald sem býr hið innra með og beitt er af persónu opinberandans, dagstjörnu sannleikans, í sérhverju trúarkerfi. Þetta vald eru þeir andlegu yfirburðir sem Hann hefur í fyllsta mæli yfir öllu sem er á himni og öllu sem er á jörðu, og sem í fyllingu

tímans opinberast á jörðinni í beinu samræmi við getu og andlega móttökuhæfni. Sjá hvernig vald Múhameðs, boðbera Guðs, opinberast mönnum með augljósum hætti á þessum degi. Þér er fullkunnugt um þá meðferð sem trú Hans sætti á fyrstu dögum trúarkerfis Hans. Hversu sárum þjáningum sætti ekki þetta innsta eðli andans, þessi tárhreina og helgasta Verund, af hendi hinna trúlausu og villuráfandi, guðsmanna aldarinnar og félaga þeirra! Hversu mörgum þistlum og þyrnum stráðu þeir ekki á veg Hans! Það er einsýnt að í illri og djöfulegri ímyndun sinni leit sú fyrirlitlega kynslóð á sérhvern áverka sem hún veitti þessari ódauðlegu Verund sem leið til varanlegrar hamingju; því að viðurkenndir kennimenn þeirrar aldar, svo sem ‘Abdu’lláh-i-Ubayy, Abú-‘Ámir, einbúinn, Ka’b-ibn-i-Ashraf og Naðr-ibn-i-Háarith litu allir á Hann sem svikara og lýstu Hann guðlastara og geðsjúkling. Svo svívirðilegar voru ákærurnar sem þeir báru fram á hendur Honum, að þegar Vér segjum frá þeim bannar Guð blekinu að renna, penna Vorum að hreyfast og blaðsíðunni að bera þær. Þessar illkvittnislegu ásakanir espuðu upp lýðinn sem hófst handa um að særa Hann og kvelja. Og hversu sár er ekki sú kvöl ef þeir sem valda henni eru kennimenn aldarinnar; ef þeir fordæma Hann í áheyrn fylgjenda sinna, gera Hann brottrækan úr sínum hópi og lýsa Hann trúvilling! Hefur ekki hið sama fallið í hlut þessa Þjóns og hafa ekki allir orðið vitni að því?

Af þessari ástæðu hrópaði Múhameð: „Enginn spámaður Guðs hefur þolað jafn sárar raunir og Ég.“ Og í Kóraninn eru skráðar allar ófrægingarnar og hrakyrðin sem ausið var yfir Hann ásamt þeim þrengingum sem Hann sætti. Kynn þér þær til þess að þú getir gengið úr skugga um hvað opinberun Hans féll í skaut. Svo þungbært varð hlutskipti Hans að um tíma hættu allir að samneyta Honum og félögum Hans. Allir sem samneyttu Honum urðu fórnarlömb vægðarlausrar grimmdar óvina Hans.

Vér munum í þessu sambandi vitna til aðeins eins vers í þeirri bók. Ef þú aðgættir glöggskyggnu auga myndir þú alla ævidaga þína kveina og gráta yfir sárum Múhameðs, hins rangtleikna og kúgaða sendiboða Guðs. Versið var opinberað á þeim tíma þegar Múhameð tærðist upp, þreyttur og sorgmæddur, undan oki, andstöðu og látlausum pyndingum mannanna. Í miðri hugarkvöl Hans heyrðist rödd Gabriels kalla frá Sadratu’l-Muntahá: „En ef mótþrói þeirra íþyngir Þér – leita ef Þú getur að gryfju í jörðinni eða stiga til himins.“⁷⁸ Merking þessara orða er sú, að Hann gat hvergi fengið bót meina sinna og menn myndu ekki hætta að leggja á Hann hendur nema Hann feldi sig í iðrum jarðar eða flýði til himins.

Leið hugann að þeim miklu breytingum sem orðið hafa í dag! Sjá allan þann fjölda þjóðhöfðingja sem fellur á knén frammi fyrir nafni Hans! Hversu margar eru ekki þjóðirnar og konungsríkin sem hafa leitað athvarfs í skugga Hans, lýsa hollustu við trú Hans og hreykja sér af því! Frá predikunarstólnum stígur í dag upp lofgjörð þar sem blessað nafn Hans er vegsamað í fullri auðmýkt; og efst úr bænaturnunum hljómar ákallið sem býður herskörungum fylgjenda Hans að tilbiðja Hann. Jafnvel þeir konungar jarðar sem hafa neitað að játast trú Hans eða afklæðast flíkum vantrúar, viðurkenna engu að síður mikilleika og yfirþyrmandi tign þessarar sólar ástríkisins. Slík eru jarðnesk yfirráð Hans. Vitnisburðina um þau sérð þú á alla vegu. Þessi yfirráð verða að opinberast og hljóta staðfestingu annað hvort í lífi sérhvers opinberanda Guðs eða eftir uppstigningu Hans til sinna sönnu hóbýla í ríkjunum á hæðum. Það sem þú hefur orðið vitni að í dag er aðeins staðfesting á þessum sannleika. Það andlega vald sem fyrst og fremst er átt við býr samt sem áður hið innra með þeim og hringsólar um þá frá eilífð til eilífðar. Ekki eitt andartak er hægt að skilja það frá þeim. Vald þeirra hefur umlukið allt sem er á himnum og á jörðu.

Það sem hér fer á eftir er vitnisburður um yfirráð Múhameðs, sólar sannleikans. Hefur þú ekki heyrt hvernig Hann með einu versu aðskildi ljós frá myrkri, réttláta frá óguðlegum og trúaða frá trúvillingum? Öll táknið og vísbendingarnar varðandi dómsdag sem þú hefur heyrt, svo sem upprisa hinna dauðu, dagur reikningsskilanna, hinn efsti dómur og annað þess háttar hefur birst fyrir opinberun þessa vers. Þessi opinberuðu orð voru blessun hinum réttlátu sem hrópuðu þegar þeir heyrðu þau: „Ó Drottinn Guð okkar, við höfum heyrt og hlýðnast!“ Þau voru bölvun ójafnaðarmönnum sem staðhæfðu þegar þeir heyrðu þau: „Við höfum heyrt og þverskallast.“ Þessi orð, bitur sem sverð Guðs, hafa skilið hinn trúfasta frá trúvillingnum og slitið föður frá syni. Þú hefur vissulega séð hvernig þeir sem hafa játað trú sína á Hann og þeir sem hafa afneitað Honum, hafa barist og ágirnst eigur hvers annars! Hversu margir feður hafa ekki snúið baki við sonum sínum; hversu margir elskhugar sniðgengið ástvin sinn! Svo hárbeytt var þetta undursamlega orð Guðs, að það skar á sérhvert band! Íhuga á hinn bóginn græðandi mátt orðs Hans. Sjá hvernig þeir sem Satan sjálfsins hafði árum saman dvalið á meðal, dreifandi sæði illgirni og haturs, urðu svo samhuga og nátengdir hver öðrum vegna hollustu sinnar við þessa undursamlegu og yfirskilvitlegu opinberun, að svo virtist sem þeir væru fæddir af einni og sömu móður. Slíkur er sameinandi máttur orðs Guðs sem samstillir hjörtu þeirra sem hafa afneitað öllu nema Honum, trúað á táknið Hans og drukkið úr Kawthar heilagrar náðar Guðs úr höndum dýrðarinnar. Hversu margar eru ekki einnig þær þjóðir ýmissa trúarbragða, andstæðra trúarjátninga og ólíks skaplyndis sem hafa verið íklæddar nýjum kyrtli guðlegrar einingar og drukkið af bikar einstæðis Hans fyrir endurlífandi ilm hins guðlega vors sem barst frá Riðván Guðs!

Þetta er merking þessara vel þekktu orða: „Úlfur og lamb verða saman á beit.“⁷⁹ Sjá fáfræði og flónsku þeirra sem eins og fyrri tíma menn búast enn við að lifa þá tíma þegar þessi dýr eru saman á beit í einum haga! Svo djúpt eru þeir sokknir. Mér virðist sem varir þeirra hafi aldrei snert bikar skilnings né fætur þeirra fetað veg réttlætis. Að hvaða gagni kæmi það aukinheldur heiminum ef slíkt gerðist? Hversu vel hefur Hann ekki komist að orði um þá: „Hjörtu hafa þeir án skilnings og augu sem ekki sjá.“⁸⁰

Íhuga hvernig heimurinn og allt sem í honum er hefur verið kallað til reikningsskila frammi fyrir Honum með þessu eina versu, sem hefur stigið niður frá himni vilja Guðs. Hver sá sem viðurkennir sannleika Hans og snýr sér til Hans, góðar gerðir hans veiga þyngra en misgerðir hans og honum veitist aflát og fyrirgefning allra synna. Með þessu verður sannleikur þessara orða um Hann augljós: „Skjótur er Hann til reikningsskila.“ Þannig snýr Guð ójöfnuði í réttlæti ef þú rannsakar ríki guðlegrar þekkingar og skynjar leyndardóma visku Hans. Hver sem drakk af bikar ástarinnar hlaut einnig sinn skerf af hafi eilífrar náðar og af regnskúrum eilífrar miskunnar og gekk inn í líf trúarinnar – himneska og eilífa lífið. En sá sem hefur snúið baki við þeim bikar var dæmdur til eilífs dauða. Með orðunum „líf“ og „dauði“ sem talað er um í ritningunum er átt við líf trúar og dauða vantrúar. Sakir þess að öllum þorra manna var um megn að skilja merkingu þessara orða, höfnuðu þeir persónu opinberandans og sýndu henni fyrirlitningu, sviptu sig ljósi himneskrar leiðsagnar Hans og neituðu að fylgja í fótspor þeirrar ódauðlegu fegurðar.

Þegar ljós opinberunar Kóransins var kveikt í hirslu heilags hjarta Múhameðs, felldi Hann yfir mönnunum dóm hins efsta dags, dóm uppris, dómsdags, lífs og dauða. Síðan voru fánar uppreisnar dregnir að hún og dyr háðungar opnaðar. Þannig hafði Hann, andi Guðs, skráð það sem vantrúarmennirnir mæltu: „Og ef þú segðir: ‚Eftir dauðann verðið þér í sannleika reistir upp aftur,‘ munu vantrúarmennirnir vissulega hrópa: ‚Sannarlega eru þetta ekkert annað en augljósir galdrar.‘“⁸¹ Aftur segir Hann: „Ef þú nokkru sinni

undrast, þá eru orð þeirra í sannleika kostuleg: „Hvað! Þegar við erum orðnir að dufti, verðum við þá reistir upp í nýrri sköpun?“⁸² Þannig hrópar Hann í reiði sinni í annarri málsgrein: „Erum Vér orðnir þreyttir á fyrstu sköpun Vorri? Samt efast þeir um nýja sköpun!“⁸³

Þar sem skýrendur Kóransins og þeir sem fylgja honum bókstaflega misskildu innri merkingu orða Guðs og tókst ekki að greina megintilgang þeirra, reyndu þeir að sýna fram á, að samkvæmt málfræðireglum vísar orðið „idhá“ (sem þýðir „ef“ eða „þegar“) ætíð til framtíðar ef það fer á undan fortíð. Seinna reyndu þeir í úrræðaleysi sínu að skýra þau vers bókarinnar þar sem þetta orð var ekki að finna. Líkt og Hann hefur opinberað: „Og það var blásið í lúðurinn – sjá! Þetta er dagurinn sem hótað var! Og sérhver sál er kölluð til að standa reikningsskil gerða sinna – og með henni kallari og vitni.“⁸⁴ Er þeir útskýrðu þetta vers og önnur svipuð, hafa þeir í sumum tilvikum haldið því fram að orðið „idhá“ sé undirskilið. Í öðrum tilvikum hafa þeir í hégómleik sínum haldið því fram, að þar sem dómsdagur sé óhjákvæmilegur, hafi verið vísað til hans sem atburðar í fortíð en ekki framtíð. Hve fánýtar eru ekki hártoganir þeirra! Hve hörmuleg blinda þeirra! Þeir vilja ekki viðurkenna hvellan hljóm lúðursins sem í þessum texta var þeyttur með opinberun Múhameðs. Þeir svipta sig endurlífandi anda Guðs sem andaði gegnum þessa opinberun og vænta þess í fávísi sinni að heyra lúðurhljóma serafa Guðs, sem er aðeins einn þjóna Hans! Hefur ekki serafinn sjálfur, engill dómsdags og líking hans, verið boðaður með orðum Múhameðs sjálfs? Seg: Hvað! Viljið þér skipta á því sem gagnar yður og því sem er skaðlegt? Vesælt er það sem þér í rangsleitni yðar hafið hreppt! Vissulega eruð þér illmenni og tjón yðar hrapallegt.

Nei, með „lúðri“ er átt við lúðurhljóm opinberunar Múhameðs sem heyrðist í hjarta alheimsins og með „upprisu“ er átt við upprisu Hans sjálfs til þess að kunngera málstað Guðs. Hann bauð hinum villuráfandi og vegvilltu að rísa upp og hraða sér úr gröfum líkama sinna, skryddi þá unaðsfögurum kyrtli trúarinnar og blés í þá anda nýs og undursamlegs lífs. Á þeirri stundu þegar Múhameð, sú himneska fegurð, ákvað að afhjúpa einn leyndardómanna sem fólgin er í hinum táknrænu orðum „upprisa“, „dómur“, „paradís“ og „helvíti“ heyrðist Gabriel, rödd innblásturs, segja: „Áður en langt um líður munu þeir hrista höfuðið og segja: ‚Hvenær gerist þetta?‘ Seg: ‚Ef til vill er það í nánd.“⁸⁵ Það sem býr í þessu eina versu nægði þjóðum heimsins, ef þær hugleiddu það í hjarta sínu.

Náðugi Guð! Hversu langt hafa þessir menn ekki villst frá vegi Guðs! Þótt dagur upprisunnar hafi komið með opinberun Múhameðs, þótt ljós Hans og tákn hafi umlukið jörðina og allt sem er í henni, hæddu þeir Hann, gáfu sig á vald þeim hjáguðum sem guðsmenn þeirrar aldar höfðu smíðað í hégómlegri og fánýtri ímyndun sinni og sviptu sig ljósi himneskrar náðar og skúrum guðlegrar miskunnar. Já, lítilmótleg bjallan getur aldrei andað að sér ilmi heilagleikans og leðurblaka myrkursins aldrei horft á ljóma sólarinnar.

Slíkt og þvílíkt hefur gerst á dögum sérhverrar birtingar Guðs. Líkt og Jesús sagði: „Ykkur ber að fæðast að nýju.“⁸⁶ Og enn sagði Hann: „Enginn getur komist inn í Guðs ríki nema hann fæðist af vatni og anda. Það sem af manni fæðist er manns barn en það sem fæðist af anda Guðs er Guðs barn.“⁸⁷ Merking þessara orða er sú, að hver sá sem í sérhverju trúarkerfi fæðist af andanum og endurlífsgast af anda birtingar heilagleikans, hann tilheyrir sannlega þeim sem hafa öðlast „líf“ og „upprisu“ og hafa gengið inn í „paradís“ ástar Guðs. Og sá sem ekki tilheyrir þeim, er dæmdur til „dauða“ og „skorts“, til „elds“ vantrúar og til „reiði“ Guðs. Í öllum ritningum, bókum og króníkum, hefur dómur dauða, elds, blindu, skilnings- og heyrnarskorts verið felldur yfir þeim sem ekki hafa

drukkið af hinum upphafna bikar sannrar þekkingar og sem í hjarta sínu hafa verið sviptir náð heilags anda á dögum þeirra. Eins og fyrr er ritað: „Hjörtu hafa þeir án skilnings.“⁸⁸

Í öðrum kafla í guðspjallinu stendur skrifað: Og dag nokkurn lést faðir eins lærisveinanna. Lærisveinninn sagði Jesú frá dauða hans og bað um leyfi til að jarðsetja hann. Þá svaraði Jesús, þessi innsta verund andlegrar lausnar, og sagði: „Lát hina dauðu jarða sína dauðu.“⁸⁹

Þannig fóru tveir af lýð Kúfih til ‘Alí, yfirboðara hinna trúföstu. Annar átti hús og vildi selja það; hinn ætlaði að kaupa. Þeir höfðu komið sér saman um að ganga frá þessum viðskiptum og skrifa samning með vitund ‘Alí. Hann, útskýrandi laga Guðs, ávarpaði skrifarann og sagði: „Ritaðu: ‚Dauður maður hefur keypt hús frá öðrum dauðum manni. Húsið afmarkast af fjórum veggjum. Einn nær að gröfinni, annar að grafhvelvingunni, hinn þriðji til Şirát, sá fjórði annað hvort til himins eða helvítis.““ Íhuga: Hefðu þessar tvær sálir lifnað aftur við lúðurhljóm ‘Alí, hefðu þær risið upp úr gröfum villu fyrir kraft ástar hans, þá hefðu þær áreiðanlega ekki verið taldar til hinna dauðu.

Á sérhverri öld og á öllum tímum, hefur tilgangur spámanna Guðs og þeirra útvöldu ekki verið neinn annar en sá að staðfesta andlega þýðingu orðanna „líf“, „upprisa“ og „dómur“. Sá sem hugleiðir eitt andartak þessi orð ‘Alí í hjarta sínu uppgötvar án efa alla leyndardómanna sem felast í orðunum „gröf“, „grafhvelving“, „şirát“, „paradís“ og „helvíti“. En hve einkennilegt og aumkunarvert er ekki þetta! Sjá, allir menn eru fangar í gröfum sjálfsins og liggja grafnir í dýpstu djúpum veraldlegrar ástríðu! Þótt þú fengir ekki í þinn hlut nema örsmáan dropa úr kristaltærum vötnum guðlegrar þekkingar, myndir þú án efa skilja að hið sanna líf er ekki líf holdsins heldur líf andans. Því bæði menn og dýr eiga sér líf holdsins, en líf andans eiga aðeins hinir hrein hjörtuðu sem hafa drukkið af hafi trúar og neytt af ávöxtum fullvissu. Þetta líf þekkir engan dauða og ódauðleikinn er kóróna þess. Líkt og sagt hefur verið: „Hann sem er sannur átrúandi lifir bæði í þessum heimi og hinum næsta.“ Ef með „lífi“ er átt við þetta jarðneska líf, er einsýnt að dauðinn grandar því.

Á sama hátt bera frásagnir allra helgirita vitni þessum háleita sannleika og þessu upphafnasta orði. Auk þess er þetta vers Kóransins sem er opinberað um Ḥamzih, „Prins píslarvottanna“,⁹⁰ og Abú-Jahl, skínandi vitnisburður og áreiðanleg sönnun um sannleiksgildi orða Vorra: „Er hægt að jafna saman þeim sem var dáinn og Vér reistum upp frá dauðum og gáfum ljós til að lýsa honum meðal manna, og þeim sem hrökklast um í myrkri sem hann ratar aldrei út úr?“⁹¹ Þetta vers steig niður frá himni frumviljans á þeim tíma þegar Ḥamzih hafði verið íklæddur heilögum kyrtli trúar og Abú-Jahl hafði þverskallast í andstöðu sinni og vantrú. Frá uppsprettu almættis og lind eilífs heilagleika barst dómurinn sem veitti Ḥamzih eilíft líf og dæmdi Abú-Jahl til eilífrar glötunar. Þetta var merkið sem fékk eld vantrúar til að brenna hvað heitast í hjörtum hinna vantrúuðu og eggjaði þá til að afneita opinskátt sannleika Hans. Þeir gerðu háreysti og spurðu: „Hvenær dó Ḥamzih? Hvenær reis hann upp? Á hvaða stundu var honum veitt slíkt líf?“ Þar sem þeir skildu ekki þýðingu þessara göfugu orða og leituðu ekki upplýsinga hjá viðurkenndum útskýrendum trúarinnar, sem gátu gefið þeim vott af Kawthar guðlegrar þekkingar, voru slíkir eldar vantrúar glæddir meðal manna.

Þrátt fyrir geisladýrðina frá sól guðlegrar þekkingar sérð þú í dag hvernig allir menn, bæði háir og lágir, hafa ótrauðir fylgt vegum þessara auvirðilegu birtenda myrkursfurstans. Þeir biðja þá stöðugt um hjálp við að skýra flókin atriði trúar sinnar og vegna þekkingarleysis haga þeir svörum sínum á þann veg, að þau geti ekki á neinn hátt

varpað rýrð á frægð þeirra og frama. Það er augljóst, að þessar sálir, vesælar og viðurstyggilegar eins og bjallan sjálf, hafa ekki fengið neinn skerf af ilmsætum andvara eilífðarinnar og aldrei gengið inn í Riðván himnesks unaðar. Hvernig gætu þeir þá veitt öðrum af þeim ótortímanlega ilmi heilagleikans? Slík er leið þeirra og þannig verður hún að eilífu. Aðeins þeir fá þekkingu á orði Guðs sem hafa snúið sér til Hans og afneitað birtingum Satans. Þannig hefur Guð á ný staðfest lögin um dag opinberunar Hans og skráð þau með penna valds á hina dulrænu töflu sem er hulin blæjum himneskrar dýrðar. Ef þú gæfir gaum að þessum orðum, ef þú hugleiddir ytri og innri merkingu þeirra í hjarta þínu, myndir þú skilja þýðingu allra þeirra torræðu vandamála sem hafa á þessum degi orðið óyfírstíganleg hindrun milli manna og þekkingar á degi dómsins. Þá myndu ekki fleiri spurningar raska hugarró þinni. Það er innileg ósk Vor að Guð gefi að þú snúir ekki, þyrstur og allslaus, frá sjávarströndum guðlegrar náðar né hverfir tómhentur frá ótortímanlegum griðastað þrjár hjarta þíns. Megi nú koma í ljós hverju leit þín og viðleitni kemur til vegar.

Hverfum aftur að efninu: Tilgangur Vor með því að setja fram þessi sannindi hefur verið að færa sönnur á yfírráð Hans, sem er konungur konunga. Ver sanngjarn: Eru þessi yfírráð sem með framsetningu eins orðs hafa birt svo gagntæk áhrif, upphafningu og ógnvekjandi tign, æðri veraldlegum yfírráðum þessara konunga jarðarinnar sem, þrátt fyrir umhyggju þeirra með þegnum sínum og hjálpina sem þeir veita hinum fátæku, geta aðeins treyst á ytri og svipula hollustu þeirra, en megna hvorki að glæða ást né virðingu í hjörtum mannanna? Hafa ekki þessi yfírráð, fyrir mátt eins orðs, sigrað, endurlífgað og blásið nýju lífi í allan heiminn? Hvað! Getur auvirðilegt duft borið sig saman við Hann sem er Drottinn Drottna? Hvaða tunga dirfist að segja frá því ómælisjúpi sem er staðfest á milli þeirra? Nei, enginn samanburður getur náð til helgaðs griðastaðar yfírráða Hans. Ef maðurinn íhugaði þetta myndi honum vissulega skiljast, að jafnvel þjónn fótskarar Hans ríkir yfir öllum sköpuðum hlutum! Þetta hefur vissulega komið í ljós og mun opinberast í framtíðinni.

Þetta er aðeins ein af merkingum þeirra andlegu yfírráða sem Vér höfum sett fram í samræmi við skilningsgetu og móttækileika mannanna. Því að Hann sem hreyfir allar verur, hin dýrlega ásýnd, er uppspretta máttar sem hvorki þessi Rangtleikni getur opinberað né þessi óverðuga kynslóð skilið. Ómælanlega upphafinn er Hann yfir það lof sem menn geta fært yfírráðum Hans; dýrlegur er Hann ofar öllu sem þeir geta eignað Honum!

Og hugleið nú þetta í hjarta þínu: Ef með yfírráðum væri átt við jarðneskt vald og veraldlega drottun, ef þau gæfu til kynna auðsveipni og ytri hollustu allra þjóða og kynkvísla jarðarinnar – og í krafti þeirra yrðu ástvinir Hans upphafnir og leyft að lifa í friði en óvinir Hans kvaldir og niðurlægðir – þá gætu slík yfírráð ekki átt við Guð sjálfan, uppsprettu alls valds, hvers tign og drottun allir hlutir bera vitni. Sérð þú ekki að allur þorri fólks er á valdi óvina Hans? Hafa þeir ekki allir horfið af vegi velþóknunar Hans? Hafa þeir ekki gert það sem Hann hefur bannað og látið það ógert, nei, afneitað og streist gegn því sem Hann hefur fyrirskipað? Hafa ekki vinir Hans ætíð þurft að lúta harðstjórn óvina Hans? Allt er þetta augljósara en sólin í hádegisstað.

Vit því, ó spuruli leitandi, að jarðnesk yfírráð eru einskis virði og verða aldrei neins virði í augum Guðs og Hans útvöldu. Ef upphafning og yfírráð væru aukinheldur túlkuð sem jarðnesk yfírráð og tímanlegt vald, hvernig væri þá hægt að útskýra þessi vers: „Og vissulega munu herskarar Vorir sigra.“⁹² „Fúslega myndu þeir slökkva ljós Guðs með munni sínum, en Guð fullkomnar ljós sitt þótt hinir trúlausu hati það.“⁹³ „Hann er sá sem

drottinn, sá sem er ofar öllum hlutum.“ Mestallur Kóraninn ber auk þess vitni þessum sannleika.

Ef fánýt andmæli þessara fávísu og fyrirlitlegu sálna væru sönn, ættu þeir einskis annars úrkosta en að hafna öllum þessum heilögu orðum og himnesku vísbendingum. Því engan stríðsmann er að finna á jörðu, ágætari og nálægari Guði, en Husayn, son 'Alí, svo óviðjafnanlegur var hann. „Enginn var jafningi hans né komst í hálfkvisti við hann í heiminum.“ Þú hlýtur samt að hafa heyrt um hlutskipti hans. Bölvun Guðs komi yfir kúgarana!⁹⁴

Ef versið „Og sannlega munu herskarar Vorir sigra“ er túlkað bókstaflega, er einsýnt að það getur á engan hátt átt við hina útvöldu Guðs og herskara Hans, því að Husayn, hvers hetjuskapur var deginum ljósari, drakk að endingu, kraminn og fótumtroðinn, bikar píslarvættis í Karbilá, landi Taff. Hið sama gildir einnig um hið heilaga vers: „Fegnir myndu þeir vilja slökkva ljós Guðs með munnni sínum; en Guð fullkomnar ljós sitt þótt vantrúarmennirnir hafi andstyggð á því.“ Ef túlka ætti þessi orð bókstaflega yrðu þau aldrei sannleikanum samkvæm. Því á öllum öldum hafa þjóðir jarðarinnar á ytra borði kæft ljós Guðs og slökkt á lampa Hans. Hvernig mátti þá skýra að áhrifavald þessara lampa varð öllu öðru yfirsterkara? Hvað gæti máttur hins guðlega vilja til að „fullkomna ljós sitt“ táknað? Eins og þegar hefur komið fram, var fjandskapur vantrúarmannanna svo mikill að enginn þessara guðlegu ljósgjafa gat nokkru sinni fundið sér athvarf né drukkið af bikar rósemi. Þeir voru látnir sæta slíkri kúgun, að hinn lítilmótlegasti meðal manna gat gert á hlut þessara eðliskjarna verundarinnar það sem honum lysti. Þjóðirnar hafa orðið vitni að þessum þjáningum, vegið þær og metið. Hvernig gátu þá slíkir menn skilið og útskýrt þessi orð Guðs, þessi vers eilífrar dýrðar?

En merking þessara versa er ekki sú sem þeir hafa ímyndað sér. Nei, orðin „áhrifavald“, „máttur“ og „myndugleiki“ gefa til kynna gjörólíka stöðu og þýðingu. Íhuga til dæmis gagntækt vald þessa blóðs Husayns sem vökvaði jörðina. Hvílikt áhrifavald hefur ekki duftið sjálft yfir líkómum og sálum manna fyrir mátt og heilagleika þess blóðs! Slíkur var kraftur þess að sá sem leitaði græðingar á veikindum sínum læknaðist við snertingu þeirrar helgu moldar, og hver sá sem vildi verja eigin sínar og geymdi með algjörri trú og skilningi lítið eitt af þeirri heilögu mold í húsi sínu, varðveitti allt sem hann átti. Þetta eru ytri opinberanir máttar hennar. Og ef Vér segðum frá huldum dyggðum hennar, myndu þeir vissulega segja: „Hann hefur sannlega haldið duftið vera Drottinn Drottna og hefur algjörlega snúið baki við trú Guðs.“

Minnst auk þess smánarlegu kringumstæðna við píslarvætti Husayns. Íhuga einsemd hans; að í hinum sýnilega heimi var enginn sem hjálpaði honum, engan sem tók líkama hans og jarðsetti hann. Og sjá samt hversu margir klæðast pílagrímskyrtli á þessum degi og leita frá ystu mörkum jarðar uppi píslarvættisstaðinn til þess að leggja höfuð sín á þröskuld grafhýsis hans. Slík er upphafning og vald Guðs! Slík er dýrð veldis Hans og tignar!

Þú skalt ekki halda að vegna þess að þetta gerðist eftir píslarvætti Husayns hafi öll þessi dýrð ekki komið honum að neinu haldi. Því að sú sál er ódauðleg, lifir lífi Guðs og hvílist í athvarfi himneskrar dýrðar á Sadrih himneskrar sameiningar. Þessir eðliskjarnar verundarinnar eru skínandi fordæmi fórnar. Þeir hafa fórnað og munu halda áfram að fórna lífi sínu, eignum, sálum sínum, anda og öllu sem þeir eiga á vegi Hins elskaða. Engin staða, hversu upphafin sem hún kann að vera, gæti verið þeim kærari eða ástfólgnari. Því elskhugarnir þrá ekkert nema velþóknun Ástvinar síns og hafa ekkert markmið annað en endurfundi við Hann.

Ef Vér óskuðum að sýna þér glampa af leyndardómi píslarvættis Husayns og opinbera þér ávexti þess, nægðu þessar síður aldrei til að tæma merkingu þess. Von Vor er sú, að með leyfi Guðs megi andvari náðar bærast og hið guðlega vor klæða tré verundar kyrtli nýs lífs, svo að við getum uppgötvað leyndardóma guðlegrar visku og með fulltingi forsjónar Hans orðið óháðir þekkingu á öllum hlutum. Vér höfum enn þá ekki fundið neina, að undanskildum fáeinum óþekktum sálum, sem hafa náð þessari stöðu. Látum framtíðina leiða í ljós hvernig Guð mun dæma og hvað helgidómur ákvörðunar Hans opinberar. Þannig skýrum Vér þér frá undraverkum málstaðar Guðs og látum himneska söngva hljóma í eyrum þínum, að þú megir öðlast stöðu sannrar þekkingar og neyta af ávöxtum hennar. Vit því með vissu að þótt þessir ljósgjafar himneskrar tignar dvelji í duftinu eru heimkynni þeirra sæti dýrðar í ríkjum hið efra. Þótt þeir séu sviptir öllum jarðneskum eigum, svífa þeir í ríkjum ómælanlegra auðæfa. Og meðan þeir eru hrjáðir í óvinahöndum, sitja þeir við hægri hönd valds og himneskra yfirráða. Mitt í myrkri niðurlægingar skín á þá ljós ófölnandi dýrðar og yfir hjálparleysi þeirra er úthellt táknum ósigrandi yfirráða.

Þannig mælti Jesús, sonur Maríu, þessi orð meðan Hann dag einn sat og talaði af valdi heilags anda: „Ó menn! Fæða mín er gras vallarins – með því seð ég hungur mitt. Beður minn er duftið, lampi minn á næturnar tunglsljósið og fararskjótinn fætur mínir. Sjá, hver á jörðu er ríkari en ég?“ Ég sver við réttlæti Guðs! Þúsundur fjársjóða hringsóla í kringum slíka fátækt og ótölulegur fjöldi dýrðarríkja þrá slíka niðurlægingu! Ef þú öðlaðist dropa úr hafi innri merkingar þessara orða, myndir þú vissulega yfirgefa heiminn og allt sem í honum er og eyða sjálfum þér eins og Fönix í logum hins ódeyjandi elds.

Sagt er enn fremur að dag nokkurn hafi einn af félögum Şádiq kvartað við hann yfir fátækt sinni. Şádiq, sú ódauðlega fegurð, svaraði: „Vissulega ert þú ríkur og hefur drukkið skál auðlegðar.“ Þessi fátæka sál skildi ekki orðin sem þessi ljómandi ásýnd mælti og sagði: „Hvar er ríkidæmi mitt, ég sem ekki á skilding.“ Şádiq svaraði þá: „Átt þú ekki ást vora?“ „Jú,“ svaraði hann, „hana á ég, ó þú erfingi spámanns Guðs!“ Og Şádiq spurði hann: „Myndir þú vilja skipta á þessari ást og þúsund dínurum?“ Hann sagði: „Nei, ég myndi aldrei skipta á henni jafnvel þótt mér væri gefinn heimurinn og allt sem í honum er!“ Þá sagði Şádiq: „Hvernig getur sá sem á slíkan fjársjóð kallast fátækur?“

Þessi fátækt og þetta ríkidæmi, þessi niðurlæging og dýrð, þessi yfirráð, vald og annað þvívíkt sem augu og hjörtu þessara hégómlegu og fávísu sálna beinast að – allt hverfur þetta og verður að engu í þeim konungsgarði! Því hefur Hann sagt: „Ó menn! Þér eruð aðeins fátæklingar og þarfnist Guðs; en Guð er hinn ríki, hinn óháði.“⁹⁵ Með „ríkidæmi“ er því átt við frelsi frá öllu nema Guði og með „fátækt“ er átt við skort á því sem er af Guði.

Minnst þú einnig dagsins þegar Gyðingar söfnuðust um Jesúm, son Maríu og lögðu hart að Honum að játa tilkall sitt til að vera Messías og spámaður Guðs svo að þeir gætu lýst Hann trúvilling og dæmt Hann til dauða. Síðan leiddu þeir Hann á brott, sólina á himni guðlegrar opinberunar, til Pílatúsar og Kaífasar, hinna fremstu meðal guðsmanna aldarinnar. Allir æðstu prestarnir voru samankomnir í höllinni ásamt miklum manngrúa sem hafði safnast saman til að spotta Hann og særa og verða vitni að þjáningu Hans. Þótt þeir yfirheyrðu Hann margsinnis í þeirri von að Hann játaði tilkall sitt, þagði Jesús og svaraði þeim ekki. Loks reis upp einn sem var bölvður af Guði, nálgadist Jesú og sárþændi Hann: „Sagðist þú ekki vera hinn guðlegi Messías? Sagðir þú ekki: ‚Ég er konungur konunga, orð Mitt er orð Guðs og Ég rýf helgi hvíldardagsins‘?“ Þá leit Jesús upp og sagði: „Sérð þú ekki Mannssoninn sitja til hægri handar máttar og valds?“ Þessi

voru orð Hans. Íhuga hvernig Hann var samt sem áður hið ytra rúinn öllu valdi nema því innra valdi sem var af Guði og sem hafði umlukið allt sem er í himnum og á jörðu. Hvernig get Ég sagt frá öllu því sem féll Honum í hlut eftir að Hann mælti þessi orð? Hvernig á Ég að lýsa svívirðilegu framferði þeirra gagnvart Honum? Að lokum ulla þeir blessaðri persónu Hans slíkum þjáningum, að Hann leitaði athvarfs í hinum fjórða himni.

Skrifað stendur einnig í Lúkasarguðspjalli, að dag einn hafi Jesús gengið fram hjá Gyðingi sem var lamaður og lá í sæng sinni. Þegar Gyðingurinn sá Hann, bar hann kennsl á Hann og kallaði til Hans um hjálp. Jesús sagði við hann: „Rís upp; syndir þínar eru þér fyrirgefnar.“ Nokkrir gyðinganna sem stóðu hjá mótmæltu og sögðu: „Hver getur fyrirgefið syndir nema Guð?“ Og þegar Hann skynjaði hugsanir þeirra, svaraði Jesús og sagði við þá: „Hvort er auðveldara að segja við hinn lama: Syndir þínar eru þér fyrirgefnar, eða segja: Statt upp, tak sæng þína og gakk? Að þér vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörðu til að fyrirgefa syndir.“⁹⁶ Þetta eru sönn yferráð og slíkt er vald hinna útvöldu Guðs! Allt sem Vér höfum áréttað og smáatriðin sem Vér höfum vísað til í ýmsum heimildum hafa þann tilgang einan að gera þér kleift að skilja merkingu vísbindinganna í orðum hinna útvöldu Guðs, svo að sum þeirra verði þess ekki til þess að fætur þínir hراسi og hjarta þitt skelfist.

Þannig getum við staðföstum skrefum fetað veg fullvissunnar, svo að andvarinn sem berst frá högum velþóknunar Guðs megi veita yfir okkur sætum ilmi guðlegrar viðurkenningar og láta okkur, hverfula og dauðlega menn sem við erum, ná til ríkis eilífrar dýrðar. Þá munt þú skilja innri merkingu yferráða og annars þess háttar sem fjallað er um í arfsögnum og ritningum. Auk þess er þegar ljóst eins og þú veist, að þeir hlutir sem Gyðingar og kristnir menn hafa haldið fast við og hrakyrðin sem þeir jusu yfir persónu Múhameðs, hafa á þessum degi verið endurtekin af fylgjendum Kóransins og birst í fordæmingu þeirra á „Punkti Bayánsins“ – megi sálum allra sem dvelja í ríki guðlegrar opinberunar verða fórnað Honum! Sjá flónsku þeirra: Þeir mæla sömu orðin og Gyðingar mæltu til forna og vita það ekki! Hversu réttmæt og sönn eru ekki orð Hans um þá: „Leyf þeim að gamna sér við hrakyrði sín!“⁹⁷ „Sem Þú lifir, ó Múhameð! Þeir eru fullir ofsa hégómlegra ímyndana.“⁹⁸

Þegar Hin ósýnilega, eilífa og guðdómlega verund lét sól Múhameðs rísa yfir sjónarhring þekkingar var ein ákæranna sem guðsmenn Gyðinga báru á hendur Honum sú, að eftir Móse myndi enginn spámaður koma frá Guði. Já, í helgiritunum var skýrt frá sál sem átti að birtast og vinna trúnni brautargengi og efla hag Móse-þjóðar til þess að lög trúarkerfis Hans mættu umlykja alla jörðina. Þannig hefur Konungur eilífrar dýrðar vitnað í bók sinni til orða sem þessir vegfarendur í dal fjarlægðar og villu mæltu: „Hönd Guðs,“ segja Gyðingar, „er fjötruð.“ Fjötraðar séu þeirra eigin hendur! Og bölvaðir voru þeir fyrir orð sín. Nei, framréttar eru báðar hendur Hans!“⁹⁹ „Hönd Guðs er ofar þeirra höndum.“¹⁰⁰

Þótt skýrendur Kóransins hafi með ýmsum hætti sagt frá aðstæðunum við opinberun þessara helgu orða, ættir þú samt að reyna að skilja merkingu þeirra. Hann sagði: Hversu fráleitt er það ekki sem Gyðingar hafa ímyndað sér! Hvernig getur hönd Hans sem er konungur í sannleika, sem opinberaði ásýnd Móse og skryddi Hann kyrtli spámannsdæmis – hvernig gæti slík hönd verið fjötruð? Hvernig er hægt að gera sér í hugarlund að Hann skorti mátt til að reisa upp annan opinberanda eftir Móse? Sjá hve fjarstæðukennd orð þeirra eru, hversu langt þeir hafa villst af vegi þekkingar og skilnings! Sjá hvernig allt þetta fólk hefur einnig á þessum degi gert sér dælt við slíka fjarstæðu. Í meira en þúsund ár hafa þeir lesið þessi helgu orð og óafvitandi fellt dóm yfir

Gyðingum án þess að gera sér minnstu grein fyrir því að þeir sjálfir, opinskátt og á laun, tjá tilfinningar og trúarskoðanir Gyðinga! Þér er vissulega kunnugt um marklausa staðhæfingu þeirra þess efnis að öll opinberun sé á enda runnin, að hlið guðlegrar náðar séu lokuð, að engin sól risi frammar yfir sjónarhring eilífs heilagleika, að hafdjúp ævarandi veglyndis hafi kyrrst að eilífu og að boðberar Guðs séu hættir að birtast frá helgidómi aldinnar dýrðar. Slíkur er skilningur þessa þröngsýna, fyrirlitlega fólks. Það hefur ímyndað sér að flaumur alltumlykjandi náðar og ríkulegrar miskunnar Guðs hafi stöðvast þótt slíkt sé með öllu óhugsandi. Þeir hafa risið upp á alla vegu og gyrt lendar sínar harðstjórn og reynt til hins ítrasta að slökkva með rammbeisku vatni fánýtra ímyndana sinna eldinn sem brennur í runna Guðs. Þeir gleyma því að ljóshjálmur valds og máttar skýlir loga Guðs í sínu eigin rammgerða vígi. Algjör skortur þessa fólks nægir því vissulega, því það hefur verið svipt viðurkenningu á kjarnlægu áformi málstaðar Guðs og þekkingu á leyndardómi hans og innihaldi. Því hæsta og ágætasta náðin sem veitt er mönnum er í því fólgin að „komast í návist Guðs“ og viðurkenna Hann sem er fyrirheitinn öllum mönnum. Þetta er hæsta stig náðar sem Hinn algjöfuli, hinn aldni, veitir manningum, fylling algjörRAR gjafmildi Hans gagnvart þeim sem Hann hefur skapað. Ekkert af þessu fólki hefur fengið hlutdeild í þessari náð og hylli né hefur það verið heiðrað með þessum upphöfnustu auðkennum. Hversu fjölmörg eru ekki þau opinberuðu vers sem bera skýrt vitni þessum þungvægasta sannleika og upphafna stefi! Og samt hafa þeir hafnað því og rangtúlkað merkingu þess samkvæmt sínum eigin ástríðum. Líkt og Hann hefur opinberað: „Hvað varðar þá sem ekki trúa á ták Guðs né að þeir muni nokkru sinni mæta Honum: þeir munu örvænta um náð Mína og þeirra bíður þungbær refsing.“¹⁰¹ Einnig segir Hann: „Þeir sem hafa í huga að þeir munu komast í návist Drottins síns og að til Hans munu þeir hverfa aftur.“¹⁰² Enn fremur sagði Hann við annað tækifæri: „Þeir sem töldu sýnt að þeir myndu mæta Guði sögðu: „Hversu oft hefur ekki lítill herskari sigrað fjölmennan her með leyfi Guðs!“¹⁰³ Við enn annað tækifæri segir Hann: „Látið hann sem vonast til að komast í návist Drottins síns vinna réttlát verk.“¹⁰⁴ Og einnig sagði Hann: „Hann ákvarðar alla hluti. Hann gerir ták sín skýr, að þér megið vera stöðugir í þeirri trú að þér komist í návist Drottins yðar.“¹⁰⁵

Þetta fólk hefur hafnað öllum þessum versum sem bera óefað vitni um raunveruleika þess að „komast í hina himnesku návist“. Á ekkert stef hefur verið lögð ríkari áhersla í helgum ritningum. Þrátt fyrir þetta hafa þeir svipt sig þessari háleitu og upphöfnustu stöðu, þessari æðstu og dýrlegu vegsemd. Sumir hafa brugðið því við að með því að „komast í hina himnesku návist“ sé átt við „opinberun“ Guðs á degi upprisunnar. Ef þeir fullyrða, að „opinberun“ Guðs tákni „allsherjaropinberun“, þá er einsýnt, að slík opinberun er þegar til í öllum hlutum. Sannleika þess höfum Vér þegar staðfest, því að Vér höfum sýnt fram á að allir hlutir veita viðtöku og opinbera dýrð Hins fullkomna konungs og að tákinn um opinberun sólarinnar, uppsprettu allrar dýrðar, eru fyrir hendi og birtast í speglum verundarinnar. Nei, ef maðurinn aðgætti augum himnesks og andlegs skilnings, myndi hann strax sjá að alls ekkert getur verið til án opinberunar dýrðar Guðs, hins fullkomna konungs. Íhuga hvernig allir skapaðir hlutir bera mælskt vitni um opinberun þessa innra ljóss í verund sinni. Sjá hvernig Riðván-hlið Guðs standa opin hið innra með öllum sköpuðum hlutum, að leitendur megi ná til borga skilnings og visku og ganga inn í garða þekkingar og valds. Í sérhverjum garði munu þeir sjá hina dulrænu brúður innri merkingar varðveitta í herbergjum máls í algjörri náð og fullum skróða. Flest versa Kóransins vísa til þessa andlega stefs og bera því vitni. Versið: „Né heldur er nokkuð til sem ekki lofsyngur Hann“¹⁰⁶ er mælskur vitnisburður um þetta; og „við gáfum öllum hlutum gætur og rituðum þá niður“¹⁰⁷ ber þessu öruggt vitni. Nú, ef

með því að „komast í návist Guðs“ er átt við að öðlast þekkingu á slíkri opinberun, er augljóst að allir menn hafa þegar komist í návist hinnar óumbreytanlegu ásýndar þess óviðjafnanlega Konungs. Hvers vegna ætti þá að takmarka slíka opinberun við dag upprisunnar?

Og ef þeir segðu að með „guðlegri návist“ væri átt við hina „sérstöku opinberun Guðs“ sem nokkrir súfar hafa lýst sem hinni „helgustu úthellingu“, er augljóst að hún hefur að eilífu verið til í þekkingu Guðs ef hún vísar til sjálfs eðliskjarnans. Ef gert er ráð fyrir að þessi kenning sé sönn, er augljóst að í þeim skilningi getur enginn „komist í návist Guðs“, því að þessi opinberun einskorðast við hið innsta eðli sem enginn maður getur náð til. „Vegurinn er lokaður og allri leit hafnað.“ Hugir hinna útvöldu himinsins, hversu hátt sem þeir kunnu að svífa, geta aldrei náð þessari stöðu, hversu miklu síður skilningur myrkvaðra og takmarkaðra huga.

Og ef þeir segðu að með hinni „himnesku návist“ væri átt við „aðra opinberun Guðs“ sem túlkuð er sem hin „himneska úthelling“, þá gæti þetta að vísu átt við heim sköpunarinnar, það er að segja ríki frumlægrar og upprunalegrar birtingar Guðs. Slík opinberun er einskorðuð við spámenn Hans og hina útvöldu, því enginn þeim máttugri hefur komið fram í heimi verundar. Allir viðurkenna þennan sannleika og bera honum vitni. Þessir spámenn og hinir útvöldu Guðs veita viðtöku og opinbera allar hinar óbreytilegu eigindir og nöfn Guðs. Þeir eru speglarnir sem í sannleika og trúfesti endurspeglja ljós Guðs. Hvaðeina sem hægt er að eigna þeim er í raun hægt að eigna Guði sjálfum, sem er bæði hinn sýnilegi og ósýnilegi. Að þekkja og komast til Hans sem er uppspretta allra hluta er ógjörningur nema með því að þekkja og komast til þessara skínandi vera sem birtast frá sól sannleikans. Þegar maðurinn kemst í návist þessara helgu ljósgjafa, kemst hann í návist Guðs sjálfs. Fyrir þekkingu þeirra er þekking Guðs opinberuð og í ljósinu frá ásýnd þeirra birtist ljómi ásýndar Guðs. Af margvíslegum eigindum þessara verunda andlegrar lausnar sem eru hvorutveggja í senn hinn fyrsti og hinn síðasti, hinn sýnilegi og hinn ósýnilegi, kemur fram, að Hann sem er sól sannleikans er „hinn fyrsti og hinn síðasti, hinn sýnilegi og hinn ósýnilegi“.¹⁰⁸ Hið sama gildir um önnur háleit nöfn og upphafnar eigindir Guðs. Þess vegna hefur hver og einn, í hvaða trúarkerfi sem hann hefur viðurkennt og komist í návist þessara dýrlegu, skínandi og ágætustu ljósgjafa, í sannleika komist í „návist Guðs“ sjálfs og gengið inn í borg eilífs og ódauðlegs lífs. Það er aðeins hægt að komast í slíka návist á degi upprisunnar sem er dagur upprisú Guðs sjálfs í alltumlykjandi opinberun Hans.

Þetta er merking „upprisudagsins“ sem talað er um í öllum helgiritum og kunngerður öllum þjóðum. Íhugaðu: Er hægt að gera sér í hugarlund dýrmætari, máttugri og dýrlegri dag en þennan, að maðurinn fari vísvitandi á mis við náð hans og svipti sig hylli hans sem fellur eins og vorskúr frá himnum náðar yfir allt mannkynið? Nú þegar sýnt hefur verið fram á með svo óyggjandi hætti að enginn dagur er þessum degi meiri og engin opinberun þessari dýrlegri, og nú þegar lagðar hafa verið fram allar þessar þungvægu og óskeikulu sannanir sem enginn skilningsríkur hugur getur dregið í efa og engum lærdómsmanni sést yfir, hvernig getur maðurinn hugsanlega svipt sig slíkum náðargjöfum vegna fánýtra mótbára frá mönnum efasemda og ímyndana? Hafa þeir ekki heyrt hina vel þekktu arfsögn: „Þegar Qá'im rís, þá er upprisudagurinn?“ Á sama hátt hafa ímamarnir, þessi ófölnandi ljós himneskrar leiðsagnar, túlkað versið: „Hvers geta slíkir menn vænst annars en að Guð komi niður til þeirra yfirskyggður í skýjunum?“¹⁰⁹ Á þetta tákn hafa þeir óefað litið á sem eitt af einkennum upprisudagsins sem vísaði til Qá'ims og birtingar Hans.

Reyn því, ó bróðir minn, að skilja merkingu orðsins „upprisa“ og hreinsa eyru þín af fánýtum orðum þessa útskúfaða fólks. Ef þú gengir inn í ríki algjörar andlegrar lausnar, myndir þú fúslega bera því vitni að enginn dagur er máttugri þessum degi og ekki er hægt að gera sér í hugarlund neina upprisu ógnvænlegri en þessa upprisu. Eitt réttlátt verk sem er framkvæmt á þessum degi jafngildir öllum dyggðugum gerðum manna í aragrúa alda – nei, Vér biðjum Guð fyrirgefningar á slíkum samanburði! Því vissulega er endurgjaldið sem slíkt verk verðskuldar ómælanlega ofar og handan mati þeirra. Þar sem þessum skilningslausu og vesælu sálum tókst ekki að skilja sanna merkingu „upprisunnar“ og þess að „komast í hina himnesku návist“, hafa þeir verið fullkomlega sviptir náð hennar. Þótt megintilgangur alls lærdóms og þess erfiðis sem honum er samfara, sé sá einn að öðlast og viðurkenna þessa stöðu, eru þeir samt allir önnum kafnir við eftirsókn efnislegra fræðiiðkana. Þeir neita sér um alla hvíld og vanrækja Hann fullkomlega sem er innsti veigur alls lærdóms og einasta markmið leitar þeirra! Mér virðist sem varir þeirra hafi aldrei snert bikar himneskrar þekkingar né sýnast þeir hafa fengið einn einasta dropa af skúrum himneskrar náðar.

Íhuga, hvernig getur hann, sem á degi opinberunar Guðs lætur undir höfuð leggjast að öðlast náð „guðlegrar návistar“ og viðurkenna birtingu Hans, með réttu kallast lærður þótt hann kunni að hafa eytt þúsundum ára í þekkingarleit og öðlast allan takmarkaðan og efnislegan lærdóm manna? Það er vissulega deginum ljósara að hann getur á engan hátt talist búa yfir sannri þekkingu. En ef hinn ólærðasti allra manna er heiðraður með þessari ædstu virðingarstöðu, verður hann vissulega talinn til guðlegra lærdómsmanna og þekking hans er frá Guði; því að slíkur maður hefur náð hátindi þekkingar og hæsta stigi lærdóms.

Þessi staða er einnig tákn um dag opinberunarinnar, eins og sagt er: „Hinn niðurlægða meðal yðar mun Hann upphefja; og hina upphöfnu mun Hann niðurlægja.“ Og einnig hefur Hann opinberað í Kóraninum: „Og Vér kusum að auðsýna hylli hinum fótumtroðnu í landinu, gera þá að andlegum leiðtogum meðal manna og leiða þá til arfs eftir Oss.“¹¹⁰ Það hefur komið í ljós á þessum degi hvernig margir guðsmannanna hafa fallið og dvelja í dýpstu lægðum fáfræðinnar og nöfn þeirra verið afmáð af bók hinna dýrlegu og lærðu vegna þess að þeir hafa hafnað sannleikanum. Og hversu margir hinna fáfróðu hafa ekki svifið upp og náð hæsta tindi þekkingar og nöfn þeirra verið skráð af Penna valdsins á töflu guðlegrar þekkingar vegna þess að þeir játuðust trúnni. Þannig mun „Guð nema úr gildi eða staðfesta það sem Honum þóknast; því með Honum er uppspretta opinberunar.“¹¹¹ Þess vegna er það „ósæmilegur verknaður að leita vitnisburðar þegar sönnunin hefur verið staðfest og það er ámælisvert að leggja sig fram um öflun þekkingar þegar takmarki alls lærdóms hefur verið náð.“ Seg, ó menn jarðar! Sjáið þennan geislandi Æskumann sem hraðar sér yfir takmarkalaus djúp andans og boðar ykkur fréttirnar: „Sjá, lampi Guðs skín“ og býður ykkur að gefa gaum að málstað Hans sem skín í landi Íraks yfir dagsbrún eilífs heilagleika, þótt hann sé hulinn slæðum aldinnar dýrðar.

Ó vinur minn, ef fugl huga þíns kannaði himna opinberunar Kóransins, ef hann íhugaði þau ríki himneskrar þekkingar sem þar eru afhjúpuð, myndir þú vissulega sjá ótölulegar dyr þekkingar opnast fyrir augliti þínu. Þér myndi í sannleika skiljast, að allt sem á þessum degi hefur hindrað þetta fólk frá því að ná til stranda eilífrar náðar, hindruðu samtímamenn Múhameðs í trúarkerfi Hans frá að viðurkenna þann guðlega ljósgjafa og að bera sannleika Hans vitni. Þú munt einnig skilja leyndardóma „endurkomu“ og „opinberunar“ og dvelja óhultur í háleitustu vistarverum fullvissu og öryggis.

Og það gerðist dag einn, að hópur andstæðinga Hinnar óviðjafnanlegu fegurðar, menn sem höfðu villst langt frá ótortímanlegum griðastað Guðs, sögðu í hæðnistón við Múhameð: „Vissulega hefur Guð gert sáttmála við okkur um að við skulum ekki að trúá postula fyrr en hann sýnir okkur fórn sem eldur frá himni eyðir.“¹¹² Merking þessa vers er sú að Guð hafði gert sáttmála við þá þess efnis að þeir skyldu ekki að trúá á neinn boðbera fyrr en hann ynni kraftaverk Kains og Abels; það er að segja færði fórn sem eldur frá himni eyddi, eins og þeir höfðu heyrt um í sögu Abels sem er skráð í ritningunum. Þessu svaraði Múhameð og sagði: „Postular á undan mér hafa þegar komið til ykkar með áreiðanlegan vitnisburð og með það sem þér nefnið. Hvers vegna drápuð þér þá? Segið mér það ef þér eruð sannleikans menn?“¹¹³ Og ver nú sanngjarn. Hvernig gátu þessir menn sem lifðu á dögum Múhameðs, verið uppi mörg þúsund árum áður, á dögum Adams og annarra spámanna? Hvers vegna skyldi Múhameð, þessi eðliskjarni sannleikans, álasa samtímamönnum sínum um morð á Abel eða hinum spámönnum? Þú átt einskis annars kost en að líta á Múhameð sem svikara eða flón – sem Guð forði! – eða halda því fram að þessi illmenni séu hin sömu sem á sérhverri öld atyrta spámenn og boðbera Guðs og snerust gegn þeim uns þeir að lokum liðu píslarvætti í höndum þeirra.

Hugleið þetta í hjarta þínu, svo að ljúfir vindar himneskrar þekkingar, sem blása frá haglendi miskunnar, megi færa þér ilm af orðum Hins elskaða og láta sál þína ná til Ridván skilnings. Þar sem hinum vegvilltu á hverri öld hefur mistekist að skilja dýpri merkingu þessara þungvægu og örlogaþrungnu orða og ímyndað sér að svör spámanna Guðs væru óviðkomandi þeim spurningum sem þeir lögðu fyrir þá, sögðu þeir þessa eðliskjarna þekkingar og skilnings seka um fáfræði og flónsku.

Múhameð bar einnig í öðru vers fram andmæli gegn samtímamönnum sínum. Hann sagði: „Þótt þeir hafi fyrr beðið um sigur yfir þeim sem ekki trúðu, trúðu þeir samt ekki á Hann sem þeir þekktu þegar Hann kom til þeirra. Bölvun Guðs komi yfir vantrúarmennina!“¹¹⁴ Íhuga hvernig þetta vers gefur einnig til kynna að menn sem lifðu á dögum Múhameðs hafi verið hinir sömu sem á dögum eldri spámanna börðust með oddi og egg til að útbreiða trúna og kenna málstað Guðs. Og hvernig var samt hægt að líta á kynslóðirnar á dögum Jesú og Móse og þær sem lifðu á dögum Múhameðs sem eitt og sama fólk? Þeir sem þetta fólk hafði áður þekkt voru auk þess Móse, opinberandi Mósebóka og Jesús, höfundur Guðspjallsins. En hvers vegna sagði þá Múhameð: „Þegar Hann sem þeir þekktu kom til þeirra“ – það er Jesús eða Móse – „trúðu þeir ekki á Hann“? Var Múhameð ekki hið ytra þekktur undir öðru nafni? Kom Hann ekki frá annarri borg? Talaði Hann ekki annað tungumál og opinberaði annað lögmál? Hvernig er þá hægt að staðfesta sannleika þessa vers og skýra merkingu þess?

Reyn því að skilja merkingu „endurkomunnar“ sem hefur verið opinberuð með svo skýrum hætti í Kóraninum sjálfum og sem enginn hefur skilið enn. Hvað segir þú? Ef þú segir, að Múhameð hafi verið „endurkoma“ fyrri spámanna eins og þetta vers ber með sér, hljóta félagar Hans einnig að hafa verið „endurkoma“ fyrri félaga, líkt og endurkomu hins fyrra fólks er borið skýrt vitni í texta ofangreindra versa. Og ef þú neitar þessu, hefur þú vissulega afneitað sannleika Kóransins, áreiðanlegasta vitnisburði Guðs til manna. Reyn á sama hátt að skilja þýðingu „endurkomu“, „opinberunar“ og „upprisú“ sem áttu sér stað á dögum opinberenda hins guðlega eðliskjarna, svo að þú megir sjá með þínum eigin augum „endurkomu“ heilagra sálna inn í helgaða og upplýsta líkama og megir þvo burt gróm fáfræðinnar og hreinsa hið myrka sjálf með vötnum náðar sem streyma frá uppsprettu himneskrar þekkingar; að þú megir með afli Guðs og ljósi guðlegrar leiðsagnar greina morgun eilífrar dýrðar frá dimmri nótt villunnar.

Auk þess er þér ljóst, að þeir sem varðveita trúnað Guðs birtast þjóðum jarðar sem útskýrendur nýs málstaðar og þeir opinbera nýjan boðskap. Þar sem þessir fuglar hins himneska hásetis eru allir sendir niður frá himni vilja Guðs og þar sem þeir hefjast allir handa um að kunngera ómótstæðilega trú Hans, er litið á þá sem eina sál og eina og sömu persónu. Því allir drekka þeir af sama bikar Guðs ástar og neyta af ávexti eins og sama trés einingarinnar. Sérhver þessara opinberenda Guðs gegnir tvíþættri stöðu. Önnur er staða fullkomins andlegleika og eðliseiningar, þannig að ef þú nefnir þá alla sama nafni og eignar þeim sömu eigindir hefur þú ekki villst frá sannleikanum. Líkt og Hann hefur opinberað: „Engan greinarmun gerum Vér á boðberum Hans!“¹¹⁵ Því að sérhver þeirra býður þjóðum jarðarinnar að viðurkenna einingu Guðs og flytur þeim Kawthar takmarkalausrar náðar og mildi. Þeir eru allir prýddir kyrtli spámennsku og heiðraðir með skikkju dýrðar. Þess vegna hefur Múhameð, punktur Kóransins, opinberað: „Ég er allir spámennirnir.“ Einnig segir Hann: „Ég er hinn fyrsti Adam, Nói, Móse og Jesús.“ Á svipaða lund voru staðhæfingar ímamsins ‘Alí. Slíkar yfirlýsingar sem gefa til kynna eðliseiningu þessara boðbera einingar hafa einnig borist úr farvegum ódauðlegra orða Guðs og þeim fjárhirslum sem geyma eðalsteina guðdómlegrar þekkingar, og verið skráðar í helgar bækur. Þessar ásýndir taka við guðlegum fyrirmælum og eru dagsbrúnir opinberunar Hans. Þessi opinberun er hafin yfir blæjur margfeldni og takmarkanir talna. Hann mælti svo: „Málstaður Vor er aðeins einn.“¹¹⁶ Þar eð málstaðurinn er einn og hinn sami, hljóta opinberendur Hans einnig að vera einn og hinn sami. Sömuleiðis hafa ímamar íslams, þessir lampar fullvissunnar, sagt: „Múhameð er okkar fyrsti, Múhameð okkar síðasti, Múhameð okkar allt.“

Þér er það ljóst að allir spámennirnir eru musteri málstaðar Guðs sem hafa birst í ýmsum klæðum. Ef þú aðgættir glöggum augum sæir þú þá alla dvelja í sömu tjaldbúð, svífa á sama himni, sitja í sama háseti, mæla sömu orð og boða sömu trú. Slík er eining þessara eðliskjarna verundarinnar, þessara ljósgjafa ómælanlegrar og takmarkalausrar dýrðar! Ef einn þessara opinberenda heilagleikans kunngerði: „Ég er endurkoma allra spámanna,“ segði Hann vissulega sannleikann. Á sama hátt er endurkoma fyrri opinberunar staðreynd sem er tryggilega staðfest í næstu opinberun. Þar sem óyggjandi rök hafa verið færð að endurkomu spámanna Guðs sem borið er vitni í versum og arfsögnum Guðs, hafa fullar sönnur einnig verið færðar á endurkomu þeirra útvöldu. Þessi endurkoma er í sjálfri sér of augljós til að hún þarfnist nokkurs vitnisburðar eða sönnunar. Íhuga til að mynda að meðal spámanna var Nói. Þegar Hann var skryðdur kyrtli spámennsku og reis upp snortinn anda Guðs til að boða málstað Hans, hlotnaðist hverjum þeim sem á Hann trúði og viðurkenndi trú Hans, náðargjöf nýs lífs. Um hann var sannlega hægt að segja, að hann hefði fæðst að nýju og öðlast nýtt líf, því að áður en hann hafði trúnað á Guð og viðurkennt opinberanda Hans, var hann með hugann allan við veraldlega hluti, svo sem eftirsókn jarðneskra gæða, konu, börn, mat, drykk og þvívíkt og það í þeim mæli, að nótt sem nýtan dag snerist hugur hans um það eitt að safna auðæfum og víða að sér meðulum til munúðar og lystisemda. Áður en hann drakk af endurlífandi vötnum trúar hafði hann aukinheldur verið svo trúr hefðum forfeðra sinna og helgað sig síðum þeirra og lögum af slíkri ástríðu, að hann hefði heldur viljað deyja en brjóta gegn einum bókstaf þeirra hjátrúarfullu forma og síða sem tíðkuðust meðal þjóðar hans. Líkt og menn hafa sagt: „Vissulega fundum við trú meðal feðra okkar og sannlega fetum við í fótspor þeirra.“¹¹⁷

Þótt þessir sömu menn hafi verið hjúpaðir öllum þessum blæjum takmarkana og þrátt fyrir hömlur slíkra erfðavenja, varð á þeim slík breyting þegar þeir drukku hinn ódauðlega teyg trúar af kaleik fullvissunnar úr hönd opinberanda Hins aldýrlega, að þeir

vildu fyrir Hans sakir afneita ættmennum sínum, eignum, lífi sínu, trú sinni, já, öllu nema Guði! Svo heitt og innilega þráðu þeir Guð, svo gagnteknir voru þeir sælum unaði, að heimurinn og allt sem í honum var varð í augum þeirra að engu. Eru þessir menn ekki lifandi dæmi um leyndardóma „endurfæðingar“ og „endurkomu“? Hefur ekki komið í ljós, að áður en þessum sömu mönnum hlotnaðist ný og undursamleg náð Guðs, leituðust þeir með ótölulegum brögðum við að verja líf sitt gegn eyðingu? Fyllti þyrnirinn þá ekki skelfingu og rak ekki ásýnd refsins þá á flóttu? En þegar þeir eitt sinn höfðu verið heiðraðir með æðstu eigindum Guðs og öðlast ríkulega miskunn Hans, hefðu þeir fórnað tíu þúsund lífum á vegi Hans, hefði það staðið í þeirra valdi. Nei, blessaðar sálir þeirra þráðu lausn og fyrirritu búr líkamans. Einn hermaður í slíkum her gat staðið gegn og barist við mikinn fjölda! Hvernig hefðu þeir samt getað unnið slíkar dáðir sem stríða gegn aðferðum manna og eru í engu samræmi við veraldlegar ástríður þeirra, ef ekki hefði verið fyrir breytinguna í lífi þeirra?

Það er augljóst að ekkert nema þessi dulræna breyting gat orðið þess valdandi, að slíkur andi og hegðun sem stakk svo fullkomlega í stúf við fyrri síði þeirra og venjur, birtist í heimi verundar. Því eirðarleysi þeirra var breytt í frið, efa í fullvissu, óframfærni í hugrekki. Slíkur er máttur þeirrar guðdómlegu ódáinsveigar sem á örskotsstund breytir sálum mannanna!

Íhuga til að mynda kopar. Ef hann er varinn í sinni eigin námu frá því að verða að föstu efni, yrði hann á sjötíu árum að gulli. Sumir halda því þó fram, að koparinn sjálfur sé gull sem með því að verða að föstu efni sé í óheilbrigðu ástandi og hafi því ekki náð eiginlegri stöðu sinni.

Hvernig sem þessu er háttað, breytir hin raunverulega ódáinsveig kopari í gull á einu andartaki og kemur því til leiðar, að þróun sjötíu ára gerist í einu vetfangi. Væri hægt að nefna þetta gull kopar? Væri hægt að halda því fram að hann hafi ekki náð ástandi gulls þegar prófsteinninn er nærtækur til að reyna hann og aðgreina hann frá kopar?

Með mætti hinnar guðdómlegu ódáinsveigar ferðast þessar sálir einnig á einu andartaki yfir heim duftsins. Þær ganga inn í ríki heilagleika og stíga í einu skrefi yfir jörð takmarkana og komast til hóbýla Hins staðlausa. Það sémir þér að gera þitt ítrasta til að öðlast þessa ódáinsveig sem á svipulu andartaki lætur vestur fáfræði ná austri þekkingar, upplýsir næturmyrkrið ljóma morgunsins, leiðir förumanninn á eyðisöndum efnisins að lind guðdómlegrar nálægðar og brunni fullvissu og heiðrar dauðlegar sálir með viðtöku í Ríðván ódauðleikans. Ef líta má á þetta gull sem kopar, mætti á sama hátt líta svo á að þessir menn séu hinir sömu og þeir voru áður en þeim veittist trú.

Ó bróðir, sjá hvernig allir innri leyndardómar „endurfæðingar“, „endurkomu“ og „uppris“ hafa verið afhjúpaðir og birtir augum þínum með fulltingi þessara fullnægjandi, óhrekjanlegu og sannfærandi orða. Guð gefi að þú fyrir miskunnsama og ósýnilega aðstoð Hans megir færa líkama þinn og sál úr gömlu klæðunum og skryðast nýjum og óförgengilegum búningi.

Þess vegna má líta svo á að þeir sem í sérhverju síðara trúarkerfi voru öllum öðrum fyrri til að umfaðma trú Guðs, sem drukku hreint vatn þekkingar úr höndum guðdómlegrar fegurðar og náðu hæstu tindum trúar og fullvissu, séu – í nafni, gerð, orðum og stöðu – „endurkoma“ þeirra sem gæddir voru sömu auðkennum í undangengnu trúarkerfi. Því að hvaðeina sem fylgjendur hins fyrra trúarkerfis birtu, slíkt hið sama hefur þessi síðari kynslóð birt. Lít á rósina: hvort sem hún blómgast í austri eða vestri er hún engu að síður rós. Því það sem máli skiptir í þessu sambandi er ekki ytra form og sköpulag rósarinnar, heldur angan hennar og ilmur.

Hreinsa því augu þín af öllum jarðneskum takmörkunum svo að þú megir sjá þá alla bera eitt nafn og boða einn málstað, birta eitt sjálf og opinbera einn sannleika og megir skilja leyndardóma „endurkomu“ orða Guðs sem eru afhjúpaðir í þessum orðum. Hugleið um stund hegðun félaganna í trúarkerfi Múhameðs. Íhuga hvernig þeir sem endurnýjandi andi Múhameðs hreinsaði af saurgun jarðnesks hégóma, leystust frá eigingjörnum ástríðum og sneru baki við öllu nema Honum. Sjá hvernig þeir urðu öllum þjóðum jarðar fyrri til að komast í heilaga návist Hans – návist Guðs sjálfs. Hvernig þeir afneituðu heiminum og öllu sem í honum er og fórnðu fúslega og fagnandi lífi sínu við fætur þeirrar opinberunar Hins aldýrlega. Og sjá nú „endurkomu“ þessarar sömu einbeitni, staðfestu og fráhrarfs frá veröldinni í félögum Punkts Bayánsins.¹¹⁸ Þú hefur séð hvernig þessir félagar hafa fyrir undursamlega náð Drottins Drottna, dregið fána fullkomins fráhrarfs að hún á ótilkvæmilegum hæðum dýrðar. Þessi ljós hafa framgengið frá aðeins einni uppsprettu og þessir ávextir eru ávextir eins og sama trés. Þú getur ekki séð á þeim neinn greinarmun. Allt er þetta sakir náðar Guðs! Hann veitir hana þeim sem Hann vill. Guð gefi að við forðumst land afneitunar og höldum út á haf viðtöku, svo að við megum sjá með augum sem eru hreinsuð af öllum andstæðum, veraldir einingar og fjölbreytni, tilbrigða og einleika, takmarkana og andlegs frelsis og taka flugið til hæsta og innsta athvarfs sannrar merkingar orðs Guðs.

Af þessum fullyrðingum má því ljóst og auðsætt vera, að ef sál myndi opinberast við „þau endalok sem eiga sér engan endi“ og risi til að boða og efla málstað sem var kunngerður og staðfestur af annarri sál í því „upphafi sem á sér ekkert upphaf“, er með sanni hægt að segja um Hann, sem var hinn fyrsti, og Hann, sem er hinn síðasti, að þeir séu einn og hinn sami, því báðir boða þeir einn og sama málstað. Af þessum ástæðum hefur Punktur Bayánsins – megi líf allra annarra en Hans verða fórnað Honum! – líkt opinberendum Guðs við sólina. Þótt hún risi frá því „upphafi sem á sér ekkert upphaf“ til þeirra „endaloka sem eiga sér engan endi“, er hún engu að síður sama sólin. Ef þú nú segðir að þessi sól væri hin fyrri sól, væru orð þín sönn og ef þú segðir, að þessi sól væri „endurkoma“ hennar, væru orð þín einnig sannleikanum samkvæm. Af þessari fullyrðingu má einnig ljóst vera, að með orðinu „síðastur“ er átt við „hinn fyrsta“ og með orðinu „fyrstur“ við „hinn síðasta“, því að bæði hinn „fyrsti“ og hinn „síðasti“ hafa risið til að boða eina og sömu trú.

Þrátt fyrir hve augljóst þetta er í augum þeirra sem hafa drukkið vín þekkingar og fullvissu, eru þeir þó margir sem hafa leyft orðunum „innsigli spámanna“ að myrkva skilning sinn og svipta sig náð margvíslegra gjafa Hans vegna þess að þeim tókst ekki að skilja merkingu þeirra! Hefur Múhameð ekki sjálfur sagt: „Ég er allir spámennirnir“? Hefur Hann ekki sagt, eins og Vér höfum þegar greint frá: „Ég er Adam, Nói, Móse og Jesús“? Hvers vegna skyldi Múhameð, hin ódauðlega fegurð sem sagði: „Ég er hinn fyrsti Adam“ ekki einnig geta sagt: „Ég er hinn síðasti Adam“? Því rétt eins og Hann leit á sjálfan sig sem „fyrsta spámanninn“ – það er Adam – þannig á „innsigli spámanna“ einnig við um þá guðdómlegu fegurð. Það er að sönnu auðsætt, að ef Hann er „fyrstur spámanna“ er Hann einnig „innsigli“ þeirra.

Leyndardómur þessa máls hefur verið sár prófraun öllu mannkyni í þessu trúarkerfi. Sjá hve margir halda dauðahaldi í þessi orð og hafa ekki trúað á Hann, sem er sannur opinberandi þeirra. Vér spyrjum: Hvað heldur þetta fólk að orðin „fyrstur“ og „síðastur“ tákni þegar átt er við Guð, dýrlegt sé nafn Hans! Ef þeir héldu því fram, að þessi orð eigi við þennan efnislega alheim, hvernig gæti það staðist þegar sýnilegt skipulag hlutanna blasir enn skýrt við augum? Nei, með hinum „fyrsta“ er í þessu tilviki ekki átt við neinn annan en hinn „síðasta“ og með hinum „síðasta“ engan annan en hinn „fyrsta“.

Líkt og orðið „síðastur“ í því „upphafi sem á sér ekkert upphaf“ á í sannleika við um Hann sem er fræðari hins sýnilega og ósýnilega, þannig eiga orðin „fyrstur“ og „síðastur“ við um opinberendur Hans. Þeir eru hvorutveggja í senn boðendur hins „fyrsta“ og hins „síðasta“. Meðan þeir eru grundvallaðir í sessi hins „fyrsta“, sitja þeir í hásæti hins „síðasta“. Ef til væri næmt auga, myndi það strax skynja að boðendur hins „fyrsta“ og hins „síðasta“, hins „opinberaða“ og hins „hulda“, „upphafsins“ og „innsiglisins“ eru engir aðrir en þessar heilögu verur, þessir eðliskjarnar fráhrarfs frá veraldlegum hlutum, þessar guðdómlegu sálir. Og ef þú svifir í ríkinu heilaga: „Guð var einn og enginn var nema Hann“, myndi þér skiljast innan þess helgidóms, að öll þessi nöfn eiga sér alls enga tilveru og eru fullkomlega gleymd. Þá myndu þessar blæjur, orð og vísbendingar ekki lengur byrgja þér sýn. Hversu undursamlega hrein og háleit er ekki þessi staða sem ekki einu sinni Gabríel getur höndlað án leiðsagnar né Fugl himinsins komist til án hjálpar!

Og reyn nú að skilja merkingu þessara orða ‘Alí, foringja hinna trúföstu: „Að sjá í gegnum blæjur dýrðarinnar án hjálpar.“ Meðal þessara „blæja dýrðarinnar“ eru guðsmennirnir og fræðimennirnir sem lifa á dögum opinberenda Guðs og sem vegna skilningsskorts og valdagræðgi hafa látið undir höfuð leggjast að beygja sig undir málstað Guðs – nei, jafnvel neitað að hneigja eyru sín að hinum guðdómlega söng. „Þeir hafa stungið fingrunum í eyrun.“¹¹⁹ Og mennirnir sem skeyttu alls engu um Guð og gerðu þá að meisturum sínum, hafa einnig beygt sig án nokkurs fyrirvara undir forræði þessara drambstömu og hræsnisfullu leiðtoga. Því sjálfir hafa þeir enga sjón, enga heyrn og ekkert hjarta til að aðgreina sannleika frá blekkingu.

Þrátt fyrir að allir spámenn, dýrtingar og hinir útvöldu Guðs, hafi með guðlegri andagift hvatt mennina til að sjá með sínum eigin augum og heyra með sínum eigin eyrum, hafa þeir hafnað ráðgjöf þeirra fullir þótt og fylgt í blindni í fótspor leiðtoga trúar sinnar og munu halda því áfram. Ef fátæk og óþekkt persóna, rúin skarti lærdómsmanna, ávarpaði þá og segði: „Fylgið, ó menn, sendiboðum Guðs“¹²⁰ myndu þeir undrast stórlega slíka staðhæfingu og svara: „Hvað! Átt þú við að allir þessir guðsmenn, allir þessir útskýrendur lærdóms, með öllum sínum myndugleika, pompi og prakt, hafi villst af leið og ekki tekist að greina sannleika frá lygi? Þykist þú og þínir líkar hafa skilið það sem þeir skildu ekki?“ Ef líta ætti á fjölda og glæsibrag skrudklæða sem mælikvarða á lærdóm og sannleika, þá bæri vissulega að líta svo á að menn liðinna alda sé nútímamönnum meiri og verðugri, því þeir hafa aldrei tekið þeim fram hvað varðar fjölda, glæsibrag og vald.

Það er deginum ljósara að ætíð þegar opinberendur heilagleikans birtust hafa guðsmennirnir, sem uppi voru á sama tíma, hindrað mennina frá vegi sannleikans. Þessu bera vitni orð allra ritninganna og hinna himnesku bóka. Aldrei hefur spámaður Guðs opinberast, að Hann hafi ekki orðið fórnarlamb vægðarlaus hatur, fordæmingar, afneitunar og bölbæna klerkanna á dögum Hans! Vei þeim fyrir ranglætisverkin sem þeir frömdu fyrr á tímum! Vei þeim fyrir það sem þeir gera núna! Hvaða blæjur dýrðarinnar eru hörmulegri en þessar holdtekjur villunnar! Ég sver við réttlæti Guðs! Að sjá í gegnum slíkar blæjur er máttugust allra gerða og að slíta þær sundur virðingarverðast allra afreka! Megi Guð aðstoða okkur og aðstoða yður, ó herskari andans, til þess að yður megi á tíma birtingar Hans verða náðarsamlega hjálpað til að vinna slík afrek og auðnist að komast í návist Guðs á dögum Hans.

Meðal „blæja dýrðarinnar“ eru aukinheldur orð svo sem „innsigli spámannanna“ og þess háttar og að fjarlægja þær er æðsta afrekið í augum þessara villuráfandi sálna af lágum stigum. Af völdum þessara dulúðugu orða, þessara hörmulegu „blæja dýrðarinnar“, hefur öllum verið aftrað að líta ljós sannleikans. Hafa þeir ekki heyrt söng

þessa fugls himinsins¹²¹ sem mælti þessi leyndardómsfullu orð: „Þúsund Fatímum hef ég kvænst, allar voru þær dætur Múhameðs, sonar ‘Abdu’lláh, „innsiglið spámanna““? Sjá, hve fjölmargir leyndardómarnir eru sem enn felast í helgidómi þekkingar Guðs og hvílikur aragrúi gimsteina visku Hans dylst ekki enn þá í órjúfanlegum fjárhirslum Hans! Ef þú hugleiddir þetta í hjarta þínu myndi þér skiljast, að handaverk Hans þekkir hvorki upphaf né endi. Ríki ákvörðunar Hans er of víðfeðmt til þess að tungur dauðlegra manna geti lýst því eða fugl mannhugarins ferðast yfir það; og kerfi forsónar Hans of leyndardómsfull til að mannsandinn geti skilið þau. Sköpun Hans þekkir engan endi og hún hefur ætíð verið til frá því „upphafi sem á sér ekkert upphaf“. Opinberendur fegurðar Hans eiga sér ekkert upphaf og þeir munu halda áfram að koma til þeirra „endaloka sem eiga sér engan endi“. Hugleið orð þessi í hjarta þínu og íhuga hvernig heimfæra má þau á allar þessar helgu sálir.

Reyn einnig að skilja merkingu söngva þeirrar eilífu fegurðar, Husayns, sonar ‘Alí sem ávarpaði Salmán orðum sem þessum: „Ég var með þúsund Adömum. Tíminn sem leið á milli komu hvers þeirra var fimmtíu þúsund ár. Sérhverjum þeirra kunngerði ég erfðaréttinn sem veittur var föður mínum.“ Hann greinir síðan nánar frá þessu og segir svo: „Ég hef barist þúsund bardögum á vegi Guðs og þeirra sístur og þýðingarminnstur var bardaginn við Khaybar þar sem faðir minn barðist gegn trúvillingunum.“ Reyn nú að skilja af þessum tveimur arfsögnum leyndardóma „endaloka“, „endurkomu“ og „sköpunar án upphafs og endis“.

Ó minn elskaði! Söngurinn himneski er ómælanlega upphafinn yfir tilraunir mannlegs eyra til að heyra eða mannhugarins að skilja leyndardóm hans! Hvernig getur hjálparvana maur gengið inn í heilagt aðsetur Hins aldyrlega? Og samt afneita veikburða sálir þessum torræðu orðum sökum skilningsskorts og efast um sannleiksgildi slíkra arfsagna. Nei, enginn getur skilið þær nema þeir sem eiga sér næmt hjarta. Seg: Hann er sá endir sem hefur mótað allan alheiminn þannig að ekki er hægt að gera sér í hugarlund nein endalok hans. Og heim sköpunarinnar hefur Hann mótað þannig að ekki er hægt að ímynda sér neitt upphaf hans. Sjá, ó herskari jarðarinnar, dýrð endalokanna endurspeglast í opinberendum upphafsins!

Hve einkennilegt er þetta ekki! Með annarri hendi halda þessir menn dauðahaldi í þau vers Kóransins og þær arfsagnir fólks fullvissunnar sem samræmast hneigðum þeirra og hagsmunum og með hinni hafna þeir því sem stríðir gegn eigingjörnum ástríðum þeirra. „Trúið þér á einn hluta bókarinnar og afneitið öðrum?“¹²² Hvernig getið þér dæmt um það sem þér skiljið ekki? Líkt og Drottinn verundar hefur í óskeikulli bók sinni opinberað öllum mönnum fyrirheitið um „inngöngu í návist Guðs“ eftir að hafa talað um „innsiglið“ í upphöfnum orðum sínum: „Múhameð er postuli Guðs og innsigli spámanna.“¹²³ Vers bókarinnar bera vitni þessari inngöngu í návist Hins ódauðlega konungs. Vér höfum þegar greint frá sumum þeirra. Hinn eini sanni Guð er Mér vitni! Ekkert upphafnara eða augljósara en „inngangan í návist Guðs“ á degi upprisunnar hefur verið opinberað í Kóraninum. Heill þeim sem hefur hlotnast slík innganga á þeim degi þegar flestir menn hafa snúið við henni baki, eins og þú hefur orðið vitni að.

Og samt hafa þeir vegna leyndardóms fyrra versins hafnað náðinni sem er heitið í hinu síðara þrátt fyrir þá staðreynd að „inngangan í návist Guðs“ sé kunngerð skýrum orðum í bókinni. Sýnt hefur verið fram á og sannað með skýrum og óyggjandi rökum, að með „upprisun“ er átt við opinberandi Guðs birtist til að boða málstað Hans. Og með „inngöngu í návist Guðs“ er átt við inngöngu í návist fegurðar Hans í persónum opinberenda Hans. Því sannlega: „Enginn fær litið Hann augum, en sýn Hans spannar allt sem er.“¹²⁴ Þrátt fyrir þessar óyggjandi staðreyndir og skýru yfirlýsingar hafa þeir í

fávísku sinni fest sig við orðið „innsigli“ og eru fullkomlega sviptir þekkingu á Honum sem opinberar bæði innsiglið og upphafið á degi návistar Hans. „Ef Guð refsaði mönnunum fyrir illgerðir þeirra, myndi Hann ekki skilja eftir neitt sem hrærist á jörðinni! En Hann hlífir þeim til tiltekens dags.“¹²⁵ En hefðu þessir menn aukinheldur fengið einn dropa úr þeim kristaltæru lækjum sem streyma frá orðunum: „Guð gerir það sem Honum list og fyrirskipar það sem Honum þóknast“ myndu þeir ekki hafa álasað miðpunkti opinberunar Hans með svo ósæmilegum hætti. Málstaður Guðs, öll verk og allar gerðir, eru í máttugum greipum Hans. „Allir hlutir eru í máttugum greipum Hans; Honum eru allir vegir færir.“ Hann framkvæmir hvaðeina sem Hann vill og gerir allt sem Hann óskar. „Hver sem segir ‚hvers vegna‘ eða ‚til hvers‘ hefur guðlastað!“ Ef þessir menn rumskuðu af svefni vanrækslunnar og gerðu sér grein fyrir þeim illræðum sem þeir hafa drýgt, myndu þeir vissulega tortímast og kasta sér ótilkvaddir í eldinn – sinn hinsta samastað og raunveruleg heimkynni. Hafa þeir ekki heyrt það sem Hann hefur opinberað: „Hann skal ekki spurður gerða sinna“?¹²⁶ Hvernig dirfist maðurinn í ljósi þessara orða að draga í efa það sem Hann segir og velta vöngum yfir fáfengilegum ummælum?

Miskunnnsami Guð! Svo mikil er fávíska og öfughneigð mannanna, að þeir hafa beint augunum að eigin hugsunum og þrám og snúið baki við þekkingu og vilja Guðs – helgað og dýrlegt sé nafn Hans!

Ver sanngjarn: Ef þeir viðurkenndu sannleika þessara skínandi orða og heilögu vísbendinga og játuðu, að Guð er „sá sem gerir það sem Honum þóknast“ – hvernig gætu þeir haldið áfram að aðhyllast svo augljósar fjarstæður? Nei, þeir myndu af allri sál sinni viðurkenna og lúta öllu sem Hann segir. Ég sver við Guð! Ef ekki væri fyrir hina guddómlegu ákvörðun og órannsakanlegar ráðstafanir forsjónarinnar, myndi jörðin sjálf hafa eytt öllu þessu fólki! „Hann hlífir þeim samt til tiltekens tíma á degi sem Hann þekkir.“

Tólf hundruð og áttatíu ár eru liðin frá dögum trúarkerfis Múhameðs og á hverjum morgni hefur þetta blinda og auvirðilega fólk lesið Kóraninn sinn og samt ekki tekist að skilja einn einasta bókstaf í þeirri bók! Aftur og aftur les það versin sem bera raunveruleika þessara heilögu stefja órækt vitni og staðfesta sannleika opinberenda eilífrar dýrðar. Samt skilja þeir ekki enn tilgang þeirra og hefur jafnvel láðst að skilja allan þennan tíma að lestur ritninga og heilagra bóka hefur á sérhverri öld ekki þjónað neinum öðrum tilgangi en þeim að gera lesandanum kleift að skilja merkingu og afhjúpa dýpstu leyndardóma þeirra. Að öðru leyti hefur lestur án skilnings ekkert varanlegt gildi fyrir manninn.

Og það gerðist dag einn, að þurfandi maður kom í heimsókn til þessarar Sálar og þyrsti í úthaf þekkingar Hennar. Meðan rætt var við hann var minnst á tákni dómsdags, upprisu, endurvakningar og reikningsskila. Hann hvatti Oss til að útskýra hvernig hægt væri að kalla þjóðir heimsins til reikningsskila í þessu undursamlega trúarkerfi, ef enginn væri sér þess meðvitandi. Vér gerðum honum grein fyrir vissum sannindum vísinda og aldinnar vísu í samræmi við skilningsgetu hans. Síðan spurðum Vér hann: „Hefur þú ekki lesið Kóraninn og þekkir þú ekki þetta blessaða vers: ‚Á þeim degi skal hvorki maður né andi verða inntur eftir misgerðum sínum‘?“¹²⁷ Skilur þú ekki að með orðunum ‚inntur eftir‘ er ekki átt við spurningu sem borin er fram með tungu eða á mæltu máli, eins og versið gefur til kynna og staðfestir? Því síðan er sagt: ‚Syndararnir þekkjast á ásýnd sinni og þeir verða hrifnir upp á fótunum og ennislokkum sínum.‘“¹²⁸

Þannig verða þjóðir heimsins dæmdar af ásýnd sinni. Þar birtist vantrú þeirra, trú og ójöfnuður. Þannig er augljóst á þessum degi hvernig hinir villuráfandi þekkjast og

aðgreinast fylgjendum guðdómlegrar leiðsagnar á ásýnd sinni. Ef þetta fólk íhugaði vers bókarinnar í hjarta sínu einvörðungu sakir Guðs og án þess að óska nokkurs annars en velpóknunar Hans, myndi það vissulega finna allt sem það leitar að. Í versum hennar myndi það finna, opinberaða og augljósa, alla þá hluti stóra og smáa sem hafa gerst í þessu trúarkerfi. Það myndi jafnvel sjá í þeim vísbendingar til brottfarar opinberenda nafna og eiginda Guðs frá heimalandi þeirra; andstöðu og þóttafullan hroka stjórnar og þjóðar ásamt vísbendingum um dvöl og grundvöllun allsherjaropinberanda í ákveðnu og sérstaklega tilgreindu landi. Enginn getur þó skilið þetta nema sá sem hefur næmt hjarta.

Vér innsiglium stef Vort með því sem áður var opinberað Múhameð, svo að þetta innsigli megi dreifa angan þess heilaga moskuss sem leiðir menn til Riðván ófölnandi dýrðar. Hann sagði – og orð Hans er sannleiki: „Og Guð kallar til hóbýla friðarins,¹²⁹ og Hann leiðbeinir hverjum sem Hann vill á hinn rétta veg.“¹³⁰ „Fyrir þá eru hóbýli friðarins með Drottni sínum! Og Hann mun verja þá sökum verka þeirra.“¹³¹ Þetta hefur Hann opinberað til þess að náð Hans megi umlykja heiminn. Lof sé Guði, Drottni allrar verundar!

Vér höfum þráfaldlega og á ýmsa vegu útskýrt merkingu sérhvers stefs til þess að allar sálir, háar og lágar, megi í samræmi við getu sína og hæfni, fá skerf sinn og hlutdeild í því stafi. Ef þeim tekst ekki að skilja tilteknar röksemdir gætu þær hugleitt önnur rök og þannig náð markmiði sínu. „Að allar manngerðir megi vita hvar þær geti slökkt þorsta sinn.“

Sem Guð lifir! Auk þessara söngva getur þessi Fugl himinsins sem nú dvelur í dustinu, sungið aragrúa sönglaga. Auk þessara orða getur Hann afhjúpað aragrúa leyndardóma. Hver einstök nóta í þeim ljóðum Hans, sem ekki hefur verið sungin, er ómælanlega upphafin yfir allt sem þegar hefur verið opinberað og ómælanlega dýrlegra en það sem streymt hefur frá þessum penna. Lát framtíðina leiða í ljós stundina þegar brúðir innri merkinga hraða sér blæjulausar út úr leyndardómsfullum höllum sínum samkvæmt ráðsályktun Guðs og birtast í öldnum ríkjum verundar. Alls ekkert er mögulegt án Hans leyfis; ekkert vald stenst nema fyrir vald Hans og enginn er Guð nema Hann. Hans er málstaður Guðs og heimur sköpunarinnar. Allt kunngerir opinberun Hans og afhjúpar leyndardóma anda Hans.

Vér höfum nú þegar hér að ofan tileinkað sérhverjum þeim ljósgjafa sem rís frá dagsbrún ævarandi heilagleika, tvíþætta stöðu. Aðra þeirra, stöðu eðliseiningar, höfum Vér útskýrt. „Engan greinarmun gerum Vér á neinum þeirra.“¹³² Hin er staða auðkenna og tilheyrir heimi sköpunar og takmörkunum hans. Í þeim skilningi hefur sérhver opinberandi Guðs sérstök einstaklingseinkenni, fyrirhugað ætlunarverk, forákvarðaða opinberun og sérstaklega tilgreindar takmarkanir. Sérhver þeirra er þekktur undir sérstöku nafni, ber ákveðin einkenni, uppfyllir tiltekið verkefni og er treyst fyrir sérstakri opinberun. Líkt og Hann sagði: „Suma postulana höfum Vér látið skara fram úr hinum. Við suma hefur Guð talað, aðra hefur Hann reist upp og gert dýrlega. Og Jesú, syni Maríu, gáfum Vér augljós tákni og Vér styrktum Hann heilögum anda.“¹³³

Það er vegna þessa greinarmunar á stöðu þeirra og ætlunarverki að orðin og ummælin sem streyma frá þessum uppsprettum guðdómlegrar þekkingar virðast ósamhljóða. Að öðru leyti eru öll ummæli þeirra í raun og veru aðeins tjáning eins sannleika í augum þeirra sem eru innvígðir í leyndardóma guðdómlegrar visku. Þar sem flestum mönnum hefur mistekist að meta að verðleikum þær stöður sem Vér höfum vísað til fyllast þeir ótta og úrræðaleysi vegna mismunandi ummæla opinberenda sem eru í eðli sínu einn og hinn sami.

Það hefur ætíð verið ljóst að allan þennan greinarmun á orðum þeirra má rekja til greinarmuns á stöðu þeirra. Þannig hafa eigindir guðdóms, guðdómleika, fullkomins einstæðis og innsta eðlis frá sjónarhorni einingar þeirra og fullkominnar lausnar frá veröldinni vísað til þessara eðliskjarna Verundarinnar og gera það enn. Því þeir sitja allir í háseti himneskrar opinberunar og eru grundvallaðir í sessi guðdómlegrar leyndar. Opinberun Guðs birtist með komu þeirra og ásýndir þeirra opinbera fegurð Hans. Þess vegna hefur rödd Guðs sjálfs borist frá vörum þessara opinberenda hinnar guðdómlegru Verundar.

Í ljósi annarrar stöðu þeirra – stöðu auðkenna, sundurgreiningar, tímanlegra takmarkana, einkenna og mælikvarða – opinbera þeir óbifandi þjónustu, fullkomna örbirgð og algjöra sjálfsafmáun. Því sagði Hann: „Ég er þjónn Guðs.¹³⁴ Ég er aðeins maður eins og þið.“¹³⁵

Reyn með fulltingi þessara óhrekjanlegu og fullsönnuðu yfirlýsinga að skilja merkingu spurninga þinna svo að þú megir verða stöðugur í trú Guðs og munurinn á orðum spámanna Hans og Hans útvöldu megi ekki fylla þig skelfingu.

Ef einhver hinna alltumlykjandi opinberenda Guðs segði: „Ég er Guð!“ mælti Hann vissulega sannleikann og það án nokkurs vafa. Því þráfaldlega hefur verið sýnt fram á að með opinberun Hans, eigindum og nöfnum, er opinberun Guðs, nöfn Hans og eigindir birtar heiminum. Því segir Hann einnig: „Þessi spjót voru Guðs, ekki Þín!“¹³⁶ Einnig segir Hann: „Í sannleika sóru þeir Guði trúnað sem sóru Þér trúnað.“¹³⁷ Og ef einhver þeirra segði: „Ég er boðberi Guðs,“ segði Hann einnig sannleikann ótvíræðan. Líkt og Hann sagði: „Múhameð er ekki faðir neins á meðal yðar, en Hann er boðberi Guðs.“¹³⁸ Frá þessu sjónarhorni eru þeir allir einungis boðberar Hins fullkomna konungs, hinnar óbreytanlegru verundar. Og ef þeir allir kunngerðu: „Ég er innsigli spámannanna,“ segðu þeir vissulega sannleika sem hafinn er yfir allan vafa. Því þeir eru aðeins ein persóna, ein sál, einn andi, ein verund, ein opinberun. Þeir eru allir opinberendur „upphafsins“ og „endalokanna“, hins „fyrsta“ og hins „síðasta“, hins „séða“ og hins „óséða“ – allt á þetta við um Hann sem er innsti andi alls anda og eilífur eðliskjarni alls eðlis. Og ef þeir segðu: „Við erum þjónar Guðs,“ er það einnig ótvíræð og óhrekjandi staðreynd. Því þeir hafa opinberast í stöðu fullkominnar þjónustu, þjónustu sem enginn maður getur nokkru sinni öðlast. Þess vegna sögðu þessir eðliskjarnar Verundarinnar að orð þeirra væru orð guðdómsins, ákall Guðs sjálfs, þegar þeir voru umluktir hafdjúpum aldins og eilífs heilagleika eða svifu til háleitustu tinda guðlegra leyndardóma. Ef augu skilnings opnuðust myndu þau sjá að einmitt í þessu ástandi hafa þeir talið sjálfa sig algjörlega útþurrkaða og án tilvistar frammi fyrir augliti Hans sem er hinn alsjáandi og óförgengilegi. Mér virðist sem þeir hafi litið á sig sem alls ekkert og talið það jafngilda guðlasti að nefna sig á nafn í þeirri heilögu návist. Því að minnsta hvískur sjálfsins í þeirri návist er vitnisburður um sjálfshafningu og óháða tilvist. Í augum þeirra sem hafa gengið þar inn er ávæningur af öllu slíku hrapalleg yfirtroðsla í sjálfu sér. Hve miklu hörmulegra væri það ekki ef eitthvað annað væri nefnt í þeirri návist; ef hjarta mannsins, tunga hans, hugur eða sál væri upptekin af einhverju öðru en Hinum ástfólgna, ef augu hans sæju einhverja ásýnd aðra en fegurð Hans, ef eyru hans hneigðust að einhverjum öðrum söng en rödd Hans og ef fætur hans fetuðu einhverja vegu aðra en Hans.

Á þessum degi bærast andblær Guðs og andi Hans hefur gagnað alla hluti. Slík er úthelling náðar Hans að penninn nemur staðar og tungan fær ekki mælt.

Í krafti þessarar stöðu hafa þeir meðal annars lýst því yfir að orð þeirra væri orð Guðs um leið og þeir í krafti stöðu sinnar sem sendiboðar hafa kallað sig boðbera Guðs. Í

sérhverju tilviki hafa þeir lagað orð sín að þörfum tilefnisins og eignað sjálfum sér allar þessar yfirlýsingar sem spanna ríki himneskrar opinberunar og ríki sköpunar, veldi Guðs og veldi jarðneskrar tilveru. Þess vegna eru öll orð þeirra sönn án minnsta vafa, hvort sem þau eiga við ríki guðdómleika, drottunar, spámennsku, boðberadæmis, vörslu, postuladóms eða þjónustu. Þess vegna ber að íhuga með athygli þau orð sem Vér höfum vitnað til máli Voru til sönnunar til þess að margvísleg ummæli opinberenda Hins óséða og dagsbrúna heilagleikans hætti að glepja hugann og valda sálinni uppnámi.

Íhuga ber orðin sem ljósgjafar sannleikans töluðu og ef þýðing þeirra er ekki ljós, ætti að leita upplýsinga frá vörslumönnum þekkingar, svo að þeir megi útskýra merkingu og afhjúpa leyndardóm þeirra. Því að engum er sæmandi að túlka hin heilögu orð samkvæmt sínum eigin ófullkomna skilningi, né hafna sannleikanum og afneita honum, ef honum finnst hann stríða gegn hneigðum sínum og ástríðum. Því slíkar eru í dag aðferðir guðsmannanna og hinna lærðu á þessari öld sem sitja í sessi þekkingar og lærdóms og hafa kallað fáfræði þekkingu og kúgun réttlæti. Ef þeir spyrðu Ljós sannleikans um hégómleg hugarfóstur sín og uppgötvuðu, að svar Hans samræmdist ekki skilningi þeirra og hugmyndum um bókina, myndu þeir vissulega fordæma Hann, sem er náma og uppspretta allrar þekkingar, og segja Hann fullkomlega skilningsvana. Slíkt hefur gerst á öllum öldum.

Svo dæmi sé nefnt svaraði Múhameð, Drottinn verundar, að boði Guðs þegar Hann var spurður um hin nýju tungl: „Þau eru tímabil ákvörðuð mönnum.“¹³⁹ Þeir sem heyrðu til Hans álösuðu Honum síðan fyrir fáfræði.

Í versinu um „Andann“ sagði Hann einnig: „Og þeir munu spyrja Þig um Andann. Seg: „Andinn útgengur að boði Drottins Míns.“¹⁴⁰ Um leið og Múhameð hafði svarað mótmæltu þeir allir hástöfum og sögðu: „Sjá! fávís maður sem veit ekki hvað Andinn er kallar sig opinberanda himneskrar þekkingar!“ Og sjá nú hvernig guðsmenn aldarinnar beygja sig í blindni undir sannleika Hans vegna þess að þeir eru heiðraðir sakir nafns Hans og sjá hvernig feður þeirra hafa viðurkennt opinberun Hans. Ígrunda: Ef þessir menn fengju í dag slík svör við þvílíkum spurningum, myndu þeir hiklaust vísa þeim á bug og afneita þeim. Nei, þeir myndu atyrða þá eins og þeir hafa atyrt á þessum degi. Og það þrátt fyrir þá staðreynd að þessir eðliskjarnar verundarinnar eru ómælanlega hafnir yfir svo hégómlegar ímyndanir og dýrð þeirra er óendanlega æðri svo fánýtum ummælum og ofar skilningi sérhvers næms hjarta. Þekking þeirra, ef þekkingu skyldi kalla, er einskær blekking þegar hún er borin saman við þá þekkingu og allur skilningur þeirra ekkert nema augljós villa. Nei, allt sem kemur frá þessum námum guðdómlegrar visku og forðabúrum eilífrar þekkingar er sannleikurinn og ekkert nema sannleikurinn. Orðin: „Þekking er einn punktur sem hinir fávísu hafa margfaldað“ sanna röksemdir Vorar og arfsögnin: „Þekking er ljós sem Guð varpar í hjarta hvers sem Hann vill“ staðfestir orð Vor.

Þar eð þeir hafa ekki skilið inntak þekkingar og hafa nefnt þekkingu þær ímyndir sem þeirra eigin hugur hefur smíðað og sem koma frá holdtekjum fáviskunnar, hafa þeir lagt það á uppsprettu þekkingar sem þú hefur heyrt um og orðið vitni að.

Til að mynda hefur maður¹⁴¹ einn sem er rómaður fyrir lærdóm og afreksverk og telur sig einn helsta leiðtoga þjóðar sinnar, fordæmt og lastað alla flytjendur raunverulegs lærdóms í bók sinni. Þetta hefur komið skýrt og greinilega fram í opinskáum yfirlýsingum og vísbendingum hvarvetna í bók hans. Þar sem Vér höfðum oft heyrt hans getið, ákváðum Vér að lesa eitthvað í verkum hans. Vér höfum aldrei hneigst til að lesa rit annarra manna, en Oss þótti nauðsyn til bera að kanna bækur hans, því einhver hafði spurt Oss um hann og Vér vildum geta svarað fyrirspyrjanda Vorum af

þekkingu og skilningi. Verk hans á arabísku voru þó ekki fáanleg, en maður einn tjáði Oss að eina af ritgerðum hans, *Irshádu'l-'Avám*,¹⁴² væri að finna í þessari borg. Frá þessum bókartitli barst Oss ódaunn drambur og hégómadráðar, því hann hafði talið sig lærðan og alla aðra fáfróða. Í rauninni komu verðleikar hans fram í nafninu sem hann hafði valið bók sinni. Það var augljóst að höfundur hennar gekk stígu sjálfs og ástríðu og var týndur á auðnum fávísku og flónsku. Mér virðist sem hann hafi gleymt hinni vel þekktu arfsögn sem segir: „Þekking er allt sem hægt er að þekkja; og máttur og vald, öll sköpunin.“ Þrátt fyrir þetta sendum Vér eftir bókinni og höfðum hana í nokkra daga. Sennilega var hún opnuð tvisvar sinnum. Í síðara skiptið rákumst Vér af tilviljun á frásögn um „Mi‘ráj“¹⁴³ Múhameðs sem sagt var um: „Ef ekki væri sakir Þín myndum Vér ekki hafa skapað himnana.“ Vér tókum eftir, að hann hafði talið upp um tuttugu vísindagreinar sem allar voru taldar nauðsynlegar til skilnings á leyndardómi „Mi‘ráj“. Oss skildist af yfirlýsingum hans að sá sem ekki hefði fullt vald á þeim öllum gæti aldrei skilið þetta háleita og yfirskilvitlega mál réttum skilningi. Meðal þeirra vísinda sem nefnd voru voru vísindi háspekilegs afstæðis, gullgerðarlistar og náttúrutöfra. Á svo hégómlegan og úreltan lærdóm leit þessi maður sem forsendur fyrir skilningi á heilögum og ævarandi leyndardómi guðdómlegrar þekkingar.

Miskunnsami Guð! Slík er þekking hans. Og sjá þó með hvílíkum ákúrum og dylgjum hann hefur veist að þessum holdtekjum óendanlegrar þekkingar Guðs! Hversu rétt og sönn eru orðin: „Lastmælir þú þeim sem hinn eini sanni Guð hefur falið umsjá fjársjóðanna á sjöunda sviði sínu?“ Ekkert skilningsríkt hjarta eða hugur, enginn hinna vitru og lærðu, gefur nokkurn gaum að þessum heimskulegu orðum. Og hve augljóst er þó ekki sérhverju næmu hjarta, að Hann sem er hinn eini sanni Guð, hefur ætíð hafnað og hafnar enn þessum svokallaða lærdómi. Hvernig væri hægt að líta á þekkingu á þessum vísindum sem eru svo fyrirlitleg í augum hinna sannlærðu sem forsendu skilnings á leyndardómum „Mi‘ráj“, þar sem ekki einn einasti bókstafur þessara takmörkuðu og myrku fræða íþyngdu sjálfum Drottni „Mi‘ráj“ og Hann saurgaði aldrei geislandi hjarta sitt með neinni af þessum hégómlegu bábiljum? Hve sönn eru ekki orð hans: „Allar mannlegar dáðir ferðast á höltum asna, en sannleikurinn sem situr á vindinum þýtur yfir geiminn.“ Við réttlæti Guðs! Hver sá sem vill skilja leyndardóm „Mi‘ráj“ og þráir dropa úr þessu reginhafi ber að hreinsa og skíra hjarta sitt áður en ljós þessa leyndardóms getur endurspeglast í því, ef það er flekkað ryki þessara fræða.

Þeir sem eru umluktir úthafi fornar þekkingar og dvelja í örku guðdómlegrar vísku banna mönnum á þessum degi að stunda svo fánýta eftirsókn. Skínandi hjörtu þeirra eru, lof sé Guði, helguð frá sérhverjum votti slíks lærdóms og hafin yfir svo hörmulegar blæjur. Vér höfum eytt þessari myrkustu allra blæja í kærleikselði Hins ástfólgna – blæjunni sem vísað er til með orðunum: „Verst allra blæja er blæja þekkingar.“ Á ösku hennar höfum Vér reist helgidóm guðdómlegrar þekkingar. Vér höfum, lof sé Guði, eytt „blæjum dýrðarinnar“ í eldi fegurðar Hins ástfólgna. Vér höfum rekið á brott út úr mannshjartanu allt annað en Hann, sem er þrá heimsins, og stærum oss af því. Vér höldum ekki fast við neina þekkingu nema þekkingu Hans og festum ekki hjörtu vor við neitt annað en dýrðarljómann af ljósi Hans.

Vér urðum agndofa þegar Vér komumst að raun um, að eini ásetningur hans var að koma mönnum í skilning um, að hann bæri skyn á allar þessar vísindagreinar. Og samt sver Ég við Guð, að ekki einn einasti andblær frá engjalöndum himneskrar þekkingar hefur nokkru andað yfir þessa sál né hefur hún nokkru sinni afhjúpað einn einasta leyndardóm aldinnar vísku. Nei, ef inntak þekkingar yrði einhvern tíma útskýrt fyrir honum, myndi skelfing fylla hjarta hans og öll verund hans bifast frá grunni. Þrátt fyrir

lítilmótlegar og skyniskroppnar yfirlýsingar hans, sjá til hvílikra hæða öfgafullt tilkall hans hefur stigið!

Miskunnsami Guð! Undrandi og agndofa sjáum Vér hvernig fólk flykkist í kringum hann og vottar persónu hans hollustu! Þetta fólk hefur gert sér að góðu hverfult duftið, snúið sér til þess og varpað frá sér Honum sem er Drottinn Drottna. Hugfangið af gargi krákunnar og heillað af ásýnd hrafnsins, hefur það hafnað söngvum næturgalans og töfrum rósarinnar. Hve óumræðilegar rökleysur komu ekki fram við lestur þessarar drambsfullu bókar! Þær eru ekki þess virði að nokkur penni lýsi þeim og of auvirðilegar til þess að þeim sé gefinn minnsti gaumur. En ef prófsteinn myndist, myndi hann strax aðgreina sannleika frá falsi, ljós frá myrkri og sól frá skugga.

Meðal þeirra vísinda sem þessi falsari kveðst kunna skil á er gullgerðarlist. Vér öllum þá von í brjósti, að konungur eða háttsett persóna fari þess á leit, að hann flytji þessi vísindi út úr ríkjum ímyndunar til ríkja staðreynda og af sviði einskærra lataláta til áþreifanlegra dáða. Mætti aðeins þessi ólærði og auðmjúki þjónn sem aldrei hefur þóst kunna skil á slíkum hlutum, hvað þá heldur talið þá mælikvarða sannrar þekkingar, takast á hendur sama verkefni svo að sannleikurinn megi koma í ljós og greinast frá villu. En hvað myndi það stoða! Það eina sem þessi kynslóð myndi bjóða Oss væru sárin undan skeytum hennar og eini bikarinn sem Oss væri réttur væri eiturbikar hennar. Á hálsi Vorum berum Vér enn ör eftir hlekkina og á líkama Vorn eru greyptir vitnisburðir vægðarlausrar grimmdar.

Og hvað viðvíkur afrekum þessa manns, fáfræði hans, skilningi og trú, sjá hvað bókin sem umlykur alla hluti, hefur opinberað: „Sannlega skal Zaqqúm-tréð¹⁴⁴ vera fæða Athíms.“¹⁴⁵ Síðan koma nokkur vers og loks segir Hann: „Bragðaðu þetta því að þú ert að sönnu hinn máttugi Karím!“¹⁴⁶ Íhuga hve vel honum hefur verið lýst í ólýtanlegri bók Guðs! Þessi maður hefur aukinheldur undir yfirsíkinu auðmýktar talað um sig sjálfan sem „athím þjóninn“: „Athím“ í bók Guðs, máttugur meðal alls þorra manna, „Karím“ að nafni!

Íhuga þetta blessaða vers svo að merking orðanna: „Ekki grær neitt né visnar, að það sé ekki skráð á hina óskeikulu bók“¹⁴⁷ megi greypast á hjarta þitt. Þrátt fyrir þetta játar fjöldinn honum hollustu. Þeir hafa afneitað Móse þekkingar og réttlætis og haldið fast við Sámirí¹⁴⁸ fáfræði. Þeir hafa snúið augliti sínu frá sól sannleikans sem skín á hinum guðdómlega og eilífa himni og hafa skeytt engu um ljóma hennar.

Ó bróðir minn! Úr guðdómlegri námu geta aðeins komið gimsteinar guðdómlegrar þekkingar og ilm hins dulúðga blóms er aðeins hægt að finna í hinum fullkomna garði. Liljur aldinnar visku geta hvergi blómgast nema í borg hins flekklausu hjarta. „Í góðum jarðvegi vaxa gróskumiklar plöntur hennar með leyfi Drottins hennar en í grýttum jarðvegi vaxa þær aðeins á strjálíngi.“¹⁴⁹

Þar sem sýnt hefur verið fram á með skýrum orðum að aðeins þeir sem eru innvígðir í hina guðdómlegu leyndardóma geta skilið söngvana sem Fugl himins syngur ber hverjum og einum skylda að leita upplýsinga frá hinum upplýstu í hjarta og frá fjársjóðum guðdómlegra leyndardóma varðandi óræð atriði í trú Guðs og torskildar vísbendingar í orðum dagsbrúna heilagleikans. Þannig verða þessir leyndardómar afhjúpaðir – ekki með aðstoð aðfenginnar þekkingar heldur aðeins með hjálp Guðs og sakir úthellingar náðar Hans. „Spyrjið því þá sem varðveita ritningarnar ef þér vitið ekki.“¹⁵⁰

Ó bróðir minn! Þegar sannur leitandi ákveður að stíga skref leitarinnar á veginum sem liggur til þekkingar á Hinum aldna, verður hann fyrst af öllu að skíra hjarta sitt sem er aðsetur opinberunar innri leyndardóma Guðs, frá myrkvandi dusti allrar aðfenginnar

þekkingar og launskrafi þeirra sem eru holdtekjur djöfulegra ímyndana. Hann verður að hreinsa brjóst sitt, sem er griðastaður varanlegrar elsku Hins ástfólga, af allri saurgun og helga sál sína frá því sem er af vatni og leir, frá öllum dökkum og skammlífum löngunum. Hann verður að skíra hjarta sitt að því marki að engar leifar af ást eða hatri dvelji þar lengur svo að ástin knýi hann ekki í blindni til villu og hatrið hrindi honum ekki frá sannleikanum. Því eins og þú sjálfur ert vitni að hafa flestir farið varhluta af hinni ódauðlegu Ásýnd sakir slíkrar ástar eða haturs, villst langt frá holdtekjum guðdómlegra leyndardóma og reika hirðislausir á auðnum gleymsku og villu. Þessum leitanda ber ætíð að setja traust sitt á Guð, hafna þjóðum jarðar, skiljast frá veröld duftsins og fylgja Honum staðfastlega sem er Drottinn drottna. Hann má aldrei leitast við að upphefja sig yfir nokkurn mann og verður að afmá af töflu hjarta síns sérhvern vott af drambi og hégómadýrð, halda fast við þolgæði og undirgefni, gæta þagnar og forðast fánýtt hjal. Því tungan er sem eldsglóð og ónytjumælgi er banvænt eitur. Efnislegur eldur eyðir líkamanum en eldur tungunnar eyðir bæði hjarta og sál. Afl hins fyrrnefnda er skammætt, en áhrif hins síðarnefnda vara í heila öld.

Þessi leitandi ætti einnig að líta á baktal sem hörmulega villu og halda sig fjarri ríki þess, því að baktal slekkur ljós hjartans og kæfir líf sálarinnar. Hann ætti að gera sér lítið að góðu og vera laus við alla óhóflega ástríðu. Hann ætti að meta sem fjársjóð félagsskap þeirra sem hafa hafnað heiminum og líta á fjarveru frá hrokafullu og veraldlegu fólki sem verðmæt gæði. Í dögum hvern dag ætti hann að samneyta Guði og þreyja af allri sálu sinni í leitinni að Ástvini sínum. Hann ætti að eyða sérhverri villuráfandi hugsun með eldi ástúðlegra ummæla um Hann og með eldingarhraða sneiða hjá öllu nema Honum. Hann ætti að rétta hinum smáða hjálparhönd og aldrei meina hinum allslausa um gjafir sínar. Hann ætti að sýna dýrunum gæsku og hversu þá miklu fremur náunga sínum, þeim sem gæddur er valdi málsins. Hann ætti ekki að hika við að fórna lífinu fyrir Ástvin sinn og ekki leyfa hnjóðsyrðum mannanna að snúa sér frá sannleikanum. Hann ætti ekki að óska öðrum þess sem hann ekki óskar sjálfum sér né heita því sem hann ekki efnir. Hann ætti af öllu hjarta sínu að forðast félagsskap illvirkjanna og biðja um aflát synda þeirra. Hann ætti að fyrirgefa hinum syndugu og fyrirlíta aldrei lága stöðu þeirra, því að enginn þekkir sín eigin endalok. Hversu oft hefur ekki syndarinn á dauðastundinni náð taki á kjarna trúarinnar og drukkið af hinum ódauðlega drykk og tekið flugið til herskaranna á hæðum! Og hversu oft hefur ekki dyggur átrúandi á stundu uppstigningar sálar sinnar ummyndast svo að hann hefur fallið niður í hinn neðsta eld! Áform Vort með því að opinbera þessi þungvægu orð er að brýna fyrir leitandanum, að hann ætti að líta á allt nema Guð sem hjóm eitt og skoða allt nema Hann sem er tilefni allrar lofgerðar sem alls ekkert.

Þetta eru nokkrar af eigindum hinna upphöfnu og einkenni hinna andlega sinnuðu. Þeirra hefur þegar verið getið í sambandi við þarfir vegfarendanna sem feta stigu jákvæðrar þekkingar. Þegar hinn andlega frjálsi vegfarandi og einlægi leitandi hefur uppfyllt þessi frumskilyrði, þá og aðeins þá er hægt að kalla hann sannan leitanda. Ætíð þegar hann hefur uppfyllt skilyrðin sem gefin eru til kynna í orðinu helga: „Hver sem sýnir viðleitni fyrir Oss,¹⁵¹ verður hann aðnjótandi blessunarinnar sem veitt er í orðunum: „Á Vora vegu munum Vér sannlega leiða hann.“¹⁵²

Aðeins þegar lampi leitar, einlægrar viðleitni, ástríðufullrar þrár, heitrar löngunar, brennandi ástar, hrifningar og algleymis er glæddur í hjarta leitandans og andblær ástríkis Guðs berst yfir sál hans, dreifist myrkur villunnar, mistur kvíða og efasemda hverfur og ljós þekkingar og fullvissu umlykur verund hans. Á þeirri stundu mun hinn dulúðugi kallari sem ber fagnaðartíðindi andans skína frá borg Guðs, ljómandi eins og

morgunninn og vekja hjartað, sálina og andann af svefni vanrækslu með lúðurhljómi þekkingar. Þá munu margvíslegar náðargjafir og ríkuleg miskunn hins heilaga og eilífa anda gæða leitandann nýju lífi að því marki, að hann uppgötvar að hann hefur fengið nýja sýn, nýja heyrn, nýtt hjarta og nýjan huga. Hann mun íhuga ótvíræð ták alheimsins og afhjúpa hulda leyndardóma sálarinnar. Er hann skyggnist um með auga Guðs mun hann í sérhverri öreind sjá dyr sem leiða hann til stöðu algjörRAR fullvissu. Hann mun uppgötva í öllum hlutum leyndardóma guðdómlegrar opinberunar og vitnisburði eilífrar birtingar.

Ég sver við Guð! Ef sá sem fetar stigu leiðsagnar og leitast við að klífa hæðir réttlætis næði þessari dýrlegu og æðstu stöðu myndi hann anda að sér ilmi Guðs úr mörg þúsund mílna fjarlægð og sjá skínandi morgun guðdómlegrar handleiðslu rísa yfir dagsbrún allra hluta. Sérhver hlutur, hversu lítill sem hann er, yrði honum opinberun sem leiddi hann til Ástvinar síns, takmarks leitar hans. Svo mikil yrði skarpskyggni þessa leitanda að hann gæti greint milli sannleika og lygi jafn hæglega og hann aðgreindi sól frá skugga. Yrði ilmi Guðs dreift á ystu mörkum austursins myndi hann vissulega þekkja og anda að sér þessum ilmi þótt hann dveldi á ystu mörkum vestursins. Hann myndi einnig gera skýran greinarmun á öllum táknum Guðs – undursamlegum orðum Hans, voldugum verkum og máttugum gerðum – og orðum, gerðum og aðferðum manna, líkt og gimsteinasalinn þekkir gimstein frá grjótmola og maðurinn vor frá hausti og hita frá kulda. Þegar farvegur mannsálarinnar hreinsast af öllum veraldlegum og tálmandi böndum skynjar hann undantekningarlaust anda Hins elskaða yfir ómælanlegar vegalengdir og kemst með fulltingi ilms Hans til borgar fullvissunnar og gengur inn í hana. Þar mun hann skynja undur fornrar visku og nema allar hinar huldu kenningar af skjáfinu í laufum trésins sem blómgast í þeirri borg. Með ytri og innri heyrn sinni heyrir hann sálma dýrðar og vegsömunar stíga úr dufti hennar til Drottins drottna og með innra auga sínu uppgötvar hann leyndardóma „endurkomu“ og „endurlífgunar“. Hve óumræðilega dýrleg eru ekki tákni, kennimerkin, opinberanirnar og dýrðirnar sem Konungur nafna og eiginda hefur ákvarðað þeirri borg! Innganga í þá borg slekkur þorsta án vatns og glæðir ást Guðs án elds. Hið innra með sérhverju grasstrái felast leyndardómar órannsakanlegrar visku og á hverjum róсарunna syngur aragrúi næturgala söngva sína í sælum unaði. Undursamlegir túlípanar hennar afhjúpa leyndardóm hins brennandi þyrnirunna og sæt angan heilagleika hennar ber ilm hins messíanska anda. Hún miðlar auði án gulls og veitir ódauðleika án dauða. Í hverju lafi eru varðveittar ósegjanlegar unaðssemdir og í hverri vistarveru er fólgin aragrúi leyndardóma.

Þeir sem sýna þrautseigju í leitinni að Guði munu, þegar þeir eitt sinn hafa hafnað öllu nema Honum, verða svo nátengdir og trúir þeirri borg að þeir gætu ekki hugsað sér andartaks aðskilnað frá henni. Þeir munu hlýða á óskeikular sannanir frá jasintu þess samfundar og fá órækustu vitnisburði frá fegurð róсар hans og söngvum næturgala hans. Einu sinni á um það bil þúsund ára fresti verður þessi borg endurnýjuð og prýdd að nýju.

Því sæmir það oss, ó vinur minn, að leitast af öllum mætti við að ná til þessarar borgar og slíta sundur „blæjur dýrðarinnar“ með náð Guðs og ástríki Hans, svo að okkur megi með ósveigjanlegri staðfestu takast að fórna drúpandi sálum okkar á vegi Hins nýja ástvinar. Við ættum með tár votum augum, heitt og þráfaldlega, að sárbiðja Hann um slíka náðargjöf. Þessi borg er engin önnur en orð Guðs sem er opinberað á hverri öld og í sérhverju trúarkerfi. Á dögum Móse voru það Mósebækur, á dögum Jesú guðspjöllin, á dögum Múhameds, boðbera Guðs, Kóraninn; á þessum degi Bayáninn og í trúarkerfi þess sem Guð mun birta Hans eigin bók – bókin sem er undirstaða skilnings á öllum bókum

fyrri trúarkerfa og er þeirra á meðal æðst og yfirskilvitleg. Í þessum borgum eru veittar nægtir andlegrar fæðu og þar eru fyrirbúnar óspillanlegar unaðssemdir. Fæðan sem þær gefa er brauð himinsins og andinn sem þær miðla er ótortímanleg blessun Guðs. Andlega frjálsum sálum færa þær gjöf einingar; þær auðga hina allslausu og færa þeim bikar þekkingar sem ganga á auðnum fáfræði. Öll leiðsögnin, blessanirnar, lærdómurinn, skilningurinn, trúin og fullvissan sem veitt er öllu á himnum og jörðu, er varðveitt og falið innan marka þessara borga.

Kóraninn var til að mynda óvinnandi vígi þeim sem fylgdu Múhameð að málum. Á dögum Hans var hver sá sem gekk þar inn verndaður frá djöfullegum árásum, ógnandi skeytum, sálareyðandi efa og guðlöstunarpískri óvinnarins. Hann fékk einnig sinn skerf af hinum eilífu og góðu ávöxtum – ávöxtum visku af hinu guðdómlega tré. Honum var gefið að drekka af óspillanlegum vötnum úr fljóti þekkingar og bragðaði vín leyndardóma guðdómlegrar einingar.

Hvaðeina sem mennirnir þurftu á að halda í sambandi við opinberun Múhameðs og laga Hans, var að finna í Riðván skínandi dýrðar, opinberað og augljóst. Sú bók er varanlegur vitnisburður fylgjendum hennar eftir daga Múhameðs, því að ákvarðanir hennar eru ómótmælanlegar og fyrirheit hennar óskeikul. Allir hafa verið hvattir til að fylgja fyrirmælum bókarinnar fram til „ársins sextíu“¹⁵³ – ársins þegar undursamleg birting Guðs stígur fram á foldu. Þetta er sú bók sem óbrigðul leiðir leitandann til Riðván guðdómlegrar nálægðar og lætur hann sem hefur yfirgefið land sitt og fetar stigu leitandans, ganga inn í helgidóm eilífra endurfunda. Leiðsögn hennar getur aldrei brugðist, enginn vitnisburður er hennar vitnisburði æðri. Allar aðrar arfsagnir, bækur og króníkur, eru rúnar slíkum auðkennum, því sönnun og staðfestingu á arfsögnunum og þeim sem hafa sagt þær er aðeins að finna í texta þeirrar bókar. Auk þess eru arfsagnirnar sjálfar hörmulega ósamhljóða og torræðar á ýmsan hátt.

Þegar ætlunarverki Múhameðs var um það bil að ljúka, mælti Hann þessi orð: „Vissulega skil Ég eftir meðal yðar tvenns konar vitnisburð Minn þungvægan: bók Guðs og fjölskyldu Mína.“ Þótt margar arfsagnir hafi verið opinberaðar af þessari uppsprettu spámennskunnar og námu guðdómlegrar leiðsagnar, tilgreindi Hann aðeins þessa bók og tilnefndi hana þar af leiðandi sem hið máttugasta meðal og tryggasta vitnisburð fyrir leitendurnar; leiðsögn fyrir mennina allt fram til upprisudagsins.

Íhuga gaumgæfilega með ósveigjanlegri sýn, hreinu hjarta og helguðum anda það sem Guð hefur staðfest sem vitnisburð leiðsagnar til handa fólki sínu í bók sinni sem bæði háir og lágir telja sanna. Við verðum báðir ásamt öllum þjóðum jarðarinnar að halda fast við þennan vitnisburð, svo að okkur auðnist með hennar ljósi að þekkja og gera greinarmun á sannleika og lygi, leiðsögn og villu. Þar sem Múhameð einskorðaði vitnisburð sinn við bók sína og fjölskyldu og þar eð fjölskylda Hans er ekki lengur á meðal okkar, stendur aðeins bókin eftir sem vitnisburður Hans meðal manna.

Í upphafi bókar sinnar segir Hann: „Alif. Lám. Mím. Ekki er að efast um þessa bók: Hún er leiðsögn hinum guðhræddu.“¹⁵⁴ Sundurlausir bókstafir Kóransins varðveita leyndardóma Hins guðdómlega eðlis og í skeljum þeirra leynast perlur einingar Hans. Vegna rúmleysis munum Vér ekki fjalla um þá að þessu sinni. Hið ytra tákna þeir Múhameð sjálfan sem Guð ávarpar svofelldum orðum: „Ó Múhameð, enginn efi eða óvissa ríkir um þessa bók sem hefur verið send niður frá himni guðdómlegrar einingar. Hún er leiðsögn þeim sem óttast Guð.“ Íhuga hvernig Hann hefur útnefnt þessa sömu bók, Kóraninn, og ákvarðað að hún skyldi vera leiðarljós öllum á himnum og jörðu. Hann – veran himneska og eðliskjarninn órannsakanlegi – hefur sjálfur borið því vitni að þessi bók sé hafin yfir alla óvissu og efasemdir, að hún sé leiðarljós mannkynsins allt

til upprisudagsins. Og nú spyrjum VÉR: er það sanngjarnt af þessu fólki að skoða þennan þungvægasta vitnisburð með kvíða og efasemdum þegar Guð hefur kunnert guðdómlegan uppruna hennar og lýst því yfir að hún sé holdtekja sannleikans? Er það sanngjarnt að þeir snúi baki við því sem Hann hefur gert að æðsta tæki leiðsagnar sinnar upp á hæstu tinda þekkingar og leiti einhvers annars en þeirrar bókar? Hvernig geta þeir leyft heimskulegum og fjarstæðukenndum ummælum mannanna að sá sæði tortryggni í huga sinn? Hvernig geta þeir lengur mótmælt fávíslega og sagt, að viss persóna hafi sagt hitt eða þetta eða að ákveðið atriði hafi ekki ræst? Ef eitthvað annað en bók Guðs hefði getað orðið mannkyninu öflugri stoð og öruggari leiðsögn, hefði Hann þá látið undir höfuð leggjast að opinbera það í þessu versí?

Okkur ber skylda til að hlíta ómótstæðilegum fyrirmælum og ákveðnum úrskurði Guðs, eins og hann opinberast í áður nefndu versí. Við ættum að viðurkenna hinar heilögu og undursamlegu ritningar, því ef við gerum það ekki, höfum við ekki heldur viðurkennt sannleika þessa blessaða vers. Því það er augljóst að hver sá sem ekki hefur viðurkennt sannleika Kóransins hefur í raun og veru ekki viðurkennt sannleiksgildi fyrri ritninga. Þetta er aðeins augljóst inntak versins. Ef VÉR útskýrðum innri merkingar þess eða afhjúpuðum hulda leyndardóma þess, myndi eilífðin ekki nægja til að tæma þýðingu þeirra né gæti alheimurinn borið að heyra það! Guð ber vissulega vitni sannleika orða Vorra!

Í öðrum kafla segir Hann einnig: „Og ef þér eruð í vafa um það sem VÉR höfum sent niður til þjóns Vors, komið þá með súru sem þessa og kallið á vitni yðar auk Guðs, ef þér eruð sannleikans menn.“¹⁵⁵ Sjá háleita stöðu og fullkomna dyggð þessara versa sem Hann segir áreiðanlegasta vitnisburð sinn, óskeikula sönnun, vitnisburð um allsigrandi vald sitt og opinberun á mætti vilja síns. Hann, konungurinn himneski, hefur kunnert óskoruð yfirráð versanna í bók sinni yfir öllum hlutum sem bera sannleika Hans vitni. Því opinberuð vers Guðs skína eins og sólin og í samanburði við þau eru allar aðrar sannanir og tákn eins og stjörnur. Þjóðum heimsins eru þau varanlegur vitnisburður, óhrekjandi sönnun, skínandi ljós Hins fullkomna konungs. Ekkert jafnast á við ágæti þeirra, ekkert tekur fram dyggðum þeirra. Þau eru fjárhirslur guðdómlegra perla og forðabúr himneskra leyndardóma. Þau eru hið óleysanlega band, hið örugga haldreipi, 'Urvatu'l-Vuþqá, ljósið sem aldrei slökknar. Þeirra vegna streymir fljót guðdómlegrar þekkingar og eldur fornarrar og fullkominnar visku Hans brennur. Þetta er eldurinn sem á einu og sama andartaki glæðir loga ástar í brjósti hins trúfasta og veitir kulda gáleysis inn í hjarta óvinarins.

Ó vinur! Það sæmir okkur ekki að hafna fyrirmælum Guðs heldur hlýða þeim og beygja okkur undir þann guðdómlega vitnisburð sem Hann hefur ákvarðað. Orð þessa vers eru of þungvæg og þrungin til þess að þessi hrjáða sál geti útskýrt þau eða sannað. Guð talar sannleikann og vísar veginn. Hann er vissulega ofar öllum skepnum sínum; Hann er hinn máttugi, hinn gæskuríki.

Sömuleiðis sagði Hann: „Slík eru vers Guðs: með sannleika lesum VÉR þau fyrir yður. En í hvaða opinberun trúa þeir, ef þeir hafna Guði og versum Hans?“¹⁵⁶ Ef þú vilt skilja vísbendingar þessa vers munt þú koma auga á þann sannleika, að engin opinberun hefur nokkru sinni verið birt sem er æðri spámönnum Guðs og enginn vitnisburður hefur nokkru sinni komið fram á jörðu sem stendur vitnisburði opinberaðra versa þeirra ofar. Nei, enginn vitnisburður getur nokkru sinni orðið þessum meiri nema sá sem Drottinn Guð þinn kys.

Í öðrum kafla segir Hann: „Vei sérhverjum ljúgandi syndara sem heyrir vers Guðs lesin og tortímist síðan í drambsfullri fyrirlitningu eins og hann hafi ekki heyrt þau!

Vara hann við sársaukafullri refsingu.¹⁵⁷ Það sem felst í þessu versu nægir öllum sem eru á himnum og jörðu ef fólk íhugaði vers Drottins síns. Því að þú heyrir hvernig mennirnir í drambi sínu virða á þessum degi að vettugi opinberuð vers Guðs rétt eins og þau væru lítilmótlegust allra hluta. Og samt hefur ekkert sem er æðra þessum versum verið birt né getur nokkru sinni birst í þessum heimi! Seg við þá: „Ó gálausa fólk! Þér endurtakið það sem feður yðar sögðu á umliðnum öldum. Ávextina sem þeir lásu af tré trúleysis síns, munið þér einnig lesa. Áður en langt um líður munuð þér safnast til feðra yðar og dvelja með þeim í vítiseldi. Og hörmuleg eru híbýli illvirkjanna.“

Í enn öðrum kafla segir Hann: „Og þegar hann heyrir eitthvert vers Vort, spottar hann það. Þeirra bíður smánarleg refsing!“¹⁵⁸ Mennirnir sögðu hæðnislega: „Ger annað kraftaverk og sýn okkur annað ták!“ Einn sagði: „Lát hluta himinsins falla yfir okkur“;¹⁵⁹ og annar: „Ef þetta er sannleikur í augum Þínun, lát rigna yfir okkur steinum frá himnum.“¹⁶⁰ Líkt og lýður Ísrael á tímum Móse skipti á brauði himinsins og lítilsverðum jarðneskum hlutum, þannig hefur þetta fólk einnig reynt að skipta á opinberuðum versum Guðs og fánýtum, illum og andstyggilegum fýsnum. Á sama hátt sérð þú á þessum degi, að þótt andleg næring hafi stigið niður frá himni guðdómlegrar miskunnar og verið dreypt úr skýjum ástríkis Hans og þótt haf lífsins ólgi í Ridván hjartans að boði Drottins allra verunda, hafa þessir menn samt safnast saman eins og gráðugir hundar um hræ og látið sér nægja staðnað vatn úr brimsöltum polli. Miskunnsami Guð! Hversu undarlegir eru ekki vegir þessara manna! Þeir heimta leiðsögn þótt fáanar Hans sem leiðbeinir öllum hlutum, blakti nú þegar við hún. Þeir halda fast við myrkar og torræðar fræðikenningar þegar Hann sem er takmark allrar þekkingar skín eins og sólin. Þeir sjá sólina með sínum eigin augum og krefja samt þann geislahnött sönnunar á ljósinu sem Hann veitir. Þeir finna vorregnið falla niður og leita samt sannana á þeirri hylli. Vitni sólarinnar er ljósið sem skín og umlykur alla hluti. Vitni regnsins eru gjafir þess sem endurnýja heiminn og klæða hann kyrtli lífsins. Já, hinir blindu skynja ekkert af sólinni nema hita hennar og grýtt jörð fær engan skerf af regni náðarinnar. „Undrist ekki þótt vantrúarmaðurinn sjái ekkert nema bókstafi í Kóraninum, því í sólinni skynjar hinn blindi aðeins hita.“

Í öðrum kafla segir Hann: „Og þegar skýr vers okkar eru lesin upp í áheyrn þeirra, eru einu viðbrögð þeirra þessi: „Kalla feður okkar aftur til lífs ef þið segið sannleikann!““¹⁶¹ Sjá, hve fjarstæðukennds vitnisburðar þeir hafa leitað frá þessum holdtekjum alltumlykjandi náðar! Þeir spottuðu versin þótt hver einstakur bókstafur þeirra sé æðri sköpun himins og jarðar og endurlífgi hina dauðu í dal sjálfs og ástríðu með anda trúar. Þeir gerðu háreysti og sögðu: „Lát feður okkar hraða sér út úr kistum sínum.“ Svo drambsamt og þverúðarfullt var þetta fólk. Sérhvert þessara versa er öllum þjóðum jarðar óræk sönnun og dýrlegur vitnisburður um sannleika Hans. Sérhvert þeirra nægir vissulega mannkyni ef þú hugleiddir vers Guðs. Í áður nefndu versu sjálfu liggja perlur leyndardóma fólgnar. Læknisdómurinn sem það býður, getur aldrei brugðist, hver svo sem sjúkdómurinn er.

Skeyt engu um hégómlegar mótbáru þeirra sem halda því fram að bókin og vers hennar geti aldrei orðið vitnisburður venjulegu fólki, því að það geti hvorki skilið merkingu né metið gildi þeirra. Og samt er ekkert annað en Kóraninn óbrigðull vitnisburður Guðs bæði austrinu og vestrinu. Ef hann væri ofar mannlegum skilningi, hvernig væri hægt að segja hann allsherjar vitnisburður öllum mönnum? Ef einhver fótur væri fyrir mótbárum þeirra, væri ekki þörf á neinum vitnisburði né heldur væri þeim nauðsyn að þekkja Guð, því að þekking á Hinni guðdómlegu veru er æðri þekkingu á bók Hans og venjulegt fólk væri ekki fært um að skilja hana.

Slík andmæli eru fullkomlega röng og verða ekki tekin til greina. Þau spretta aðeins af hroka og drambi. Tilgangurinn með þeim er að beina fólki frá Ríðván guðdómlegrar velpóknunar og að herða valdatökin yfir fólkinu. Og samt er þetta venjulega fólk í augliti Guðs óendanlega æðra og upphafnara þeim trúarleiðtogum þess sem hafa snúið sér frá hinum eina sanna Guði. Skilningur á orðum Hans og skilningur á orðum fugla himinsins eru á engan hátt háð mannlegum lærdómi. Hann er aðeins háður hreinleika hjartans, skírlífi sálarinnar og frelsi andans. Þessu bera þeir vitni sem sitja í upphöfnustu sætum þekkingar þótt þeir séu í dag gersneyddir viðurkenndum mælikvörðum lærdóms. Garður hjartna þeirra hefur skryðst rósum visku og túlípönum skilnings fyrir skúrir guðdómlegrar náðar. Heill hinum einlægu í hjarta fyrir hlut þeirra í ljósi máttugs dags!

Og enn fremur segir Hann: „Hvað varðar þá sem ekki trúa á vers Guðs né að þeir muni nokkru sinni mæta Honum: þeir munu örvænta um náð Mína og þeirra bíður þungbær refsing.“¹⁶² Enn fremur: „Og þeir segja: ‚Eigum við að yfirgefa guði okkar fyrir sturlað skáld?‘“¹⁶³ Augljóst er hvað þetta vers felur í sér. Sjá hvað þeir sögðu eftir að versin voru opinberuð. Þeir kölluðu Hann skáld, hæddu vers Guðs og hrópuðu: „Þessi orð hans eru einungis sagnir fornanna!“ Með þessu áttu þeir við að Múhameð hefði víðað að sér þeim orðum sem menn höfðu talað fyrir á tímum og nefnt þau orð Guðs.

Á þessum degi hefur þú einnig heyrt mennina setja svipaðar ákærur fram gegn þessari opinberun og segja: „Hann hefur safnað saman þessum orðum úr fornum ummælum“ eða: „Þessi orð eru falsanir.“ Hégómleg og drambsum eru ummæli þeirra, lítilmótleg staða þeirra!

Eftir höfnun þeirra og fordæmingar sem Vér höfum vísað til, mótmæltu þeir með svofelldum orðum: „Samkvæmt ritningum okkar á enginn sjálfstæður spámaður að koma eftir Móse og Jesú og afnema lögmál guðdómlegrar opinberunar. Nei, sá sem koma skal, á að uppfylla lögmálið.“ Eftir þetta vers sem gefur vísbendingu um öll hin guðdómlegu grunnstef og vitnar um þann sannleika, að ekkert lát getur orðið á náðarúthellingu Hins almiskunnsama, var opinberað: „Og Jósef kom til yðar fyrir á dögum með skýrum táknum, samt hættuð þér ekki að efast um boðskapinn sem Hann flutti yður uns þér sögðu að Honum látnum: ‚Guð mun alls ekki reisa upp spámann eftir Hans dag.‘ Þannig leiðir Guð í villu þann sem er illvirki, efasemdarmaður.“¹⁶⁴ Lát þetta vers leiða þig í fullan skilning um að fólk sem heldur fast við vers bókar, hefur á sérhverri öld sett fram svo hégómlegar fjarstæður og fullyrt að enginn spámaður myndi birtast aftur í heiminum. Sömmuleiðis hafa kristnir guðsmenn sem halda fast við þau vers guðspjallanna sem Vér þegar höfum vitnað til, reynt að útskýra að lögmál guðspjallanna verði aldrei numið úr gildi og að enginn sjálfstæður spámaður verði reistur upp aftur nema til þess eins að staðfesta lögmál guðspjallsins. Flestir þessara manna hafa orðið sama andlega sjúkdómi að bráð.

Þannig sérð þú hvernig fylgjendur Kóransins, eins og menn fyrri tíma, hafa leyft orðunum „innsigli spámannanna“ að byrgja sér sýn. Og samt bera þeir vitni þessu versi: „Enginn þekkir túlkun þess nema Guð og þeir sem hafa trausta þekkingu.“¹⁶⁵ Og þegar Hann sem hefur trausta þekkingu á öllum hlutum, Hann sem er móðir, sál, leyndardómur og eðliskjarni þekkingarinnar, opinberar það sem á minnsta hátt stríðir gegn óskum þeirra mæta þeir Honum með heiftugri andstöðu og afneita Honum blygðunarlaust. Þetta hefur þú þegar heyrt og orðið vitni að. Slík orð og gerðir má aðeins skrifa á reikning þeirra trúarleiðtoga sem tilbiðja engan Guð nema sínar eigin girndir og játa engu hollustu nema gulli; sem eru hjúpaðir myrkustu blæjum lærdóms, flæktir í margslunginn vef hans og týndir á auðnum villu. Líkt og Drottinn verundar hefur kunnigert skýrum orðum: „Hvað heldur þú? Hann sem hefur gert sér guð af girndum

sínum og sem Guð hefur villt um fyrir með þekkingu – innsiglað eyru hans og hjarta og varpað blæju yfir augu hans – hver á að leiðbeina slíkum manni eftir að honum hefur verið hafnað af Guði? Er þá ekki búið að vara yður við?“¹⁶⁶

Þótt ytri merking orðanna: „Hann ... sem Guð hefur villt um fyrir með þekkingu“ sé það sem hefur verið opinberað, benda þessi orð Oss samt á þá guðsmenn aldarinnar sem hafa snúið sér frá fegurð Guðs og afneitað guðdómlegum boðskap og opinberun Guðs vegna fastheldni við eigin lærdóm, mótaðan af eigin þrám og ímyndunum. „Seg: hve þungvægur er ekki sá boðskapur sem þér hafnið!“¹⁶⁷ Enn fremur segir Hann: „Og þegar skýr vers okkar voru lesin upp í áheyrn þeirra, sögðu þeir: ‚Þetta er aðeins maður sem feginn vill snúa ykkur frá því sem feður ykkar tilbáðu.‘ Og þeir segja: ‚Þetta er aðeins fals, blekkingavefur.‘“¹⁶⁸

Ljá eyra heilagri rödd Guðs og hlýð á ljúfan og ódauðlegan söng Hans. Sjá með hvílíkri alvöru Hann hefur varað þá við sem afneita versum Guðs og útskúfað þeim sem hafna heilögum orðum Hans. Hugleiddu hve langt mennirnir hafa villst frá Kawthar guðdómlegrar nálægðar og hvílíkt trúleysi og hroka þessir andlegu öreigar hafa sýnt þeirri helguðu fegurð. Þótt sá kjarni ástríkis og gæsku hafi látið þessar hverfulu verur stíga inn í ríki ódauðleikans og leitt þessar allslausu sálir til heilags fljóts auðæfa, fordæmdu samt sumir Hann sem „lastara Guðs, Drottins allra skepna“, aðrir ákærðu Hann fyrir að vera „þann sem heldur mönnum frá vegum guðrækni og sannrar trúar“ og enn aðrir sögðu Hann „sturlaðan“ og fleira í þeim dúr.

Á sama hátt sér þú á þessum degi með hve svívirðilegum aðdróttunum þeir hafa ráðist gegn þessum gimsteini ódauðleikans og hve ósegjanlegri harðýðgi þeir hafa beitt Hann sem er uppspretta hreinleikans. Þótt Guð hafi alls staðar í bók sinni og í helgri og ódauðlegri töflu varað þá við sem afneita og hafna hinum opinberuðu versum og hafi kunnigert náð sína þeim sem viðurkenna þau, íhuga hvernig þeir hafa samt sem áður látið fúkyrðum rigna yfir versin sem hafa verið send niður frá nýjum himni eilífs heilagleika Guðs! Og það þrátt fyrir þá staðreynd, að ekkert auga hefur séð svo ríkulega úthellingu gæsku né nokkurt eyra heyrt um slíka opinberun ástríkis. Slík hylli og opinberun hafa verið birt að hin opinberuðu vers hafa virst sem vorskúrir sem falla úr náðarskýjum Hins algjöfula. Spámennirnir sem „gæddir eru varanleika“ og sem skína eins og sólin í dýrð sinni og upphafningu voru hver um sig heiðraðir með bók sem allir hafa séð og full vissa er fengin um vers hennar. En versin sem hafa streymt úr þessu skýi guðdómlegrar náðar eru svo mörg að enginn hefur enn getað komið á þau tölu. Tugir binda eru nú til. Hve mörg eru enn utan seilingar! Hversu mörgum hefur verið rænt og fallið í hendur óvinarins og enginn veit hvað orðið hefur af þeim.

Ó bróðir, við ættum að opna augu okkar, hugleiða orð Hans og leita athvarfs hjá opinberendum Guðs svo okkur auðnist að hlíta þeim viðvörunum sem eru gefnar í augljósum heilræðum bókarinnar og virða þær áminningar sem eru skráðar í hinum helgu töflum; að við atyrðum ekki opinberanda versanna, beygjum okkur algjörlega undir málstað Hans og veitum lögmáli Hans viðtöku af heilum huga, svo okkur auðnist að ganga inn í hirð náðar Hans og dvelja á ströndum miskunnar Hans. Hann er vissulega hinn miskunnsami og sá sem fyrirgefur þjónum sínum.

Og einnig sagði Hann: „Seg, ó menn bókarinnar! Hafið þér ekki þvegið hendur yðar af okkur sakir þess eins að vér trúum á Guð og á það sem Hann hefur sent niður til okkar fyrr á tímum og vegna þess að þér eruð flestir misindismenn?“¹⁶⁹ Hve skýrt leiðir ekki þetta vers ásetning Vorn í ljós og hve ljóslega staðfestir það ekki sannleika vitnisburðarins í versum Guðs! Þetta vers var opinberað á þeim tíma þegar íslam átti undir högg að sækja frá vantrúarmönnum og fylgjendur þess voru sakaðir um vantrú

Þegar félögum Múhameðs var útskúfað sem guðsafneiturum og fylgjendum svikuls töframans. Í upphafi þegar íslam var enn hið ytra rúið valdi og myndugleika voru vinir spámansins, sem höfðu beint augliti sínu til Guðs, hrjáðir, ofsóttir, grýttir og svívirtir hvert sem þeir fóru. Á þeim tíma var þetta blessaða vers sent niður frá himni guðdómlegrar opinberunar. Það birti órækan vitnisburð og miðlaði ljósi óskeikullar leiðsagnar. Það fyrirskipaði félögum Múhameðs að kunngera vantrúarmönnunum og skurðgoðadýrkendunum þessi orð: „Þið kúgið og ofsækið okkur og hvað höfum við þó gert annað en að trú á Guð og á versin sem send hafa verið niður til okkar fyrir munn Múhameðs ásamt þeim versum sem stigu niður yfir spámennina til forna?“ Með þessu er átt við, að eini glæpur þeirra var í því fölginn að hafa viðurkennt að ný og undursamleg vers Guðs sem höfðu stigið niður yfir Múhameð og versin sem höfðu verið opinberuð spámönnunum til forna, komu frá Guði og að hafa viðurkennt sannleika þeirra og veitt honum viðtöku. Þetta er vitnisburðurinn sem Konungurinn himneski hefur kennt þjónum sínum.

Er það sanngjarnt í ljósi framangreindra orða að þessir menn hafni þessum nýopinberuðu versum sem hafa umlukið bæði austrið og vestrið og líti á sjálfa sig sem stuðningsmenn sannrar trúar? Ættu þeir ekki fremur að trú á Hann sem hefur opinberað versin? Hvernig gat Hann látið undir höfuð leggjast í ljósi þess vitnisburðar sem Hann sjálfur hefur staðfest, að skoða þá sem sanna átrúendur sem hafa borið þessum sannleika vitni? Fjarri sé það Honum að vísa þeim frá hliðum náðar sinnar sem þangað hafa leitað og viðurkennt sannleika hinna guðdómlegu versa, eða hafa í hótunum við þá sem halda fast við áreiðanlegan vitnisburð Hans. Hann staðfestir vissulega sannleikann með versum sínum og opinberun sína með orðum sínum. Hann er vissulega hinn máttugi, hjálpin í nauðum, hinn alvaldi.

Og einnig sagði Hann: „Og ef Vér hefðum sent niður til Þín bók, ritaða á bókfell og þeir hefðu snert hana með höndum sínum, myndu trúvillingarnir vissulega hafa sagt: „Þetta eru ekkert annað en augljós töfrabrögð.“¹⁷⁰ Flest versa Kóransins vísa til þessa stefs. Til þess að lengja ekki mál Vort höfum Vér eingöngu minnst á þessi vers. Íhuga – hefur bókin sett einhvern annan mælikvarða á viðurkenningu á opinberun fegurðar Hans en þessi vers, að mennirnir gætu notað hann til að hafna opinberendum Guðs? Þvert á móti. Í sérhverju tilviki hefur Hann hótað þeim með eldinum sem hafna versunum og spotta þau, eins og þegar hefur verið sýnt fram á.

Ef því einhver kæmi fram og birti aragrúa versa, ritgerða, pistla og bæna, án þess að hafa aflað sér neins þeirra með lærdómi, hvað gætu þeir hugsanlega haft sér til afsökunar sem vísa þeim á bug og svipta sig þannig náðarmætti þeirra? Hverju gætu þeir svarað þegar sál þeirra að endingu rís upp og yfirgefur þetta dimma musteri? Gætu þeir reynt að réttlæta sig með því að segja: „Við höfum fylgt tiltekinni arfsögn og þegar við komumst að raun um, að hún rættist ekki bókstaflega, löstuðum við holdtekjur guðdómlegrar opinberunar og héldum okkur fjarri lögmáli Guðs“? Hefur þú ekki heyrt að ein af ástæðunum fyrir því að vissir spámenn hafa verið útnefndir sem spámenn sem „gæddir eru varanleika“ var sú að þeim var opinberuð bók? Og hver var þá réttlæting þessa fólks þegar það hafnaði opinberanda og höfundu svo margra binda með versum og fylgdu orðum þess sem hefur í fávisku sinni sáð sæði efans í hjörtu mannanna og sem, Satani líkur, hefur tekist á hendur að leiða mennina á vegu tortímingar og villu? Hvernig gátu þeir leyft slíkum hlutum að svipta sig sólarljósi guðdómlegrar mildi? Ef þessir menn aukinheldur sniðganga og afneita þessari himnesku sál, þessum heilaga anda, hverjum, mætti spyrja, gætu þeir fylgt, til hvaða auglitis annars en Hans gætu þeir snúið sér? Já – „allir hafa sinn hluta af himninum sem þeir snúa sér til.“¹⁷¹ Við höfum sýnt þér þessar

tvær leiðir; far þá leið sem þú kýst. Þetta er vissulega sannleikurinn og þegar honum sleppir tekur aðeins villa við.

Meðal þeirra sannana sem staðfesta gildi þessarar opinberunar er að á hverri öld og í sérhverju trúarkerfi sem Verundin ósýnilega birtist í persónu opinberanda síns, hafa tilteknar sálir, óþekktar og fráhverfar veröldinni, leitað upplýsingar frá sól spámannsdæmis og mána guðdómlegrar leiðsagnar og komist í návist Guðs. Af þessum sökum drógu klerkar og auðmenn samtímans að þeim dár og spott. Svo hefur Hann sagt um hina afvegaleiddu: „Vantrúaðir leiðtogar þjóðar Hans sögðu: „Við sjáum í Þér aðeins mann á borð við okkur sjálfa; og meðal fylgismanna Þinna finnum við aðeins hina dómgreindarlitlu og lágkúrulegustu á meðal okkar. Okkur tekst ekki heldur að koma auga á að Þú sért okkur fremri að einhverju leyti: Nei, við lítum á Þig sem lygara.“¹⁷² Þeir lastmæltu þessum heilögu opinberendum og andæfðu þeim með svofelldum orðum: „Enginn hefur komið til liðs við ykkur nema hinir lítilmótlegu á meðal okkar, þeir sem engnar athygli eru verðir.“ Ætlun þeirra var að sýna fram á að enginn hinna lærðu, ríku og nafnkunnu trúði á þá. Með þessum og þvítíkum sönnunum reyndu þeir að sýna fram á óheilindi Hans sem talar ekkert nema sannleikann.

Í þessu ægibjarta trúarkerfi, þessu máttugasta veldi, hefur þó fjöldi upplýstra guðsmanna komist í heilagt athvarf Hans – meistarar á sviði þekkingar, vitrir og þroskaðir fræðimenn. Þeir hafa drukkið af bikar guðdómlegrar návistar Hans og verið heiðraðir með ágætustu gjöfum Hans. Þeir hafa hafnað heiminum og öllu sem í honum er sakir Ástvinarins. Vér ætlum að nefna nöfn nokkurra þeirra, að það megi verða til þess að styrkja hina blautgeðja og miðla hinum óframfærnu hugrekki.

Meðal þeirra var Mullá Husayn sem veitti viðtöku dýrðarljóma frá sól guðdómlegrar opinberunar. Ef ekki hefði verið fyrir hann, hefði Guð ekki fengið staðfestu í sæti miskunnar sinnar og stigið í hásæti eilífrar dýrðar. Meðal þeirra var einnig Siyyid Yahyá, sú einstæða og óviðjafnanlega persóna sinnar tíðar,

Mullá Muḥammad ‘Alí-i-Zanjání
Mullá ‘Alí-i-Bastámí
Mullá Sa‘íd-i-Bárfurúshí
Mullá Ni‘matu’lláh-i-Mázindarání
Mullá Yúsuf-i-Ardibílí
Mullá Mihdíy-i-Khu‘í
Siyyid Husayn-i-Turshízí
Mullá Mihdíy-i-Kandí
Mullá Báqir
Mullá ‘Abdu’l-Kháliq-i-Yazdí
Mullá ‘Alí-i-Baraqání

og aðrir, nær fjögur hundruð að tali. Nöfn allra þeirra eru greipt á „varðveitta töflu“ Guðs.

Allir fengu þeir leiðsögn frá ljósi þeirrar Sólar guðdómlegrar opinberunar, játuðu sannleika Hans og báru Honum vitni. Slík var trú þeirra að þeir sneru flestir baki við eigum sínum og ættmennum og héldu fast við velþóknun Hins aldyrlega. Þeir gáfu líf sitt Ástvini sínum og fórnðu öllu sem þeir áttu á vegi Hans. Óvinurinn notaði brjóst þeirra sem skotmörk og trúleysingjarnir prýddu spjót sín höfðum þeirra. Ekkert land er að finna sem ekki drakk í sig blóð þessara manna sem voru holdtekjur fráhrarfs frá veröldinni, og ekkert sverð að finna sem ekki hjó að hálsnum þeirra. Afrek þeirra ein saman eru til vitnis um að þeir töluðu sannleikann. Nægir mönnum í dag ekki

vitnisburður þessara heilögu sálna sem hafa með svo stórbrotnum hætti risið upp og fórnað lífinu fyrir Ástvin sinn að allur heimurinn undraðist fórn þeirra? Nægir hann ekki sem staðfesting á ótryggð þeirra sem sviku trú sína fyrir lítilræði, skiptu á ódauðleika fyrir það sem tortímist, höfnuðu Kawthar guðdómlegrar návistar fyrir brimsalt brunnavatn og höfðu hugann við það eitt að hrifsa til sín eigur annarra? Þú hefur sjálfur séð hvernig þeir blinduðust allir af hégóma heimsins og villtust langt frá Drottni, hinum hæsta.

Ver sanngjarn: Er vitnisburður þeirra verður athygli og viðurkenningar sem láta gerðir fylgja orðum og samræma ytri hegðun innra lífi? Hugurinn stendur ráðþrota andspænis dáðum þeirra og sálin undrast hugrekki þeirra og líkamlegt atgervi. Eða er vitnisburður þessara trúlausu sálna, sem anda að sér engu nema eigingirni og löstum og eru fangar í búi fánýtra ímyndana, verður viðurkenningar? Eins og leðurblökur myrkursins rísa þeir ekki úr beði nema til að eltast við hverfula hluti heimsins og finna enga næturhvíld nema í eftirsókn lasta og ódyggða. Þeir eru uppteknir af eigingjörnum ráðagerðum og gleyma ráðsályktun Guðs. Á daginn sækjast þeir af allri sálu sinni eftir veraldlegum gæðum og á nóttunni eru þeir uppteknir af því einu að uppfylla lastafull markmið lífs síns. Hvaða lögmál eða mælikvarði réttlætir að menn styðji afneitanir slíkra lítilmenna og virði að vettugi trú þeirra sem til að þóknast Guði sneru baki við lífi sínu og efnum, frægð sinni og orðstír, heiðri og sæmd?

Voru ekki viðburðirnir í lífi „Prins píslarvottanna“¹⁷³ taldir mestir allra viðburða og æðsti vitnisburðurinn um sannleika hans? Sögðu menn ekki fyrr á dögum, að þessir viðburðir ættu sér engin fordæmi? Héldu þeir því ekki fram að engin birting sannleikans hefði nokkru sinni sýnt slíkt stöðuglyndi, svo framúrskarandi dýrð? Og samt hófst þessi viðburður lífs hans að morgni og var á enda kljáður um miðjan sama dag. En í átján ár hafa þessi heilögu ljós með hetjuskap staðið af sér áfelli þrenginga sem dunið hefur yfir þá úr öllum áttum. Með hvílikri ást, hollustu, fögnuði og heilögum unaði fórnðu þeir ekki lífi sínu á vegi Hins aldirlega! Þessum sannleika bera allir vitni. Og hvernig geta þeir þá gert lítið úr þessari opinberun? Hefur nokkur öld orðið vitni að jafn afdrifaríkum viðburðum? Ef þessir félagar eru ekki sannir leitendur Guðs, hverja aðra er hægt að kalla því nafni? Hafa þessir félagar sóst eftir valdi og dýrð? Hafa þeir nokkru sinni þráð ríkidæmi? Hafa þeir alið með sér nokkra aðra ósk en að þóknast Guði? Ef þessir félagar með hrífandi vitnisburði sínum og göfugum gerðum eru ósannindamenn, hverjir eru þá þess verðugir að kallast sannir? Ég sver við Guð! Gerðir þeirra einar og sér nægja sem vitnisburður og óhrekjandi staðfesting öllum þjóðum jarðar, ef menn hugleiddu í hjörtum sínum leyndardóma guðlegrar opinberunar. „Og þeir sem sýna rangsleitni munu brátt fá að vita hvað bíður þeirra!“¹⁷⁴

Auk þess eru tákn sannleika og blekkingar sett fram og ákvörðuð í bókinni. Með þessum guðdómlega ákvarðaða prófsteini, verður að reyna tilkall og kröfugerð allra manna, svo að hægt sé að þekkja hinn sannorða frá svikaranum. Þessi prófsteinn er ekkert annað en versið: „Óskið dauðans ef þér eruð sannleikans menn.“¹⁷⁵ Leið hugann að þessum píslarvottum sem sýndu svo djúpa einlægni. Skýr texti bókarinnar ber sannleiksást þeirra vitni. Eins og þú hefur orðið áskynja hafa þeir allir fórnað lífi sínu, eignum, konum, börnum, öllu sem þeim tilheyrði, og stigið til háleitustu vistarvera paradísar. Er sanngjarnt að afneita vitnisburði þessara andlega frjálsu og upphöfnu sálna um þessa dýrlegu og framúrskarandi opinberun og taka undir lastyrði þessara trúlausu manna gegn þessu skínandi ljósi – menn sem fyrir gull hafa snúið baki við trú sinni og fyrir völd og forystu afneitað Honum sem er fremsti leiðtogi alls mannkyns? Og það þótt eiginleikar þeirra séu nú ljósir öllum sem skilja að þeir munu aldrei afsala sér minnsta

votti tímanlegs forræðis fyrir heilaga trú Guðs, hversu miklu síður lífi sínu, eignum og öðru slíku.

Sjá, hvernig hinn guðdómlegi prófsteinn hefur í samræmi við skýran texta bókarinnar, aðskilið og greint sannleika frá falsi. Þrátt fyrir þetta gleyma þeir enn þessum sannleika. Í svefni gáleysis leita þeir hégóma heimsins og eru niðursokknir í hugsanir um hégómlega og jarðneska forystu.

„Ó mannsönur! Margur dagurinn hefur runnið úr greipum þér, meðan þú varst upptekinn af þínum eigin ímyndunum og fánýtum hugarórum. Hve lengi ætlar þú að móka á beði þínum? Sólin er í hádegisstað, hrist af þér drungann svo hún megi uppljóma þig ljósi fegurðarinnar.“

Látum það samt koma skýrt fram að enginn fræði- og guðsmannanna sem við höfum vísað til, gegndu forystuhlutverki eða nutu virðingar sem slíkir. Því enginn þeirra víðkunnu og áhrifamiklu leiðtoga trúarinnar sem sitja í valdastólum og gegna forystustarfi, getur með neinu móti vottað opinberanda sannleikans hollustu nema sá sem Guð vill. Slíkt hefur með örfáum undantekningum aldrei gerst. „Og fáir þjóna Minna tilheyra hinum þakklátu.“¹⁷⁶ Enginn hinna víðkunnu guðsmanna sem hafa í höndum sér forræði fólksins hefur heldur veitt trúnni viðtöku í þessu trúarkerfi. Nei, þeir hafa barist gegn henni af slíkum fjandskap og eldmód að ekkert eyra hefur heyrt og ekkert auga séð þvílíkt.

Bábinn, Drottinn, hinn upphafnasti – megi lífi allra verða fórnað Honum – hefur sérstaklega opinberað pistil til guðsmanna sérhverrar borgar og sett þar fram skýrum stöfum einkenni afneitunar og höfnunar hvers og eins þeirra. „Sýnið því aðgát, þér sem hafið innsæi!“¹⁷⁷ Er Hann vísaði til andófs þeirra vakti það fyrir Honum að ógilda mótbárurnar sem fylgjendur Bayánsins gætu gripið til á degi birtingar „Mustagháth“,¹⁷⁸ á degi síðari upprisunnar. Þeir kynnu að fullyrða, að þótt fjöldi guðsmanna hefði veitt trúnni viðtöku í trúarkerfi Bayánsins, hafi enginn þeirra viðurkennt tilkall Hans í þessari síðari opinberun. Fyrir Honum vakti að vara fólkið við ef það, sem Guð forði, héldi fast við svo fávíslegar hugrenningar og svipti sig hinni himnesku fegurð. Já, þessir guðsmenn sem Vér höfum vísað til, voru lítt þekktir og sakir miskunnar Guðs voru þeir allir hreinsaðir af jarðneskum hégóma og rúnir glysi valdhafans. „Slík er mildi Guðs; Hann veitir hana hverjum sem Hann vill.“

Önnur sönnun og vitnisburður um sannleika þessarar opinberunar sem skín eins og sólin meðal allra annarra sannana, er staðfesta Hinnar eilífu fegurðar þegar hún kunngerir trú Guðs. Þótt Hann væri ungur að árum og þótt málstaðurinn sem Hann boðaði stríddi gegn óskum allra þjóða jarðarinnar, bæði hárra og lágra, ríkra og fátækra, upphafinna og niðurlægðra, konunga og þegna, reis Hann samt upp og boðaði hana af stöðuglyndi. Allir vita þetta og hafa heyrt um það. Hann hræddist engan; Hann skeytti engu um afleiðingarnar. Gæti nokkuð þvílíkt hafa gerst nema fyrir vald guðdómlegrar opinberunar og mátt ósigrandi vilja Guðs? Ég sver við réttlæti Guðs! Ef einhver varðveitti svo máttuga opinberun í hjarta sínu myndi ein saman tilhugsunin um slíka boðun nægja til að yfirþyrma hann! Þótt öll hjörtu manna yrðu að hjarta hans myndi hann samt veigra sér við að leggja út á svo ógnvænlega braut. Honum gæti aðeins tekist það með leyfi Guðs og að því tilskildu að farvegur hjarta hans tengdist uppsprettu guðdómlegrar náðar og sál hans fengi fullvissu um óbrigðula aðstoð Hins almáttuga. Hverju, spyrjum Vér, tileinka þeir svo máttugt fyrirbæri? Ásaka þeir Hann um fáfræði eins og spámennina til forna? Eða halda þeir því fram að Hann sækist aðeins eftir völdum og jarðneskum auðæfum?

Miskunnsemi Guð! Í bók Hans sem Hann hefur nefnt „Qayyúmu'l-Asmá“ – fyrstu, mestu og máttugustu allra bóka – sagði Hann fyrir sitt eigið píslarvætti. Í henni er að finna þessa málsgrein: „Ó þú leifð Guðs! Ég hef fórnað mér fullkomlega sakir Þín. Þín vegna hef ég látið mér lynda bölbænir og ekkert þráð nema píslarvættið á vegi ástar Pinnar. Nægt vitni er mér Guð, hinn upphafni, verndarinn, hinn aldni!“

Í túlkun sinni á bókstafnum „Há“ þráði Hann einnig píslarvætti og sagði: „Mér þótti sem ég heyrði rödd kalla í innstu verund minni: ‚Fórnar þú því sem Þér er kærast á vegi Guðs, eins og Hūsayn, friður sé með honum, fórnaði lífi sínu fyrir Mig?‘ Og ef ég gætti ekki þessa óhjákvæmilega leyndardóms – ég sver við Hann sem hefur verund mína í höndum sér – jafnvel þótt allir konungar jarðarinnar fylktu liði gætu þeir ekki tekið frá mér einn einasta bókstaf, hve miklu síður þessir þjónar sem engrar athygli eru verðir og tilheyra vissulega úrhrakinu ... Að allir megi þekkja mæli þolinmæði Minnar, undirgefni og sjálfsfórnar á vegi Guðs.“

Er hægt að líta svo á, að opinberandi slíkra orða gangi einhvern annan veg en veg Guðs eða þrái eitthvað annað en velþóknun Hans? Í þessu vers felst slíkur andi veraldlegs fráhrarfs að bærast hann til fulls yfir heiminn myndu allar verur afneita lífi sínu og fórna sálum sínum. Íhuga hraksmánarlegt framferði þessarar kynslóðar og furðulegt vanþakklæti hennar. Sjá hvernig þeir hafa lokað augum sínum fyrir allri þessari dýrð og eltast á auvirðilegan hátt við þessi andstyggilegu hræ, en frá iðrum þeirra berast óp eigna hinna trúföstu sem þeir gleypu. Og hve óviðrkvæmilegum aðdróttunum hafa þeir samt ekki beint gegn þessum sólum heilagleikans? Þannig skýrum Vér þér frá því sem hendur trúniðinganna hafa drýgt, þeir sem á degi upprisunnar hafa snúið augliti sínu frá hinni himnesku návist og sem Guð hefur kvalið í eldi þeirra eigin vantrúar og sem Hann í næsta heimi hefur fyrirbúið refsingu sem mun tæra bæði líkama þeirra og sál. Því þeir hafa sagt: „Guð er aflvana og hönd miskunnar Hans fjötruð.“

Staðfesta í trúnni er áreiðanlegur vitnisburður og dýrleg staðfesting á sannleikanum. Líkt og „Innsigli spámannanna“ hefur sagt: „Tvö vers hafa gert Oss aldna.“ Bæði þessi vers gefa vísbendingu um staðfestu í málstað Guðs. Líkt og Hann sagði: „Ver stöðugur eins og þér hefur verið boðið.“¹⁷⁹

Og íhuga nú hvernig þessi Sadrih Riðván Guðs hefur í blóma æsku sinnar risið upp til að boða málstað Guðs. Sjá hvílíka staðfestu þessi Fegurð Guðs hefur sýnt. Allur heimurinn reis upp til að hindra Hann, samt mistókst það fullkomlega. Því heiftugri sem ofsóknir þeirra urðu á hendur þessum Sadrih blessunar, þeim mun meiri varð ákafi Hans og þeim mun bjartar brann logi ástar Hans. Allt er þetta augljóst og enginn mótmælir þessum sannleika. Að lokum gaf Hann upp sál sína og tók flugið til ríkjanna á hæðum.

Og meðal sannanna um birtingu Hans var upphafningin, hið yfirskilvitlega afl og yfirráðin sem Hann, opinberandi verundar og birting Hins tilbeðna, hefur einn og óstuddur opinberað um allan heim. Ekki fyrr hafði sú eilífa Fegurð opinberað sig í Shíráz árið sextíu og rífið sundur huliðsblæjuna, en tákn yfirráða, máttar, drottunar og valds sem útgengu frá þessu innsta eðli alls eðlis og úthafi allra úthafa birtust í öllum löndum. Og það í þeim mæli að frá sérhverri borg birtust táknin, sannanirnar, ummerkin og vitnisburðirnir um þann guðdómlega ljósgjafa. Hversu mörg voru eigi þau hreinu og gæskuríku hjórtu sem í trúfesti endurspegluðu ljós þeirrar eilífu sólar og hversu margvíslegt útstreymi þekkingar frá því úthafi guðdómlegrar visku sem umlukti allar verur! Í hverri borg risu allir guðsmennirnir og fyrirmennirnir upp til að kúga þá og gyrtu lendar sínar illgirni, öfund og harðstjórn til að undiroka þá. Hversu mikill fjöldi þeirra helgu sálna, þessara eðliskjarna réttlætis sem sakaðir voru um harðstjórn, var ekki

drepinn! Og hversu margar holdtekjur hreinleika sem sýndu ekkert annað en sanna þekkingu og flekklausar gerðir, hlutu ekki þjáningarfullan dauðdaga! Þrátt fyrir allt þetta andaði sérhver þessara heilögu vera til síðasta andartaks nafni Guðs og sveif í ríkjum undirgefni og hlýðni. Slíkt var hið umskapandi áhrifavald sem Hann hafði yfir þeim að þeir hættu að ala í brjósti nokkra ósk aðra en vilja Hans og gáfu sál sína minningu Hans.

Íhuga: Hver í heiminum getur birt svo yfirskilvitlegt afl, svo gagntæk áhrif? Öll þessi flekklausu hjörtu og allar þessar helguðu sálir hafa í algjörru undirgefni svarað kalli ákvörðunar Hans. Í stað þess að kvarta færðu þeir Guði þakkir og í svartnætti angistar sinnar sýndu þeir ekkert nema geislandi undirgefni undir vilja Hans. Það er augljóst hve vægðarlaust hatrið var og hve bitur illgirnin og fjandskapurinn sem allar þjóðir jarðarinnar sýndu þessum félögum. Ofsóknirnar og sársaukann sem þeir bökuðu þessum heilögu og andlegu verum töldu þeir leið til hjálpræðis, auðsældar og eilífs frama. Hefur heimurinn síðan á dögum Adams orðið vitni að slíku uppnámi, svo ofsafengnu umróti? Þrátt fyrir allar píslirnar sem þeir þöldu og margs konar þrengingar sem féllu þeim í hlut urðu þeir skotspænic allsherjar vanvirðu og bölbæna. Mér þykir sem þolinmæðin hafi opinberast fyrir sakir hreysti þeirra og sjálf trúfestin fæðst af gerðum þeirra.

Hugleið þessa afdrifaríku viðburði í hjarta þínu svo að þú megir skilja mikilfengleika þessarar opinberunar og skynja stórkostlega dýrð hennar. Þá mun anda trúarinnar fyrir náð Hins miskunnsama verða andað í verund þína og þú fengir staðfestu og hvíld í sæti fullvissu. Hinn eini Guð er Mér vitni! Ef þú hugleiddir um stund myndi þér skiljast, að auk allra þessara öruggu sanninda og fyrrgreindu vitnisburða eru höfnun, fordæming og bölbænic þjóða jarðarinnar í sjálfu sér mesta sönnunin og besti vitnisburðurinn um sannleika þessara hetja á vettvangi undirgefni og andlegrar lausnar. Hvenær sem þú hugleiddir lastyrði allra manna, hvort sem það voru guðsmenn, lærðir eða fáfróðir, þeim mun stöðugri og staðfastari verður þú í trúnni. Því hvaðeina sem gerst hefur var sagt fyrir af þeim sem eru námur guðdómlegrar þekkingar og veita viðtöku eilífum lögum Guðs.

Þótt Vér höfum ekki haft í hyggju að minnast á arfsagnir fyrri alda ætlum Vér samt sakir ástar á þér að vitna til nokkurra sem renna stoðum undir röksemdir Vorar. Oss finnst þó engin nauðsyn bera til þess, því að það sem þegar hefur verið sagt nægir heiminum og öllu sem í honum er. Í raun eru allar ritningarnar og leyndardómar þeirra fólgnir í þessari stuttu frásögn. Og það í þeim mæli, að ef einhver persóna íhugaði hana um stund í hjarta sínu myndi hún skynja leyndardóma orða Guðs í öllu sem sagt hefur verið og skilja merkingu alls þess sem Hinn fullkomni konungur hefur birt. Þar sem skilningur og staða manna er mismunandi, munum Vér nefna nokkrar arfsagnir, að þær megi veita hikandi sálum staðfestu og færa trufluðum hugum ró. Þar með mun vitnisburður Guðs til manna, bæði hárra og lágra, fullkomnast.

Meðal þeirra er arfsögnin: „Og þegar fáni sannleikans er birtur, formæla menn honum bæði í austri og vestri.“ Drekka verður vín afneitunar, klífa verður háleitar hæðir aðskilnaðar og gæta verður íhugunarinnar sem vísað er til í orðunum: „Hugleiðing einnar stundar er betri en fróm tilbeiðsla í sjötíu ár“ svo hægt sé að skilja leyndardóm aumkunarverðs framferðis manna. Þótt þeir elski og þrái sannleikann sem þeir játa, formæla þeir fylgjendum Sannleikans þegar Hann eitt sinn hefur verið opinberaður. Þessum sannindum ber áðurgreind arfsögn vitni. Það er ljóst að slíka hegðun er aðeins hægt að rekja til ógildingar þeirra reglna, venja, siða og helgiathafna sem það hefur orðið vitni að. Ef fegurð Hins miskunnsama hefði hlýtt þeim reglum og venjum sem tíðkast meðal manna og löghelgað trúariðkanir þeirra, myndi heimurinn alls ekki hafa orðið vitni að slíkum deilum og prettum. Þessi upphafna arfsögn er staðfest og henni borið

vitni með eftirfarandi orðum sem Hann hefur opinberað: „Dagurinn þegar kallarinn stefnir þeim til skelfilegs reikningsskapar.“¹⁸⁰

Guðdómlegt kall Hins himneska kallara handan blæju dýrðarinnar sem býður mannkyninu að hafna algjörlega þeim hlutum sem það fylgir, er þeim viðurstygð og þetta veldur þeim bitru þolraunum og því ofsafengnu umróti sem hefur komið í ljós. Íhuga aðferðir mannanna. Þeir virða að vettugi þessar traustu arfsagnir sem allar hafa ræst og halda fast við aðrar sem hafa vafasamt gildi og spyrja hvers vegna þær hafi ekki ræst. Og samt hafa hlutir sem þeir gátu ekki gert sér í hugarlund, verið birtir. Teikn og ummerki sannleikans skína eins og sólin í hádegisstað og samt reika mennirnir ráðþrota og án markmiðs á auðnum fáfræði og flónsku. Þrátt fyrir öll vers Kóransins og hinar viðurkenndu arfsagnir sem allar gefa vísbendingu um nýja trú, ný lög og nýja opinberun, bíður þessi kynslóð þess enn að líta Hinn fyrirheitna sem á að framfylgja lögum trúarkerfis Múhameðs. Slíkt hið sama gera Gyðingar og kristnir menn.

Meðal orðanna sem boða ný lög og nýja opinberun eru málgreinarnar í „bæn Nudbih“: „Hvar er Hann sem er varðveittur til þess að endurnýja fyrirmælin og lögin? Hvar er Hann sem hefur vald til að breyta trúnni og fylgjendum hennar?“ Hann hefur einnig opinberað í Zíyárat:¹⁸¹ „Friður sé með sannleikanum endurnýjuðum.“ Abú-‘Abdi’lláh sem var spurður um skapgerð Mihdí, svaraði og sagði: „Hann mun gera það sem Múhameð, sendiboði Guðs, hefur gert og eyða öllu sem áður var, líkt og boðberi Guðs eyddi vegum þeirra sem fóru á undan Honum.“

Þrátt fyrir þessar og aðrar áþekkar arfsagnir, sjá, hvernig þeir halda því fram fávíslega, að alls engu megi breyta í lögumum sem voru áður í gildi. Og er það samt ekki tilgangur sérhverrar opinberunar að koma því til leiðar að allt eðli mannkyns breytist og að sú breyting gerist bæði hið ytra og hið innra og hafi áhrif bæði á innra líf þess og ytri aðstæður? Því ef eðli mannkynsins breytist ekki er tilgangsleysi allsherjarbirtingar Guðs auðsætt. Í „‘Aválim“ sem er traust og víðkunn heimild, stendur skrifað: „Æskumaður frá Baní-Háshim verður birtur, opinberar nýja bók og boðar ný lög“. Síðan koma þessi orð: „Flestir óvina Hans eru meðal guðsmannanna.“ Í öðrum kafla er haft eftir Şádiq, syni Múhameðs: „Frá Baní-Háshim kemur Æskumaður sem býður mönnunum að votta sér hollustu. Bók Hans verður ný bók þar sem Hann kallar fólkið til að játa trú sína. Óvægin er opinberun Hans fyrir Arabann. Ef þið heyrið um Hann, hraðið ykkur til Hans.“ Hve dyggilega hafa þeir ekki fylgt leiðbeiningum ímama trúarinnar og lampa fullvissunnar! Hér stendur skýrum stöfum: „Ef þið heyrið, að frá Baní-Háshim hafi komið Æskumaður sem kallar menn til nýrrar og guðdómlegrar bókar og til nýrra og guðdómlegra laga, hraðið yður til Hans.“ Samt hafa þeir allir lýst þennan Drottin verundarinnar trúvilling og úthrópað Hann villutrúarmann. Að vísu flýttu þeir sér til ljóss Háshimitans, þeirrar guðdómlegru birtingar, en aðeins með brugðnum bröndum og hjörtun full af meinfýsni. Gæt enn fremur að því hve skýrum orðum bækurnar tala um fjandskap guðsmannanna. Þrátt fyrir allar þessar ótvíræðu og þýðingarmiklu arfsagnir, allar þessar skýlausu og óhrekjandi vísbendingar, hafa menn hafnað flekklausu eðli þekkingar og heilags máls og snúið sér til boðenda uppreisnar og villu. Þrátt fyrir þessar skráðu arfsagnir og opinberuðu orð mæla þeir aðeins það sem eigingjarnar ástríður þeirra blása þeim í brjóst. Og ef eðliskjarni sannleikans opinberar það sem stríðir gegn hneigðum þeirra og ástríðum, lýsa þeir Hann strax trúniðing og mótmæla svofelldum orðum: „Þetta er andstætt orðum ímama trúarinnar og hinna geislandi ljósgjafa. Í órjúfanlegum lögum okkar hefur ekki verið gert ráð fyrir neinu slíku.“ Jafnvel á þessum degi hafa þessir vesalings dauðlegu menn komið fram með svo einskisverðar fullyrðingar og gera það enn.

Og íhuga nú aðra arfsögn og sjá hvernig allt hefur verið sagt fyrir. Í „Arba‘ín“ er skráð: „Frá Baní-Háshim kemur Æskumaður sem opinberar ný lög. Hann kallar mennina til sín, en enginn mun hlýða kalli Hans. Flestir óvina Hans verða guðsmennirnir. Þeir munu ekki hlýða boðum Hans heldur mótmæla og segja: „Þetta er andstætt því sem ímamar trúarinnar hafa fært okkur að ofan.“ Á þessum degi endurtaka allir þessi sömu orð og eru sér fullkomlega ómeðvitandi um að Hann hefur sest í hásetið „Hann gerir hvaðeina sem Honum list“ og dvelur um kyrrt í sessinum „Hann ákvarðar það sem Honum þóknast.“

Enginn skilningur getur skynjað eðli opinberunar Hans og engin þekking meðtekið fullan mæli trúar Hans. Öll orð eru háð leyfi Hans og allir þurfa á málstað Hans að halda. Allt nema Hann sjálfur er skapað að boði Hans, hrærist og á tilvist sína undir lögum Hans. Hann er opinberandi guðdómlegra leyndardóma og útskýrandi fornrar og hulinnar visku. Þannig segir í „Biḥáru'l-Anvár“, „‘Aválim“ og „Yanbú“, að sonur Şádiq, sonar Múhameðs, hafi mælt þessi orð: „Þekking er tuttugu og sjö bókstafir. Spámennirnir hafa aðeins opinberað tvo þeirra. Fram til þessa hefur enginn maður þekkt fleiri en þessa tvo bókstafi. En þegar Qá‘im rís, birtir Hann hina bókstafina tuttugu og fimm.“ Íhuga: Hann hefur lýst því yfir að þekking samanstandi af tuttugu og sjö bókstöfum og segir alla spámennina, frá Adam til „innsiglisins“, hafa útskýrt aðeins tvo þeirra og verið sendir niður með þessa tvo bókstafi. Hann segir einnig að Qá‘im muni opinbera hina bókstafina tuttugu og fimm. Haf þessi orð til marks um hve mikil og háleit staða Hans er! Staða Hans er æðri stöðu allra spámannanna og opinberun Hans er ofar skilningi og skynjun allra þeirra útvöldu. Opinberun sem spámenn Guðs, dýrlingar Hans og Hans útvöldu, hafa annað hvort ekki þekkt eða sem þeir samkvæmt órannsakanlegri ákvörðun Guðs hafa kosið að leyna – slíka opinberun hafa þessir spilltu og auvirðilegu menn reynt að vega og meta með sínum eigin takmörkuðu vitsmunum, meingallaða lærdómi og skilningi. Ef hún stenst ekki mælikvarða þeirra afneita þeir henni þegar í stað. „Heldur þú að meirihluti þeirra heyrir eða skilji? Þeir eru eins og skynlausar skepnur! Já, þeir hafa jafnvel vikið enn lengra af veginum!“¹⁸²

Hvernig, spyrjum VÉR, skýra þeir fyrrgreinda arfsögn sem boðar ótvíræðum orðum opinberun órannsakanlegra hluta og að nýir og undursamlegir atburðir gerist á degi Hans? Þessir dásamlegu viðburðir valda svo harkalegum deilum meðal fólksins, að allir guðsmennirnir og fræðimennirnir dæma Hann og félagi Hans til dauða og allar þjóðir jarðarinnar rísa gegn Honum. Líkt og opinberað hefur verið í „Káfí“ í arfsögn Jábir í „Töflu Fatímu“ varðandi skapgerð Qá‘ims: „Í Honum birtist fullkomnun Móse, dýrd Jesú og þolgæði Jobs. Hans útvöldu verða niðurlægðir á degi Hans. Höfuð þeirra verða færð að gjöf eins og höfuð Tyrkjanna og Daylamítanna. Þeir verða drepnir og brenndir. Ótti mun grípa þá; ógn og skelfing ljósta hjörtu þeirra. Jörðin litast af blóði þeirra. Konur þeirra kveina og gráta. Þetta eru að sönnu vinir mínir!“ Íhuga, að hver einasti bókstafur þessarar arfsagnar hefur ræst. Á flestum stöðum hefur blessuðu blóði þeirra verið úthellt; í sérhverri borg hafa þeir verið teknir til fanga og fluttir um héruðin í allra augsyn og sumir brenndir á eldi. Og samt hefur enginn staldrað við til að íhuga, að ef Hinn fyrirheitni Qá‘im opinberaði lög og fyrirskipanir fyrri trúarkerfis, hvaða nauðsyn hefði þá borið til að skrá slíka arfsögn og hvers vegna skyldu hafa blossað upp slíkar deilur og ágreiningur að mennirnir litu á dráp þessara féлага sem skylduverk sem þeim bæri að inna af hendi og töldu ofsóknir gegn þessum heilögu sálum væri kjörin leið til að öðlast æðstu hylli?

Gæt einnig að því hvernig arfsagnir fyrri tíma hafa skýrt frá öllum viðburðum sem gerst hafa og verkum sem framin eru. Líkt og skrifað stendur í „Rawḍiy-i-Káfí“ um

„Zawrá“ . Í „Rawḍiy-i-Káfi“ er sagt um Mu‘ávíyih, son Vahháb, að Abú-‘Abdi’lláh hafi sagt: „Þekkir þú Zawrá?“ Ég sagði: „Megi líf mitt verða fórnað þér! Þeir segja að það sé í Bagdað.“ „Nei,“ svaraði hann. Og síðan bætti hann við: „Hefur þú komið inn í Rayy-borg?“¹⁸³ Og ég svaraði: „Já, þangað hef ég komið.“ Þá spurði hann: „Heimsóttir þú nautgripamarkaðinn?“ „Já,“ svaraði ég. Hann sagði: „Hefur þú séð svarta fjallið hægra megin við veginn? Það er Zawrá’. Þar munu áttatíu manns, niðjar vissra manna, verða drepnir og sérhver þeirra er þess verður að kallast kalífi.“ „Hver mun drepa þá?“ spurði ég. Hann svaraði: „Börn Persíu!“

Slíkt er ásigkomulag og örlög félaga Hans sem sögð voru fyrir fyrr á tímum. Og gæt nú að því, að samkvæmt þessari arfsögn er Zawrá’ ekkert annað en land Rayy. Á þeim stað hafa félagar Hans verið líflátnir með miklum harmkvælum og allar þessar heilögu verur hafa liðið píslarvætti í höndum Persanna, eins og skrifað stóð í arfsögninni. Þetta hefur þú heyrt og allir bera því vitni. Hvers vegna staldra þeir ekki við, þessir menn sem líkjast auvirðilegum ormum, og hugleiða þessar arfsagnir sem allar eru jafn augljósar og sólin í hádegisdýrð sinni? Hver er ástæðan fyrir því að þeir neita að veita sannleikanum viðtöku og leyfa vissum arfsögnum, sem þeir hafa ekki skilið, að koma í veg fyrir að þeir viðurkenni opinberun Guðs og fegurð Hans, og dæma þá til vistar í vítisdjúpum? Þetta er ekki neinu öðru að kenna en trúleysi guðsmanna og fræðimanna aldarinnar. Um þá hefur Şádiq, sonur Múhameðs, sagt: „Fræðimenn trúarinnar á þeirri öld verða verstu illmennin meðal guðsmannanna undir skugga himinsins. Frá þeim hafa svikráð framgengið og til þeirra munu þau snúa aftur.“

Við biðjum lærða fylgjendur Bayánsins að fylgja ekki fordæmi þeirra; að særa ekki Hann sem er hinn guðdómlegi eðliskjarni, hið himneska ljós, hin algilda eilífð, upphafið og endinn á birtingu Hins ósýnilega á tíma Mustagháth, þeim sárum sem hafa verið veitt á þessum degi. Vér biðjum þá að treysta ekki á vitsmuni sína, skilning og lærdóm, að deila ekki við opinberanda himneskrar og takmarkalausrar þekkingar. Og þrátt fyrir allar þessar áminningar sjáum Vér eineygðan mann, sem sjálfur er leiðtogi fólksins, rísa upp í fullkomnum óvildarhug gegn Oss. Vér sjáum fyrir að í sérhverri borg kemur fram fólk sem vill kúga Hina blessuðu fegurð; að félagar Drottins verundar og hinstu þrár allra manna munu flýja andlit kúgarans og leita athvarfs frá honum í eyðimörkinni, meðan aðrir gefa sig á vald örlögum sínum og fórna lífi sínu á vegi Hans í fullkominni lausn frá veröldinni. Oss þykir sem Vér sjáum mann sem hefur getið sér slíkan orðstír fyrir guðrækni og frómleika að menn telja sér skylt að hlýða honum og halda boð hans. Hann mun stíga fram og ráðast gegn sjálfum rötum hins himneska trés og reyna til hins ítrasta að sýna Honum andstöðu og veita Honum viðnám. Slík er leið fólksins!

Það er einlæg von Vor, að fylgjendur Bayánsins muni upplýsast, svífa í ríkjum andans og njóta þar hvíldar, bera kennsl á sannleikann og greina með auga innsæis leyndan fláttskap. Á þessum dögum berst samt yfir slíkur öfundaródaunn að – Ég sver við Fræðara allra vera, sýnilegra og ósýnilegra – frá upphafi grundvöllunar heimsins – þótt hann eigi sér ekkert upphaf – og allt fram til þessa dags hefur slík illgirni, öfund og hatur aldrei birst áður né mun birtast í framtíðinni. Því margir sem aldrei hafa andað að sér ilmi réttvísi hafa reist upp fána undirróðurs og fylkt liði gegn Oss. Á alla vegu skynjum Vér ógn spjóta þeirra og hvarvetna sjáum Vér örvar þeirra. Og það þótt Vér höfum aldrei stært Oss af neinu né sóst eftir að vera teknir fram yfir nokkra sál. Öllum höfum Vér verið hinn gæskuríkasti félagi og sýnt mesta ástúð og umburðarlyndi. Vér leituðum eftir félagsskap hinna fátæku þegar Vér vorum á meðal þeirra, og í hópi hinna upphöfnu og lærðu höfum Vér sýnt undirgefni og auðmýkt. Ég sver við Guð, hinn eina sanna Guð! Þótt þjáningarnar og harmkvælin sem óvinurinn og fylgjendur bókarinnar

lögðu á Oss hafi verið þungbær, blikna þau samt í samanburði við það sem á Oss hefur verið lagt af þeim sem þóttust vera vinir Vorir.

Hvað meira getum VÉR sagt? Ef alheimurinn sæi með augum réttlætis myndi hann ekki getað borið þunga þessara orða! Þegar VÉR sáum hvað verða vildi fyrstu dagana eftir að VÉR komum til þessa lands, ákváðum VÉR að draga Oss í hlé áður en það gerðist. VÉR héldum út í eyðimörkina og lifðum þar einir og yfirgefnir lífi algjörRAR einveru í tvö ár. Frá augum Vorum rigndi tárur angistar og í blæðandi hjarta Voru ólgaði haf kvalafulls sársauka. Marga nótt höfðum VÉR ekkert til viðurværis og margan dag fékk líkami Vor enga hvíld. Ég sver við líf Hans sem hefur í hendi sér verund Mína! Þrátt fyrir þessa stöðugu ógæfu og storma þrenginga, var sál Vor umvafin sælum unaði og öll verund Vor gagntekin ólýsanlegri gleði. Því að í einsemd Vorri urðum VÉR ekki varir við ábata eða tjón, heilsu eða sjúkleika nokkurrar sálar. Einir undum VÉR samvistum við anda Vorn og gleymdum veröldinni og öllu sem í henni er. VÉR vissum samt ekki að möskvar guðlegrar ákvörðunar eru stærri viðfeðmustu hugmyndum manna og skeyti ákvörðunar Hans ofar djörfustu áformum mannanna. Enginn getur forðast snörurnar sem Hann leggur og engin sál fundið lausn nema í undirgefnri við vilja Hans. Ég sver við réttlæti Guðs! Er VÉR héldum af stað íhuguðum VÉR enga endurkomu og aðskilnaður Vor vænti engra endurfunda. Eina ætlunin með brottför Vorri var að forðast að verða misklíðarefni meðal hinna trúföstu, tilefni sundurþykkis félögum Vorum, að valda nokkurri sálu sársauka eða hryggja nokkurt hjarta. Enga aðra ósk ólum VÉR í brjósti og ekkert annað áform höfðum VÉR í huga. Og samt réð sérhver ráðum sínum samkvæmt eigin ástríðum og sóttist eftir fánýtum hégóma sínum allt fram til þeirrar stundar þegar boðin framgengu frá Hinni dulúðugu uppsprettu sem bauð Oss að hverfa aftur þangað sem VÉR komum. VÉR gáfum vilja Vorn undir vilja Hans og hlýddum skipun Hans.

Hvaða penni getur lýst því sem VÉR sáum þegar VÉR snerum aftur! Tvö ár hafa liðið og á þeim tíma hafa óvinir Vorir stöðugt og af kostgæfni lagt á ráðin um að útrýma Oss og allir bera því vitni. Samt sem áður hefur enginn meðal hinna trúföstu risið upp til að veita Oss aðstoð af neinu tagi og enginn fann heldur hjá sér hvöt til að veita Oss hjálp og aðstoð. Nei, í stað aðstoðar, hvílíkt úrhelli stöðugra sorga hefur ekki steypst yfir sál Vora vegna orða þeirra og gerða! Mitt á meðal þeirra allra stöndum VÉR og bjóðum fram líf Vort fullkomlega undirgefnir vilja Hans, að þessum opinberaða og birta bókstaf megi sakir ástríkis og miskunnar Guðs auðnast að fórna lífi sínu á vegi Frumpunktsins, hins upphafnasta orðs. Ég sver við Hann sem boðið hefur Andanum að tala. Ef ekki væri fyrir þessa þrá sálar Vorrar, myndum VÉR ekki hafa dvalið einu andartaki lengur í þessari borg. „Nægilegt vitni er Oss Guð.“ VÉR ljúkum röksemdafærslu Vorri með orðunum: „Ekkert afl eða styrkur er til nema í Guði einum.“ „VÉR heyrum Guði og til Hans hverfum VÉR aftur.“

Þeir sem hafa skilningsrík hjörtu, þeir sem hafa drukkið vín ástarinnar og ekki eitt andartak fullnægt eigingjörnum ástríðum sínum, munu sjá þessi tákni, vitnisburði og sannanir skína eins og sólina í hádegisdýrð sinni, vitnisburð um sannleika þessarar undursamlegu opinberunar, þessarar yfirskilvitlegu og guðdómlegu trúar. Íhuga hvernig menn hafa hafnað fegurð Guðs og haldið fast við ágjarnar langanir sínar. Þrátt fyrir öll þessi fullkomnu vers og skýru ábendingar sem hafa verið opinberaðar í hinni „þungvægustu opinberun“, heitfé Guðs meðal manna, og þrátt fyrir þessar ótvíræðu arfsagnir sem hver í sínu lagi er ljósari en hin skýrustu orð, hafa menn virt að vettugi og afneitað sannleika þeirra, og haldið fast við bókstaf vissra arfsagna sem þeir ímynduðu sér að bryti í bága við væntingar sínar, án þess þó að þeim hefði tekist að skilja merkingu

þeirra. Þeir hafa þannig sundurmolað sérhverja von og farið á mis við hreint vín Hins aldýrlega og tær og óspillanleg vötn Hinnar ódauðlegu fegurðar.

Íhuga að jafnvel þótt árið, þegar þessi eðliskjarni ljóssins á að birtast, hafi verið tilgreint sérstaklega í arfsögnunum, eru þeir enn skeytingarlausir og ætíð á valdi eigingjarnra ástríðna sinna. Samkvæmt arfsögninni spurði Mufaðdal Şadiq: „Hvað um táknið birtingar Hans, ó meistari minn?“ Hann svaraði: „Árið sextíu birtist málstaður Hans og nafn Hans verður kunnert.“

Hversu undarlegt er þetta ekki! Þrátt fyrir þessar skýru og ótvíræðu vísbendingar hefur þetta fólk sniðgengið sannleikann. Í fyrri arfsögnum hefur til að mynda verið minnst á sorgir, fangelsun og þrengingar sem hefur verið hlutskipti þess eðliskjarna guðdómlegrar dyggðar. Í „Biḥár“ stendur skrifað: „Í Qá'im okkar birtast fjögur tákni frá fjórum spámönnum, Móse, Jesú, Jósef og Múhameð. Táknið frá Móse er ótti og eftirvænting; frá Jesú það sem um Hann var sagt; frá Jósef fangelsun og yfirvarp; frá Múhameð opinberun bókar sem svipar til Kóransins.“ Þrátt fyrir svo óyggjandi arfsögn sem á svo skýran hátt hefur sagt fyrir atburði þessa dags fyrirfinnst enginn sem sinnir spádómi hennar og Mér virðist sem enginn muni gera það í framtíðinni nema sá sem Drottinn þinn vill. „Guð mun vissulega opna eyru þess sem Hann óskar, en Vér munum ekki opna eyru þeirra sem liggja í gröfum sínum.“

Það er augljóst að fuglar himinsins og dúfur eilífðarinnar tala tvenns konar tungu. Önnur, hin ytri, er rúin duldem vísbendingum, auðskilin og ótvíræð; að hún geti verið viti og leiðarljós sem beini vegfarendum til hæða heilagleikans og leitendum inn í ríki eilífra endurfunda. Þannig er háttað hinum ótvíræðu arfsögnum og augljósu versum sem þegar hafa verið nefnd. Hin tungan er hjúpuð dul til þess að hvaðeina sem er falið í hjörtum hinna illgjörnu megi afhjúpast og innsta verund þeirra koma í ljós. Þannig hefur Şadiq, sonur Múhameðs, mælt: „Guð mun vissulega láta á þá reyna og aðgreina þá.“ Þetta er hinn himneski mælikvarði, þetta er prófsteinn Guðs á þjóna sína. Enginn skilur merkingu þessara orða nema þeir sem eru fullvissaðir í hjörtum sínum og hafa í sál sinni fundið hylli Guðs og eru í huga sínum fráhverfir öllu nema Honum. Sú bókstafsmerking sem mennirnir hafa yfirleitt lagt í slík orð er ekki hin sanna merking. Þannig stendur skrifað: „Sérhver þekking hefur sjötíu merkingar og mennirnir þekkja aðeins eina þeirra. Og þegar Qá'im birtist opinberar Hann mönnum það sem á vantar.“ Hann segir einnig: „Vér mælum eitt orð og gefum því eina og sjötíu merkingar; það er á voru færi að útskýra þær allar.“

Vér nefnum þetta einvörðungu til þess að mennirnir láti ekki vissar arfsagnir og orð sem ekki hafa enn ræst bókstaflega, valda sér ótta heldur kenni sínum eigin skilningsskortum um ráðaleysi sitt fremur en því að fyrirheit arfsagnanna hafi ekki ræst. Því að þetta fólk þekkir ekki merkinguna sem ímamar trúarinnar höfðu í huga, eins og fram kemur í sjálfum arfsögnunum. Því mega mennirnir ekki leyfa slíkum orðum að svipta sig hinni guðdómlegu hylli. Þeir ættu heldur að leita upplýsingar frá þeim sem eru viðurkenndir útskýrendur þessarar hylli svo að hinir huldu leyndardómar megi afhjúpast og birtast þeim.

Samt komum Vér ekki auga á neinn meðal þeirra sem lifa á jörðunni sem þráir sannleikann af einlægni og leitar útskýringa hjá hinum guðdómlegu opinberendum á torræðum atríðum trúar sinnar. Allir dvelja í gleymiskunnar landi og allir fylgja illvirkjum og uppreisnarmönnum að málum. Guð mun vissulega láta gerðir þeirra bitna á þeim og gleyma þeim eins og þeir gleymdu návist Hans á degi Hans. Þetta hefur Hann ákvarðað þeim sem hafa afneitað Honum og hafnað táknum Hans.

Vér ljúkum röksemdafærslu Vorri með orðum Hans – upphafinn sé Hann –: „Og við hvern þann sem hættir að minnast Hins miskunnsama hlekkjum Vér Satan og hann verður stöðugur förunautur hans.“¹⁸⁴ „Og sannlega verður líf sérhvers manns, sem hættir að minnast Mín, markað eynd.“¹⁸⁵

Þannig hefur það verið opinberað fyrir á tímum, ef þér hafið skilning.

Opinberað af „Bá“ og „Há“.¹⁸⁶

Friður sé með þeim sem hneigir eyra sitt að söng Hins dulúðuga fugls sem kallar frá Sadratu'l-Muntahá!

Dýrlegur sé Drottinn okkar, hinn hæsti!

LOK

• • •

Nafna- og orðskýringar

‘Abdu’lláh

Faðir Múhameðs spámanns. Hann var af ætt Háshimíta, göfugasta ættbálks þeirrar undirdeildar arabíska kynstofnsins sem nefndist Quraish.

‘Abdu’lláh-i-Ubayy

Voldugur andstæðingur Múhameðs, nefndur „prins hræsnaranna“.

Abraham

Sjá fyrstu Mósebók 11–25; *Nokkrum spurningum svarað*, 1. hluti, 4. kafli. Ættfaðir Ísraels, uppi á milli 2100 og 2000 f.Kr. Nefndur „Vinur Guðs“ og „Faðir hinna trúföstu“ af gyðingum, kristnum mönnum og múslímum.

Abú-‘Abdi’lláh

Arabískt auknefni Ja’far-i-Şádiq, sjötta ímams shía-múslíma. Dó árið 765 e.Kr. Þegar Mansúr kalífi lét byrja honum eitur.

Abú-‘Ámir

Andstæðingur Múhameðs; munkur.

Abú-Jahl

„Faðir fávískunnar“; nefndur svo af múslímum. Frændi Múhameðs og svarinn fjandmaður Hans.

‘Alí

Tengdasonur og réttmætur arftaki Múhameðs. Fyrstur af tólf ímömum (trúarleiðtogum) shía-múslíma; fjórði kalífi súnní-múslíma. Leið þíslarvættisdauða í Karbilá árið 661 e.Kr.

Alif, Lám, Mím

Þessir og aðrir bókstafir standa í upphafi á 29 sírum Kóransins.

Amalekítar

Ættbálkur hirðingja, nefndur í Gamla testamentinu. Amalekítar voru reknir frá Babýlóníu og dreifðust um Arabíu allt til Palestínu, Sýrlands og Egyptalands. Frá þeim komu allmargir faraóar.

Arfsagnir

Trúararfsagnir í íslam. Skráðar heimildir um orð um gerðir Múhameðs spámanns sem kemur til viðbótar þeirri opinberun sem Kóraninn geymir.

Árið sextíu

Árið 1260 að íslömsku tímatali (1844 e.Kr.) – árið þegar Bábinn kunngerði köllun sína.

Athím

Syndari.

‘Aválim

Samantekt shía-íslamskra arfsagna.

Bá’

Arabískur bókstafur. Bá’ og Há’ tákna Bahá (Bahá’u’lláh).

Bábinn

Bábinn var Qá’im og Mihdí íslams, fyrirrennari Bahá’u’lláh og höfundur sjálfstæðra trúarbragða. Fæddur 20. október 1819. Leið píslarvættisdauða 9. júlí 1850. Orðið „Báb“ þýðir „dyr“, eða „hlið“.

Bagdað

Höfuðborg Íraks. Í þessari borg kunngerði Bahá’u’lláh köllun sína og ætlunarverk árið 1863.

Bahá

„Dýrð“, „ljómi“, „ljós“; titill Bahá’u’lláh.

Bahá’u’lláh

„Dýrð Guðs“, höfundur bahá’í trúarinnar. Fæddur í Teheran 12. nóvember 1817, lést í Bahjí í grennd við ‘Akká í Ísrael 29. maí 1892.

Baní-Háshim

Ætt Múhameðs spámanns.

Baḥhá

Mekka.

Bayáninn

Mikilvægasta rit Bábsins, inniheldur trúarkenningar opinberunar Hans og fjölda tilvísana til komu Hins fyrirheitna (Bahá’u’lláh), alls um 8000 vers. Bábinn notaði orðið einnig sem tákn um trúarkerfi sitt. Hann skrifaði einnig „arabíska Bayáninn“, minni bók og ekki eins mikilvæga.

Biḥár

Vísun til shía-íslamskra arfsagna. Persneska orðið tákna „vor“, arabíska orðið þýðir „hafsjór“.

Biḥáru’l-Anvár

„Ljóshaf“, safn shía-íslamskra arfsagna í meira en 20 bindum frá 17. öld.

Birting

Sjá opinberandi.

Faraó

Titill fornegyptskra konunga.

Fatíma

Dóttir Múhameðs og Khadíjih. Eiginkona ‘Alí. Þau áttu þrjá syni. Einn dó ungur. Frá hinum tveimur, Hasan og Husayn, er komin ætt spámannsins. Ættingjar Hans í karllegg nefnast siyyidar.

Frumvilji

„Það fyrsta sem streymir frá Guði er sá allsherjar veruleiki ... sem fylgjendur Bahá kalla „frumviljann““ (‘Abdu’l-Bahá, *Nokkrum spurningum svarað*).

Fönix

Goðsöguleg vera sem eyðir sjálfri sér í eldi og rís endurfædd úr öskunni. Tákn eilífrar endurnýjunar og upprisú.

Gabriel

Æðstur allra engla, heilagur andi. Hlutverk hans var að rita niður boð Guðs. Hann vitraðist Múhameð og opinberaði Honum Kóraninn.

Há’

Arabískur bókstafur. Bá’ og Há’ tákna Bahá (Bahá’u’lláh).

Hájí Mírzá Karím Khán

Skrifaði „Leiðsögn fyrir hina fáfróðu“ („Irshádu’l-‘Avám“). Verk hans eru gleymd í dag.

Ḥamzih

„Prins píslarvottanna“; heiðurstitill frænda Múhameðs.

Háshim

Ættfaðir Háshimítanna sem ‘Alí og Múhameð tilheyra.

Heródes

Auknefndur „hinn mikli“, konungur Júdeu. Hann var Edómíti að ætt en alinn upp sem gyðingur. Hann endurreisti musterið í Jerúsalem.

Hijáz

Heilagt land múslíma á suðvesturhluta Arabíuskagans. Þar eru borgirnar helgu Mekka og Medína og margir aðrir staðir sem tengjast Múhameð. „Tungumál Hijáz“ er arabíska.

Ḥusayn

Sonur ‘Alí og Fatímu, þriðji ímaminn, dó píslarvættisdauða árið 680 e.Kr.

Húd

Spámaður af ættbálki ‘Ad, afkomandi Nóa. Hann hvatti þjóð sína til að biðja til eins Guðs en var gerður útlægur (Kóraninn 7:63–70, 11:52–63, 26:123–139).

Ibn-i-Súríyá

Lærður fræðimaður gyðinga á tímum Múhameðs.

‘Imrán

Faðir Móse og Aarons; Kóraninn 3:30 og önnur Mósebók 6:20.

Innsigli spámanna

Táknar Múhameð og stöðu Hans sem hinn síðasti í þeirri röð spámanna sem hófst með Adam (samkvæmt Kóraninum) og lauk með Múhameð. Nýtt spámannstímabil hófst með Bábinum og Bahá’u’lláh.

Ímam

„Meistari“, „leiðtogi“. Titill 12 shía-íslamskra eftirmanna Múhameðs.

Írak

Hluti Tyrkjaveldis þegar *Bók fullvissunnar* var opinberuð 1862. Sjálfstætt ríki í dag, höfuðborgin er Bagdað.

Jábir

Múslími sem eins og Mufaḍḍal, miðlaði seinni tíma mönnum orðum ímamsins Şádiq.

Jósef

Sonur Jakobs, sagður í Kóraninum upplýstur spámaður og fyrirmynd dyggðarinnar.

Ka‘b-ibn-i-Ashraf

Tók þátt í samsæri með Abú Şufyán, erkióvin Múhameðs, um að drepa spámanninn.

Ka‘bih (Kaaba)

Bein þýðing: „Teningur“. Ferstrend bygging í miðri moskunn í Mekka, þar sem svartí steinninn er.

Káfi

Mikilvæg samantekt shía-íslamskra arfsagna.

Kain og Abel

Synir Adams og Evu. Kain drap bróður sinn Abel. Sjá fyrstu Mósebók 4. kafla og Kóraninn, 5. síru.

Kaífas

Æðstiprestur gyðinga.

Kalífi

„Eftirmaður“ eða „staðgengill“. Þetta er sá titill sem súnní-múslímar gefa eftirmanni Múhameðs. Þeir líta á kalífann sem forystumann bæði í veraldlegum og andlegum málefnum múslíma.

Shía-múslímar telja hins vegar, að eftirmaður Múhameðs verði að tilheyra ætt Hans og fjölskyldu. Tyrkneski soldáninn tók sér þennan titil snemma á 16. öld.

Karbilá

Borg í Írak þar sem ímaminn Ḥusayn leið píslarvætti og þar sem hann er jarðsettur.

Karím

Titill sem merkir „göfuglyndur“, „göfugur“, „heiðursverður“.

Kawthar

Fljót í paradís sem öll önnur fljót renna úr. Hluti þess fyllir mikið stöðuvatn og á ströndum þess hvílast sálir hinna trúuðu eftir að þeir hafa gengið yfir Şiráṭ, brúna sem liggur yfir miðju helvítis.

Kerúb

Notað í Biblíunni og Kóraninum um engla. Samkvæmt hebreskri englafræði er kerúb engill af næstæðsta flokki.

Khaybar

Gyðingavirki nálægt Medína sem Múhameð og fylgismenn Hans unnu.

Kopti

Koptar voru kristnir niðjar fornra Egypta sem voru heiðingjar á tímum Móse. Koptar töluðu arabísku.

Kóraninn

Heilög ritning múslíma, opinberuð af Múhameð, spámanni Guðs. Bahá'u'lláh nefndi Kóraninn „óskeikula bók“.

Kúfih

Borg á vesturbakka Efrats. Engin ummerki þessarar borgar eru lengur sjáanleg.

Kumayl

Fræg íslömsk arfsögn.

Levjatan

(Í Gamla testamentinu) sjóskrímsli, ófreskja; tákn óskapnaðar og óguðlegs veraldarvalds.

Medína

Vestur-arabísk borg norður af Mekka og mikilvægasti pílgrímsstaður múslíma næst á eftir Mekka. Þar eru grafir Múhameðs og einnar dóttur Hans.

Mekka

Fæðingarborg Múhameðs.

Midían

Borg og hérað við Rauðahafið, suðaustur af Sínaí-fjalli. Þar bjuggu eftirkomendur Midíans, sonar Abrahams og Keturah. Kóraninn 7:83.

Mihdí

Titill tólfta ímamsins.

Mi'ráj

Næturfærð Múhameðs með Gabríel frá Mekka til Jerúsalem og síðan til hins sjöunda himins, þar sem Hann gekk í návist Guðs.

Móse

Samkvæmt íslam er Móse einn sex mikilla spámanna. Sjá aðra Mósebók 4:16 þar sem Guð segir Móse: „þú verður honum Guð“; og aðra Mósebók 7:1: „Nú geri ég þig að Guði fyrir faraó.“ Hann opinberaði vilja Guðs, flutti Ísrael boðorðin tíu og leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi.

Mufaḍḍal

Var fylgismaður ímamsins Şádiq og skráði margar arfsagnir hans.

Múhameð

Spámaður og opinberandi hins guðlega vilja (570–636 e.Kr.), höfundur íslam. Hann opinberaði hina heilögu bók Kóraninn.

Mullá 'Abdu'l-Kháliq-i-Yazdí

Prestlærður gyðingur sem snerist til íslam. Hann varð áhangandi Shaykhí-skólans og gerðist fylgismaður Bábsins með fulltingi Mullá H̄usayn.

Mullá ‘Alíy-i-Baraqání

Frændi Ṭáhirih, einn lærðasti og nafnkunnasti meðlimur Shaykhí-skólans. Eftir að hafa snúist á band Bábsins gerðist hann einn fremsti talsmaður Hans í Teheran.

Mullá ‘Alíy-i-Bastámí

Einn af „bókstöfum Hins lifanda“, þ.e. einn af fyrstu 18 lærisveinum Bábsins. Bábinntól honum sérstakt verkefni. Þegar hann framkvæmdi það, leið hann fyrstur allra píslarvættisdauða fyrir hina nýju trú.

Mullá Báqir

Frá Tabríz. Hálærður maður, einn af „bókstöfum Hins lifanda“. Hann var með Bahá’u’lláh í Núr, Mázindarán og Badasht og lifði alla hina „bókstafina“ af. Bróðir Mullá Mihdíy-i-Kandí. Leið píslarvættisdauða í Shaykh Ṭabarsí.

Mullá Ḥusayn

Fyrsti fylgismaður Bábsins, fyrsti „bókstafur Hins lifanda“ og „Bábu’l-Báb“ (Dyrnar að dyrunum) – heiðurstíll sem Bábinntól honum. Fæddist 1813 og var í níu ár nemandi Siyyid Kázims og gerðist fylgismaður Bábsins. Hann leið píslarvættisdauða í umsátrinu um virkið Shaykh Ṭabarsí, 2. febrúar 1849.

Mullá Mihdíy-i-Khu‘í

Náinn fylgismaður Bahá’u’lláh og kennari barnanna á heimili Hans. Leið píslarvætti í Ṭabarsí.

Mullá Muḥammad-‘Alíy-i-Zanjání

Nefndur Ḥujjat. „Einn ákafasti og ótrauðasti baráttumaður trúarinnar“ (Shoghi Effendi). Hann var leiðtogi bábianna við Zanján og leið þar píslarvættisdauða með 1800 fylgismönnum Bábsins.

Mullá Ni‘matu’lláh-i-Mázindarání

Fylgismaður Bábsins sem leið píslarvættisdauða í Shaykh Ṭabarsí.

Mullá Yúsuf-i-Ardibílí

Einn „bókstafa Hins lifanda“. Leið píslarvættisdauða í Shaykh Ṭabarsí.

Mustagháth

Bókstafleg merking: „Sá sem ákallaður er,“ þ.e. Bahá’u’lláh.

Naḍr-ibn-i-Ḥáarith

Andstæðingur Múhameðs.

Nebúkadnesar

Konungur Babýloníu. Hann tók Jerúsalem herskildi 597 f.Kr., lagði borgina í eyði árið 587 f.Kr. og leiddi flesta íbúa hennar í útlegðina til Kaldeu.

Nimrod

Talinn ofsækjandi Abrahams í íslömskum skýringarritum.

Nói

Spámaður sem í íslam hefur fengið heitið „spámaður Guðs“. Sjá umfjöllun um líf Hans og flóðið í fyrstu Mósebók 6:10 og Kóraninum 11:71.

Nudbih

Bæn, „harmsöngur“ ímamsins ‘Alí.

Opinberandi

Sambandi manns og Guðs og eðli spámanns eða opinberanda Guðs er svo lýst í *Úrvali úr ritum Bahá'u'lláh* (nr. 27):

„Þar eð engin bein tengsl eru á milli hins eina sanna Guðs og sköpunar Hans og enginn samjöfnuður milli hins hverfula og hins eilífa, hins stundlega og hins algilda, hefur Hann fastráðið að á hverri öld og í sérhverju trúarkerfi skuli hrein og flekklaus sál opinberast í ríkjum himins og jarðar.... Þessir eðliskjarnar andlegrar lausnar, þessir geislandi veruleikar eru farvegir alltumlykjandi náðar Guðs. Leiddir ljósi óskeikullar leiðsagnar eru þeim falin æðstu yfirráð og boðið að nota innblástur orða sinna, úthellingu óbrigðullar miskunnar og helgandi andblæ opinberunar sinnar til að hreinsa sérhvert löngunarfullt hjarta og sérhvern móttækilegan anda af ryki og sora jarðneskra takmarkana og áhyggjuefna.“

Paradís

Himneskur garður, sælu- og blessunarreitir. Spámaðurinn eða opinberandinn er „næturgali paradísar“. Opinberun Hans er „þyturinn í laufum paradísar“, en paradís er „ást Guðs“.

Parán

Fjalllendi norður af Sínaí og heilagur staður opinberunar. Í Parán stofnsetti Ishmael Arabaþjóðina.

Qá'im

„Sá sem mun birtast“. Hinn fyrirheitni í íslam.

Qayyúmu'l-Asmá'

Skýringarrit um súru Jósefs (12. kafla Kóransins), fyrsta opinberunarrit Bábsins. Þar eru þjáningar Bahá'u'lláh vegna gerða vantrúaðs bróður síns sagðar fyrir. Fyrsti kafliinn var opinberaður í návist Mullá Húsayn þegar Bábinn kunngerði köllun sína aðfaranótt 23. maí 1844 í Shírás.

Qiblih

Miðdepill vegsömunar. Bænaráttin; staðurinn sem menn snúa sér til meðan þeir biðjast fyrir. Qiblih múslíma er Mekka (sjá Kóraninn 2:136-145).

Rabbí

„Meistari minn“, heiðurstitill skriflærðra gyðinga á tímum Krists, síðar notað sem kurteisísávarp.

Rak'ah

Sérstaklega opinberuð helgiorð og fylgja þeim tilteknar stellingar, knéfall og aðrar hreyfingar.

Rawḍiy-i-Káfí

Nafn á einu guðfræðiriti shía-múslíma.

Rayy

Rhages; Forn borg í grennd við Teheran.

Riḍván

Nafn þess sem stendur vörð um paradís. Einnig notað í merkingunni „Edenslundur“. Bahá'u'lláh notar orðið um paradís sjálfa.

Rúz-bih

Einnig nefndur Salmán. Persi sem snerist til kristinnar trúar og fór til Arabíu þegar honum var sagt að þar myndi spámaður koma fram. Hann hitti Múhameð við Koba þegar hinn síðarnefndi hélt frá Mekka til Medína og játaðist trú Hans.

Şádiq

Ja'far-i-Şádiq (699–765 e.Kr.), sjötti ímam shía-múslíma.

Sadratu'l-Muntahá

Nafn á tré sem Arabar gróðursettu við enda vegar sem kennileiti. Táknræn merking orðsins er spámaður eða opinberandi Guðs, „Hið guðlega lóustré“, „tréð þar sem vegurinn endar“ og sem stendur hægra megin við hásæti Guðs í hinum sjöunda himni. Í bahá'í helgiritum táknar tréð ætíð opinberanda eða birtingu Guðs.

Sadrih

„Kvistur“, „grein“.

Şáliḥ

Arabískur spámaður sem eins og Húd boðaði þjóð sinni (thamúdum) trú á einn Guð og var rekinn í útleið. Hans er getið í Kóraninum 7:71-77.

Salsabíl

„Lygn“. Nafn á brunni eða fljóti í paradís.

Sámirí

Í Kóraninum. Nafn þess sem fékk Ísraelsmenn til að dansa í kringum gullkálfinn.

Septi

Septar voru Ísraelsmenn.

Serafi

Sjá Jesaja 6:1. Himnesk vera sem ásamt kerúbum syngur Guði lof. Einn af æðstu englunum úr skaranum sem næstur er Guði.

Shaykh Aḥmad (Shaykh Aḥmad-i-Aḥsá'í)

Shaykh Aḥmad frá Aḥsá á suðurströnd Persaflóa (1753–1834 e.Kr.). Hinn fyrsti af tveimur trúarleiðtogum shía-múslíma sem boðaði opinberun Bábsins og Bahá'u'lláh.

Sheba

Héraðið Saba í Suðvestur-Arabíu. Táknræn merking orðsins er „heimili“, „samastaður“.

Shía

Önnur af tveimur aðaldeildum íslam. Shía-múslímar líta á 'Alí, tengdason Múhameðs sem lögmætan eftirmann spámansins. Shía-íslam eru ríki trúarbrögð í Íran.

Shíráz

Borg í Suður-Persíu, þar sem Bábinn kunngerði köllun sína 22. maí 1844.

Shoeb

Prestur. Móse giftist dóttur hans.

Şiráţ

„Vegur“, „stræti“; táknar í íslam veginn og brúna sem hinir trúuðu verða að ganga yfir á leið sinni til himins. Syndarinn getur ekki komist yfir hana. Táknar trú Guðs.

Siyyid Ĥusayn-i-Turshízí

Lögfróður maður, einn píslarvottanna sjö í Teheran.

Siyyid Kázim (Siyyid Kázim-i-Rashţí)

Annar af tveimur trúarleiddögum sem boðaði komu Bábsins og Bahá'u'lláh. Dó árið 1843 í Karbilá.

Siyyid Yahyá (Siyyid Yahyáy-i-Dárábí), nefndur Vahíd

Lærður maður sem að boði keisarans átti að ganga úr skugga um sannleiksgildi orða Bábsins. Gerðist fylgismaður Hans og leið píslarvætti í Nayríz þann 29. júní 1850, tíu dögum fyrir píslarvætti Bábsins. Hann var lærðasti og áhrifaríkasti fylgismaður Bábsins.

Sínai

Fjallið þar sem Guð gaf Móse borðorðin tíu.

Spámaður

Opinberandi og boðberi vilja Guðs fyrir mennina.

Steinn heimspekingsins

(Í gullgerðarlist); töfraþing sem gat breytt öðrum málmum í gull og læknað sjúkdóma.

Súfi

Dulspekingur í íslam; leitaðist við að sameinast Guði.

Súra

Röð (líkt og röð múrsteina í vegg); orðið er eingöngu notað um kafla Kóransins, 114 talsins.

Ṭaff

Karbilá-sléttan.

Tafla

Notað í bahá'í trúnni um heilagt rit sem inniheldur guðlega opinberun, samanber boðorðatöflu Móse. Táknar varanleika. Öll opinberuð rit Bahá'u'lláh eru nefndar töflur.

Thamúd

Arabískur ættbálkur frómra manna sem bjó í hellum.

‘Urvatu’l-Vuthqá

„Haldreipi“; táknar trú Guðs.

Vahháb

„Gjafari“, táknar Guð.

Yahyá

Nafn Jóhannesar skírara samkvæmt íslamskri hefð. Hann var afhöfðaður af Heródesi.

Yanbú'

Samantekt arfsagna shía-múslíma.

Yathrib

Fornt nafn á Medína, borg spámannsins.

Zaqqúm

Tré sem vex í helju og gefur af sér mjög beiska ávexti.

Zawrá'

Fjall í Persíu.

Ziyárat

Vitjunartafla, opinberuð af ímaminum 'Alí.

• • •

Skýringar og tilvísanir

Fyrri hluti

1. Kóraninn 36:30. ↵
2. Kóraninn 40:5. ↵
3. Kóraninn 11:38. ↵
4. Kóraninn 71:26. ↵
5. Kóraninn 29:2. ↵
6. Kóraninn 35:39. ↵
7. Kóraninn 11:61, 62. ↵
8. Abraham. ↵
9. Kóraninn 40:28. ↵
10. Kóraninn 11:21. ↵
11. Kóraninn 2:87. ↵
12. Kóraninn 3:70. ↵
13. Kóraninn 3:71. ↵
14. Kóraninn 3:99. ↵
15. Kóraninn 3:7. ↵
16. Kóraninn 76:9. ↵
17. Kóraninn 5:117. ↵
18. Kóraninn 14:24. ↵

19. Gríska orðið í frumtextanum (Thlipsis) hefur tvær merkingar: þrýstingur og þrenging. ↔
20. Matteus 24:29–31. ↔
21. Bahá'u'lláh vitnar til ritningargreinarinnar á arabísku og þýðir hana síðan á persnesku. ↔
22. Lúkas 21:33. ↔
23. Harmsöngur eignaður tólfta ímaminum. ↔
24. Kóraninn 55:5. ↔
25. Kóraninn 67:2. ↔
26. Kóraninn 76:5. ↔
27. Kóraninn 6:91. ↔
28. Kóraninn 41:30. ↔
29. Kóraninn 70:40. ↔
30. Kóraninn 82:1. ↔
31. Kóraninn 14:48. ↔
32. Kóraninn 39:67. ↔
33. Bænarátt – áttin sem horfa skal til í bæn. ↔
34. Mekka. ↔
35. Medína. ↔
36. Kóraninn 2:144. ↔
37. Það að falla fram í lotningu. ↔
38. Í Mekka. ↔
39. Kóraninn 2:149. ↔
40. Kóraninn 2:115. ↔
41. Kóraninn 2:143. ↔
42. Kóraninn 74:50. ↔
43. Kóraninn 28:20. ↔
44. Kóraninn 24:35. ↔
45. Kóraninn 26:19. ↔

46. Kóraninn 19:22. ↔
 47. Kóraninn 19:28. ↔
 48. Matteus 2:2. ↔
 49. Kóraninn 3:39. ↔
 50. Matteus 3:1–2. ↔
 51. Shaykh Aḥmad-i-Aḥsá'í og Siyyid Kázim-i-Rashtí. ↔
 52. Kóraninn 55:29. ↔
 53. Kóraninn 51:22. ↔
 54. Kóraninn 2:282. ↔
 55. Kóraninn 55:56. ↔
 56. Kóraninn 2:87. ↔
 57. Kóraninn 25:25. ↔
 58. Kóraninn 25:7. ↔
 59. Kóraninn 2:210. ↔
 60. Kóraninn 44:10. ↔
 61. Kóraninn 3:119. ↔
 62. Sjötti ímam shía-múslíma. ↔
 63. Kóraninn 25:7. ↔
 64. Kóraninn 4:45. ↔
 65. Kóraninn 2:75. ↔
 66. Kóraninn 2:79. ↔
 67. Kóraninn 24:35. ↔
 68. Kóraninn 9:33. ↔
 69. Kóraninn 29:51. ↔
 70. Kóraninn 2:176. ↔
- Seinni hluti
71. Kóraninn 6:103. ↔
 72. Kóraninn 3:28. ↔

73. Kóraninn 41:53. ↔
74. Kóraninn 51:21. ↔
75. Kóraninn 59:19. ↔
76. Kóraninn 2:253. ↔
77. Kóraninn 7:145. ↔
78. Kóraninn 6:35. ↔
79. Jesaja 65:25. ↔
80. Kóraninn 7:178. ↔
81. Kóraninn 11:7. ↔
82. Kóraninn 13:5. ↔
83. Kóraninn 50:15. ↔
84. Kóraninn 50:20. ↔
85. Kóraninn 17:51. ↔
86. Jóhannes 3:7. ↔
87. Jóhannes 3:5–6. ↔
88. Kóraninn 7:178. ↔
89. Lúkas 9:60. ↔
90. Titill frænda Múhameðs. ↔
91. Kóraninn 6:122. ↔
92. Kóraninn 37:173. ↔
93. Kóraninn 9:33. ↔
94. Kóraninn 11:18. ↔
95. Kóraninn 35:15. ↔
96. Sbr. Lúkas 5:18–26. ↔
97. Kóraninn 6:91. ↔
98. Kóraninn 15:72. ↔
99. Kóraninn 5:64. ↔
100. Kóraninn 48:10. ↔

101. Kóraninn 29:23. ↔
102. Kóraninn 2:46. ↔
103. Kóraninn 2:249. ↔
104. Kóraninn 18:111. ↔
105. Kóraninn 13:2. ↔
106. Kóraninn 17:44. ↔
107. Kóraninn 78:29. ↔
108. Kóraninn 57:3. ↔
109. Kóraninn 2:210. ↔
110. Kóraninn 28:5. ↔
111. Kóraninn 13:41. ↔
112. Kóraninn 3:183. ↔
113. Kóraninn 3:182. ↔
114. Kóraninn 2:89. ↔
115. Kóraninn 2:285. ↔
116. Kóraninn 54:50. ↔
117. Kóraninn 43:22. ↔
118. Bábinn. ↔
119. Kóraninn 2:19. ↔
120. Kóraninn 36:20. ↔
121. Ímaminn 'Alí. ↔
122. Kóraninn 2:85. ↔
123. Kóraninn 33:40. ↔
124. Kóraninn 6:103. ↔
125. Kóraninn 16:61. ↔
126. Kóraninn 21:23. ↔
127. Kóraninn 55:39. ↔
128. Kóraninn 55:41. ↔

129. Bagdað. ↔
130. Kóraninn 10:25. ↔
131. Kóraninn 6:127. ↔
132. Kóraninn 2:136. ↔
133. Kóraninn 2:253. ↔
134. Kóraninn 19:31. ↔
135. Kóraninn 18:110. ↔
136. Kóraninn 8:17. ↔
137. Kóraninn 48:10. ↔
138. Kóraninn 33:40. ↔
139. Kóraninn 2:189. ↔
140. Kóraninn 17:85. ↔
141. Ḥájí Mírzá Karím Khán. ↔
142. „Leiðsögn hinum fáfróðu.“ ↔
143. Uppstigning. ↔
144. Tré vítis. ↔
145. Syndari eða lastafullur. Kóraninn 44:43–44. ↔
146. Heiðvirður – Kóraninn 44:49. ↔
147. Kóraninn 6:59. ↔
148. Töframaður – samtímamaður Móse. ↔
149. Kóraninn 7:57. ↔
150. Kóraninn 16:43. ↔
151. Kóraninn 29:69. ↔
152. Kóraninn 29:69. ↔
153. Árið 1260 e.H. – árið sem Bábin kunngerði köllun sína. ↔
154. Kóraninn 2:1. ↔
155. Kóraninn 2:23. ↔
156. Kóraninn 45:5. ↔

157. Kóraninn 45:6. ↔
158. Kóraninn 45:8. ↔
159. Kóraninn 26:187. ↔
160. Kóraninn 8:32. ↔
161. Kóraninn 45:24. ↔
162. Kóraninn 29:23. ↔
163. Kóraninn 37:36. ↔
164. Kóraninn 40:34. ↔
165. Kóraninn 3:7. ↔
166. Kóraninn 45:22. ↔
167. Kóraninn 38:67. ↔
168. Kóraninn 34:43. ↔
169. Kóraninn 5:62. ↔
170. Kóraninn 6:7. ↔
171. Kóraninn 2:148. ↔
172. Kóraninn 11:27. ↔
173. Ímaminn Ḥusayn. ↔
174. Kóraninn 26:227. ↔
175. Kóraninn 2:94, 62:6. ↔
176. Kóraninn 34:13. ↔
177. Kóraninn 59:2. ↔
178. Hann sem er ákallaður. ↔
179. Kóraninn 11:113. ↔
180. Kóraninn 54:6. ↔
181. Vitjunartafla, opinberuð af 'Alí. ↔
182. Kóraninn 25:44. ↔
183. Forn borg nálægt Teheran. ↔
184. Kóraninn 43:36. ↔

185. Kóraninn 20:124. ↔

186. Bókstafirnir B og H sem þýða Bahá. ↔